

ANÍKA RÓS PÁLSDÓTTIR

*Pægilegur og líflegur
hversdagsfatnaður*

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FELIX BERGSSON

*Poppunktur
yfir á RÚV*

Skorað á Sigur Rós

FÓLK 38



www.lyfja.is

Opið 07 til 01
Lyfja Lágmúla

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

16. apríl 2009 – 90. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Arna Schram hættir

Kristinn Hrafnsson býður sig fram til formanns BÍ.

FÓLK 38



Blús með pabba

Orrí Páll Dýrason spilaði með pabba sínum fyrir vestan.

FÓLK 30



Vald eigandans

„Ýmsir blaðamenn taka nú beina afstöðu í skrifum sínum ekki síður en ritstjórnir,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 18


Enskt lið í úrslitaleiknum

Manchester United og Arsenal mætast í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta.

ÍPRÓTTIR 34



VEÐRIÐ Í DAG



BLÍÐVIÐRI Í dag verður hægt breytilegt átt. Hálfskýjað eða létt-skýjað og hætt við þokulofti með ströndum syðra og vestra. Hiti víðast 5-10 stig.

VEÐUR 4

Réttlát fiskveiðistjórn



VIÐ KROSSINN Nú er rétt ár síðan vinnupallar tóku að skríða upp eftir veggjum Hallgrímskirkju vegna umfangsmikilla viðgerða. Starfsmenn Ístaks unnu í gær að viðgerðum á krossi kirkjunnar sem er höfuðjásn kirkjunnar í rúmlega sjötíu metra hæð. Viðgerð á kirkjunni á að ljúka á haustmánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greint yrði á milli eldri og nýrri fjárfesta

Hægt væri að laða fjárfesta til Íslands með því að láta gjaldeyrishöft aðeins bíta á eldri fjárfestingar, segir formaður sendinefndar AGS. Viðskiptaráðherra list ekki nema hóflega vel á hugmyndina.

VIÐSKIPTI Hægt væri að gera greinarmun á eldri fjárfestingum og nýrri þegar kemur að gjaldeyrishöftum, til að fæla ekki fjárfesta frá landinu. Þetta er mat Marks Flanagan, formanns sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) gagnvart Íslandi.

Flanagan nefndi þennan möguleika á ráðstefnu Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins í New York í síðustu viku. Hann sagði þó ekkert um hvort slíkt stæði til hér á landi eða hefði verið rætt formlega.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir AGS hafa viðrað leiðina áður, en hún sé þó enn á hugmyndastigi. „Sjálfum list mér nú ekki nema í mesta lagi hóflega vel á þetta af ýmsum ástæðum,“ segir Gylfi. Hugmyndin yrði erfið í framkvæmd. „Það yrði til dæmis sennilega illmögulegt að fylgjast með því hvaða fé teldist nýtt og hvað gamalt. Síðan hlytu að vakna mjög háværar spurningar um jafnræði á milli fjárfesta.“

Þó sé ekkert því til fyrirstöðu að skoða leiðina betur „ef þeir geta bent á einhver fordæmi sem vekja trú manna á þessari leið og einhverjar útfærslur sem gætu gengið,“ segir Gylfi.

Gjaldeyrishöftin voru sett fyrst og fremst til að koma í veg fyrir að eigendur jöklabréfa seldu bréfin og gjaldeyrir flæddi þannig í stórum stíl úr landi með tilheyrandi veikingu krónunnar. Höftin hafa hins vegar verið gagnrýnd fyrir það að þau fæli erlenda fjárfesta frá landinu, enda sjái fáir útlendingar sér hag í því að fjár-

„Síðan hlytu að vakna mjög háværar spurningar um jafnræði á milli fjárfesta.“

GYLFI MAGNÚSSON
VIÐSKIPTARÁÐHERRA

festu í íslensku atvinnulífi ef allur hagnaður sé bundinn í íslenskum krónum.

Leiðin sem Flanagan nefndi fæli í sér að höftin yrðu aðeins bundin við eldri fjárfestingar (e. legacy investments) og þar með jöklabréfin, en nýjar fjárfestingar yrðu undanskildar þeim.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segist ekki þekkja þessa hugmynd en hún sé þó skoðunar virði. „Ef þessi höft verða í gildi lengur en menn vonuðu væri hugsanlega með þessu hægt að róa menn ef einhverjir eru að banka upp á með fjárfestingar í huga,“ segir hann. „En auðvitað er markmiðið að geta fljótlega farið að losa um höftin.“

Jákvæðni og bjartsýni einkenndi erindi Flanagan í New York. Hann sagði horfurnar góðar og að hvergi í stórum sínum fyrir AGS hefði hann mætt viðlíka fagmennsku hjá stjórnvöldum eins og á Íslandi. Nú þyrfti að koma á stöðugleika og lækka stýrivexti og í framhaldinu mætti vænta þess að hratt drægi úr verðbólgu. Enn ætti þó eftir að marka peningastefnu, sem væri eitt af mest áriðandi verkefnum á Íslandi.

- sh / sjá Markaðinn

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um hver á að vera næsti forsætisráðherra:

Meirihluti vill Jóhönnu áfram

SKOÐANAKÖNNUN 52,6 prósent segjast vilja að Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, verði áfram forsætisráðherra eftir kosningar. 25,8 prósent styðja Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins, og 11,5 prósent segjast vilja að Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, verði næsti forsætisráðherra.

Formenn stjórnvaldaflokka hafa mestan stuðning meðal sinna kjósenda, en athygli vekur að 48 prósent kjósenda Vinstri grænna vilja að Jóhanna

Sigurðardóttir haldi áfram sem forsætisráðherra, en 46,1 prósent þeirra vilja að Steingrímur taki við sem forsætisráðherra eftir kosningar.

Af þeim sem ekki gefa upp stuðning við stjórnvaldaflokk segjast 63,9 prósent vilja að Jóhanna haldi áfram, 9,6 prósent styðja Steingrím, 7,2 prósent vilja að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, verði forsætisráðherra og 6,0 prósent vilja að Bjarni Benediktsson verði næsti forsætisráðherra.

- ss / sjá síðu 4



www.sbarro.is • sími 517 7750



litill pastaréttur og brauðstöng

490 kr.

Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46




Opið til 19
á fimmtudögum í sumar.

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

Greiðslujöfnun erlendra íbúðalána

Landsbankinn býður upp á fjölmargar lausnir fyrir heimilið. Ein þeirra er greiðslujöfnun lána í erlendri mynt með veði í íbúðarhúsnæði. Ef þú vilt draga úr sveiflum og jafna greiðslubyrði láns kann greiðslujöfnun að henta þér.

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000



410 4000 | landsbankinn.is

VEÐIR (Landsbankinn) hf. 471015-2001
EINEMM / SJÁ / NÚMÉR 15

KYNNTU ÞÉR LAUSNIR LANDSBANKANS:



GREIÐSLUJÖFNUN
VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA



GREIÐSLUJÖFNUN
ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA



FRESTUN GREIÐSLU
AFBORGANA OG VAXTA



FRESTUN VEGNA
SÖLUTREGÐU



SKULDBREYTING
LÁNA



FRESTUN AFBORGANA
ÍBÚÐALÁNA Í ERLENDRI MYNT



SKULDBREYTING
SKAMMTÍMALÁNA



ÓVERÐTRYGGÐ
ÍBÚÐALÁN

HEIÐARLEG STJÓRN MÁL

VIÐ SEGJUM *FYRIR* KOSNINGAR ÞAÐ SEM VIÐ VILJUM GERA *EFTIR* KOSNINGAR

Réttlátt skattkerfi -vegur til framtíðar

Til að mæta þeim halla á ríkissjóði sem núverandi ríkisstjórn fékk í arf frá fyrri ríkisstjórn, en án þess að ráðast í stórfelldan niðurskurð í velferðarkerfinu, er óhjákvæmilegt að auk ítrasta aðhalds og sparnaðar afli ríkið aukinna tekna í gegnum skattkerfið. Þetta köllum við **blandaða leið** til að takast á við vandann. Hugmyndir hafa verið uppi um flatar skattahækkanir sem bitna jafnt á lágtekju- og millitekjufólki sem og á hátekjufólki. **Vinstri græn** vilja aftur á móti hlífa lágtekju- og millitekjufólki við auknum skattbyrðum en afla aukinna tekna með skattkerfi sem dreifir byrðunum með réttlátari hætti.

Tillögur okkar í skattamálum eru eftirfarandi:

1. **Prepaskipt álag á hæstu laun** (hátekjuskattur). Okkar tillögur ganga út á að þau 4% þjóðarinnar sem hafi á bilinu 500-700 þúsund í mánaðarlaun greiði 3% álag á laun þar fyrir ofan (mest 6.000 kr.) en þau 3,5% þjóðarinnar sem hafi yfir 700 þúsund greiði 8% álag á tekjur þar fyrir ofan. 92,5% skattgreiðenda yrði hins vegar hlíft við slíku álagi.
2. **Breyttur fjármagnstekjuskattur** til að hlífa almennum sparnaði en færa skattbyrðina yfir á hærri fjármagnstekjur. Okkar tillögur ganga út á að fjármagnstekjur undir 120.000 kr. á ári verði skattfrjálsar en þar fyrir ofan verði hlutfallið 14% í stað 10% nú, sem er þó mun lægra en í nágrennaríkjum okkar. Gera má ráð fyrir að með þessu móti muni rúm 90% einstaklinga og ríflega 70% hjóna hætta að greiða fjármagnstekjuskatt, en skattbyrðin færðist að langmestu leyti yfir á mjög háar fjármagnstekjur.
3. **Reiknað endurgjald**. Við höfum lagt til að þeim sem hafa umtalsverðar fjármagnstekjur en telja engar launatekjur fram verði gert að reikna sér endurgjald svo að þeir greiði t.d. útsvar til sveitarfélaga og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, líkt og aðrir skattgreiðendur.
4. **Engin áform um eignaskatt** þótt skoða verði hvort einhver tegund samræmdrar skattlagningar á mjög tekjuhátt stóreignafólk komi til greina.
5. **Aðgerðir gegn skattsvikum**. Okkar tillögur miða að því að koma í veg fyrir undanskot í skattaskjól og bæta aðgang skattyfirvalda að upplýsingum, m.a. með því að setja lagaákvæði um að bankaleynd gildi ekki gagnvart skattyfirvöldum og opinberum saksóknurum. Við viljum einnig herða viðurlög og auka eftirlit með skattsvikum.



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is

KJÖRKASSINN



Er rétt að reka hústökufólk úr yfirgefnu húsi á Vatnsstíg?

Já 75,7%
Nei 24,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ert þú sátt(ur) við að hætt hefur verið við stjórnlagabing?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Einn af hælisleitendum sem átti að senda til Grikklands er farinn heim:

Farinn heim til Albaníu

SAMFÉLAGSMÁL Einn hælisleitendanna fimm, sem hætt var við að vísa úr landi í síðasta mánuði, var í gær sendur að eigin ósk til heimalandsins, Albaníu.

Útlendingastofnun komst að þeirri niðurstöðu í mars að mál fimm menninganna bæri að taka til meðferðar í Grikklandi samkvæmt Schengen samningnum. Þeim var því vísað þangað og kærðu fjórir þeirra þá ákvörðun. Þá greip Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, í taumana og lét fresta brottvísun þeirra á grundvelli svokallaðrar Dyflinnar-reglugerðar. Lögfræðingur þeirra hefur fengið frest til 28. apríl til að kom fram

með kröfur þeirra. Albanski hælisleitandinn kærði hins vegar ekki úrskurð Útlendingastofnunar. Hann dró umsókn sína um málsmeðferð hér á landi til baka og óskaði eftir því að fá að fara til Albaníu og varð honum að þeirri ósk í gær. Hann hafði sagt í samtali við Fréttablaðið að hann óttaðist að láta taka mál sitt fyrir í Grikklandi.

Írakinn Noordin Alazawi, einn hælisleitendanna, segist óttast um líf sitt verði hann sendur úr landi. Hann eigi óvildarmenn þar sem hann hafi unnið fyrir Bandaríkjamenn í Írak og geti þeir auðveldlega náð til hans verði hann sendur til Grikklands.



RAGNA ÁRNADÓTTIR DÓMSMÁLARÁÐHERRA Ráðherra biður nú eftir kröfum frá lögfræðingi hælisleitendanna sem vísa átti til Grikklands. Einn þeirra, sem var stöðvaður áður en til Grikklands farar kom, er farinn til Albaníu.

Lögreglumaður rekin: Beitti kylfu á mótmælenda

BRETLAND, AP Breskum lögreglumanni hefur verið víkið úr starfi fyrir að hafa beitt kylfu sinni á konu sem tók þátt í mótmælum gegn leiðtogafundi G-20 ríkja-hópsins í London í byrjun apríl.

Myndband af atburðinum var birt á Youtube. Á myndbands-upptökunni sést hvar lögreglumaðurinn slær til konunnar með annarri hendi og síðan verður ekki betur séð en hann slái með kylfu á fætur hennar.

Fréttaljósmyndarar sem fylgdu með fundinum og mótmælunum náðu einnig ljósmyndum af því sem gerðist.

- gb

GLÆNÝ STÓRLÚÐA

SMÁLÚÐA, LAXAFLÖK OG FULLT AF ÖÐRU GÓMSÆTU

SELJUM EINNIG FISK Í MÖTUNEYTI

ATH ERUM ALDREI FISKLAUSIR

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



UNGAR KONUR MÓTMÆLA Þær fóru út á götur Kabúlborgar til að mótmæla afturhaldssömum hjúskaparlögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Konur mótmæla íhaldssamri löggjöf

Ný hjúskaparlög í Afganistan eru sögð heimila körlum að nauðga eiginkonum sínum. Hundruð ungra kvenna mótmæltu lögunum í Kabúl í gær. Mun stærri hópur karla gerði hróp að konunum. Stjórnvöld segja lögin verða endurskoðuð.

AFGANISTAN, AP Um þrjú hundruð konur efndu í gær til mótmæla í Kabúl, höfuðborg Afganistans, gegn nýjum hjúskaparlögum sem þykja helst minna á tíma talibana-stjórnarinnar.

Um þúsund manns mættu einnig á staðinn til að lýsa andúð sinni á mótmælum kvennanna. Kastað var grjóti í kvennahópinn, en lögreglan gekk á milli og reyndi að skilja hópana að.

Samkvæmt lögunum, sem sett voru í síðasta mánuði, er eiginmanni heimilt að krefjast kynlífs með konu sinni á fjögurra daga fresti, nema hún sé veik eða samfarir þeirra gætu skaðað hana. Þetta ákvæði segja gagnrýnendur

í reynd vera lögleiðingu á nauðgunum í hjónabandi.

Í lögunum er einnig kveðið á um það hvenær og af hvaða ástæðum konu er heimilt að fara einsömum að heiman.

Lögunum er einungis ætlað að ná til sjá-múslima, sem eru tíu til tuttugu prósent af íbúum Afganistans. Þau hafa engu að síður vakið hörð viðbrögð víða í landinu.

Mannréttindasamtök og stjórnvöld víða um heim hafa einnig fordæmt þessi lög, og Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur sagt þau viðurstygð.

Ríkisstjórn Afganistans hefur síðan sagt að dómsmálaráðuneytið sé með lögin til endurskoðunar

og þau muni ekki koma til framkvæmda í núverandi mynd.

Stuðningsmenn laganna úr röðum sjá segja hins vegar að útlendingar eigi ekkert með að skipta sér af innanríkismálum Afganistans.

Mótmælin í gær sýndu greinilega að þessi mál vekja heitar tilfinningar meðal íbúa landsins.

„Þú ert hundur! Þú ert ekki sjá-kona,“ hrópaði karl einn að konu með höfuðklút. Hún hélt á skilti þar sem á stóð: „Við viljum ekki talibanalög.“

Konur hrópaði ekki til baka, heldur sagði við manninn: „Þetta er mitt land og mitt fólk.“

gudsteinn@frettabladid.is

Dmitrí Medvedev í viðtali við Novaja Gazeta:

Rússar treysta ekki lýðræðinu

RÚSSLAND, AP Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, segir að margir Rússar séu tortryggir í garð lýðræðis. Það stafi af því að þeir tengja lýðræði við umbrotatímuna í kjölfar hruns Sovétríkjanna, þegar flestar stofnanir samfélagsins hrundu, þar á meðal efnahagslífið.

„Þetta var mjög erfitt tímabil fyrir þá. Þetta breytti skilningi þeirra á þessu hugtaki,“ sagði Medvedev í viðtali við dagblaðið Novaja Gazeta, sem birtist í gær.

Medvedev sagðist engu að síður sjálfur vera eindreginn stuðningsmaður lýðræðis, en gaf í skyn að



FORSETINN OG BLAÐAMAÐURINN Dmitrí Medvedev spjallar við Dmitrí Muratov, aðalritstjóra dagblaðsins Novaja Gazeta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þróunin í átt til sterkara lýðræðis í Rússlandi verði hægt.

Athygli vakti að Medvedev

skyldi velja Novaja Gazeta sem vettvang fyrsta viðtals síns í dagblaði síðan hann tók við forsetaembætti af Vladímír Pútín.

Þetta dagblað hefur verið ófemil við að gagnrýna rússnesk stjórnvöld fyrir mannréttindabrot, takmarkanir á tjáningarfrelsi og skort á lýðræði. Fjórir blaðamenn þess hafa verið myrtir eða látið lífið við grunsamlegar kringumstæður, þar á meðal Anna Politkovskaja, sem var myrt haustið 2006 fyrir utan blokkaríbúð sína í Moskvu, og nú síðast Anastasia Barburova, sem var skotin til bana úti á götu í Moskvu í janúar síðastliðnum. - gb



LUX vegggljós eru hönnuð af Lumex og framleidd á Íslandi

NÚ ER 30% AFSLÁTTUR AF LUX VEGGLJÓSUM Í APRÍL

Opið virka daga frá 9 - 18.

Lumex
Skiptiholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

RUGBY JEANS CO.

TRUE

Íslensk
hönnun

NÝTT
KORTA
TÍMABIL



Bolur 2.499.-



Bolur 2.499.-



Bolur 3.499.-



Kjöll 4.999.-



Bolur 3.999.-



Kjöll 5.999.-



Kjöll 5.999.-



Bolur 3.999.-



Bolur 3.499.-



Síður bolur 3.499.-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

24 OPIÐ
Hagkaup ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Síður bolur
1.999kr



1. Við stendur hvaða Afríkúríkis eru sjórán orðin mikið vandamál?
2. Hvað létust margir áhangendur Liverpool í Hillsborough-slysinu árið 1989?
3. Í hvaða sæti varð Háskólinn í Reykjavík í Willem C. Vis-málflutningskeppninni í ár?

SVÖR Á SÍÐU 38

Heilbrigðisráðuneytið veitir tólf styrki til heilbrigðisþjónustunnar:

Öryggi sjúklinga verði rannsakað

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðuneytið afhenti Landlæknisembættinu nýverið veglegan gæðastyrk.

Ráðuneytið veitti að þessu sinni tólf styrki á bilinu 150 til 400 þúsund krónur til að stuðla að umbótastarfi í heilbrigðisþjónustunni. Er þetta í átunda sinn sem ráðuneytið veitir slíka gæðastyrki og hafa umsóknir aldrei verið fleiri, eða sextíu og sex.

Styrkirnir eru veittir í samræmi við stefnumörkun heilbrigðisyfirvalda í gæðamálum til ársins 2010. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að umbótastarfi, nýbreytni og auknum gæðum í heilbrigðisþjónustunni. Þeir eru þó fyrst og fremst hvatningar- og viðurkenningarstyrkir.

Landlæknisembættið hlaut 400 þúsund króna styrk til þess að hrinda af stað rannsókninni Öryggi sjúklinga – tíðni óvæntra skaða á íslenskum sjúkrahúsum. Stuðst verður við rannsóknaráætlanir samþærligra rannsókna erlendis, að því er segir á



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ Fékk 400 þúsunda króna styrk til að hrinda af stað rannsókn á öryggi sjúklinga.

heimasíðu embættisins. Rannsóknin getur gefið innsýn í helstu orsakabætti, tilurð og faraldsfræði óvæntra skaða, sem er skilyrði þess að unnt sé að efla umbótavinnu við að draga úr þeim.

HBGrandi:

Kolmunnaveiðar ganga að óskum

SIÁVARÚTVEGUR Kolmunnaveiðar skipa HB Grandu gengu vel um páskana að sögn Vilhjálms Vilhjálmssonar, deildarstjóra uppsjávarsviðs félagsins. Skipin eru að veiðum syðst í færeysku lög-sögunni og nemur heildarafli þeirra á árinu 18.400 tonnum. Þar með á aðeins eftir að veiða um 5.800 tonn af kolmunnakvóta félagsins.

Faxi RE kom með fullfermi af kolmunna til Vopnafjarðar á páskadag og er skipið nú að koma á miðin að nýju. Ingunn AK kom í gærmorgun til Vopnafjarðar með fullfermi og von er á Lundey NS með fullfermi þangað í dag.

Baráttan gegn sjóránum: Ellefu sjóræningjar teknir

SÓMALÍA Áhöfn fransks herskips tókst í gær að handtaka ellefu vopnaða sjóræningja frá Sómalíu undan strönd Kenía. Handtakan átti sér stað fáeinum stundum eftir að sjóræningjar gerðu misheppnaða árás á bandarískt flutningaskip á sömu slóðum.

Fréttirnar af handtöku sjóræningjanna bárust um sama leyti og sérlegur erindreki SP í málefnum Sómalíu, Ahmedou Ould-Abdallah, lét hafa eftir sér að sjóránin ógnuðu alþjóðafriði. Hann sagði að finna yrði þá sem gerðu sjóræningjana út og draga þá til ábyrgðar.

Franska herskipið Nivose er hluti af flota sem Evrópusambandið sendi á vettvang til sjóránsvarna við Sómalíu.

- aa

Boðið verður upp á sambland af námskeiðum og sjálfsnámi við HÍ í sumar:

Um 130 sumarnámskeið kennd við HÍ

MENNTAMÁL „Núna erum við að skilgreina hvaða námskeið og próf við getum boðið upp á í sumar. Við munum gera okkar besta til að þau námskeið og próf höfði til sem flestra,“ segir Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands (HÍ). Áætlun skólayfirvalda HÍ, sem lögð verður fyrir menntamálaráðherra í dag, gerir ráð fyrir að um þrjátíu námskeið verði kennd í sumar og að auki verði boðið upp á um hundrað námskeið í sjálfsnámi, þar sem námsgögn verði aðgengileg á vefnum. Alls verði því prófað úr um 130 námskeiðum í sumar.

Menntamálaráðherra tilkynnti í gær að eigið fé Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefði verið aukið um 650 milljónir vegna fjölda umsókna um sumarlán. Einnig að háskólar landsins fengju samanlagt milli 50 og 100 milljóna króna fjárveit-

ingu til að standa straum að kostnaði við sumarnámskeið.

Að sögn Kristínar er kostnaðurinn við sumarönnina 50 til 60 milljónir. Hún segist fagna ákvörðun ríkisstjórnarinnar. „Við eigum eftir að fá nákvæmar tölur um stuðning frá ráðuneytinu en þetta lítur vel út. Lokaniðurstaða í þessu máli ætti að nást öðru hvoru megin við helgina.“

Kristín segir að þrátt fyrir skamman fyrirvara komi ekki til greina að slá af akademískum kröfum í sumarnáminu. „Með því værum við að grafa undan okkur sjálfum og því sem við leggjum til samfélagsins. Það er algjört lykilatriði að hvergi sé slegið af í sambandi við gæði,“ segir Kristín.

Ekki er gert ráð fyrir að fjöldi nemenda í hvert námskeið verði takmarkaður.

- kg



NÁMSMENN Rektor Háskóla Íslands segir kostnaðinn við sumarnir á bilinu 50 til 60 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ToysRus®

HEIMUR LEIKJA

211222-23
HLAUPAHJÓL

Með ljósi. Í áli með 120 mm PU stýrihjól og ABEC 5 kúlulegum. Hægt er að stilla hæðina á stýrinu. Búðargæta: mest 50 kg. Þarf 4 C-raflöður. Verð 9.999

1/2 VIRÐI

4.999

SPARIÐ 5.000

089450
BABY BORN DÚKKA OG HESTUR
Með aukabúnaði. 43 sm.
Þarf 2 C-raflöður. Verð 14.999

1/2 VIRÐI

7.499

SPARIÐ 7.500

OPNUNARTÍMAR AKUREYRI

OPNUNARTÍMAR GRAFARVOGUR KÓPAVOGUR

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA 10 - 18.30
LAUGARDAGA 10 - 17
SUNNUDAGA 13 - 17

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA 11 - 19
LAUGARDAGA 10 - 18
SUNNUDAGA 12 - 18

Tilboðin gilda til og með 22.04.2009. Í verðunum er innifallinn virðisaukaskattur. Það er tekinn fyrirvari á prentvillum og uppseldum vörum.

Kópavogur Smáratorg 3 sími 550 0800 • Grafarvogur Blikastaðarvegur 2-8 sími 585 0600 • Akureyri Glerártorg sími 461 4500

\$tμndum €®
nú €®σιπ @ð
\$kι£√@ p€\$\$i
f√å®m@l!



DYNAMO REYKJAVIK

KYNNTU ÞÉR FJÁRMÁLALAUSNIR BYRS

Fjármálanámskeið á mannamáli • Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald
Fjármálapróf • Heilsupróf og ráðgjöf • Lenging lána • Greiðslujöfnun húsnæðis-
lána • Fyrirframgreiðsla Lífsvals • Frysting erlendra lána • Fjármálahugtök

Fjármálanámskeið á mannamáli!

Hvað hefur helst áhrif á fjármálin þín og hvernig getur þú varist fjárhagslegum áföllum?

Fjármálanámskeið, þar sem fjallað er á aðgengilegan hátt um mikilvægustu hliðar fjármálanna. Eitt af fyrstu skrefunum í fjárhagslegri heilsu er að auka almenna fjármálaþekkingu. Námskeiðið er haldið í samstarfi við *Stofnun Háskólans í Reykjavík um fjármálalæsi*. Það fer fram bæði í Reykjavík og á Akureyri og tekur 3 klst. Skráningargjald er 900 kr.

Skráðu þig á námskeið sem kennir þér á fjármálin – á mannamáli.

Skráning og allar nánari upplýsingar á www.byr.is eða í síma 575 4000.



UNDIR MERKJUM LÓTUSBLÓMS Lal Krishna Advani, forsætisráðherraefni indverska stjórnarandstöðflokksins Bharatiya Janata, heilsar hér stuðningsfólki er hann skráði framboð sitt í komandi þingkosningum í fjölmennasta lýðræðisríki heims. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmenn borgarinnar:

Hreinsun veggjakrots kostar sitt

BORGARMÁL Starfsmenn Reykjavíkurborgar voru í óða önn að hreinsa veggjakrot í undirgöngunum á mótum Miklubrautar og Lönguhlíðar í gærðag. Samkvæmt upplýsingum frá verkefnastjóra hjá framkvæmda- og eignasviði borgarinnar var um að ræða reglubundna hreinsun á mannvirkjum og eignum borgarinnar, en ekki er sérstakt átak í gangi þessa dagana.

Hreinsun á veggjakroti kostaði borgina alls 130 milljónir króna á síðasta ári. Þar af fóru fimmtíu milljónir króna í sérstakt átak vegna hreinsana í miðborginni sem var sett af stað í apríl.

- kg

Segja stefnu Vinstri grænna leiða þjóðina í vítahring

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins segja þingmenn Vinstri grænna vilja lækka laun og hækka skatta. Það sé aðför að heimilunum og leiði þjóðina í vítahring. Vinstri grænir segjast ekki vilja fódra „ofurlaunalið“ heldur jafna kjör til að verja láglaukastörf og koma ætti í veg fyrir skattaundanskot.

STJÓRNMÁL „Þeir ætla að lækka laun fólksins í landinu og hækka skattana á fólkið í landinu,“ sagði Sigurður Kári Kristjánsson úr Sjálfstæðisflokki á Alþingi í gær um stefnu Vinstri grænna.

Tilfni athugasemdar Sigurðar Kára var ummæli Katrínar Jakobsdóttur, menntamálaráðherra úr VG, á borgarafundi í fyrirkvöld. Sagði Sigurður að þar hefði komið í ljós sú stefna VG að lækka laun opinberra starfsmanna og hækka skatta.

Álfheiður Ingadóttir, alþingismaður VG, svaraði því til að fara þyrfti blandaða leið til að stoppa upp í „hallann sem Sjálfstæðisflokkurinn skilur eftir handa þessari þjóð“. Nánar útskýrði Álfheiður að meðal annars væri ætlunin að lækka laun þeirra sem hæst hafi launin í heilbrigðiskerfinu til að verja kvennastörfin sem væru lágst launuð.

Flokksbróðir Álfheiðar, Árni Þór Sigurðsson, sagði VG vilja réttlæti og jafnrétti í skattamálum. Koma ætti í veg fyrir skattaundanskot. Til væru þeir sem enn hefðu miklar fjármagnstekjur og að þeir þyrftu að leggja meira af mörkum.

Jón Bjarnason úr VG spurði hvað Sjálfstæðisflokkurinn hefði þurft að borga fyrir að þiggja fjármagn frá Landsbankanum og FL Group. Flokkurinn hefði fellt niður skatta á hátekjufólk og hækkað



ALÞINGI Fundur á Alþingi í gær hófst með umræðum utan dagskrár um stefnu Vinstri grænna í skatta- og launamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



JÓN BJARNASON



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON



ÁRNI MATHIESEN



HELGI HJÖRVAR

skatta á lágtekjufólk. „Við viljum ekki fódra ofurlaunalið Sjálfstæðisflokksins,“ sagði Jón.

Helgi Hjörvar úr Samfylkingunni spurði hvort Sigurður Kári væri ekki sá sami og staðið hefði að hækkuð tekjuskatts um áramótin og flötum niðurskurði í heilbrigðiskerfinu. „Er ekki háttvirtum þingmanni ljóst að frjálsbyggjan hefur hrunið og að það þarf að greiða reikninginn?“ spurði Helgi.

Sigurður Kári Kristjánsson sagði umræðuna staðfesta að vinstri menn ætluðu að lækka laun opinberra starfsmanna og hækka skatta á heimilin. Sjálfstæðisflokkurinn væri ekki að tala um að fódra eitthvert ofurlaunalið. Heimilunum væri ekki hjálpað með því að taka stærri hluta af launum þeirra inn í ríkissjóð. „Við ætlum ekki að standa að aðför að heimilunum í landinu með því að hækka skatta á heimilin,“ sagði Sigurður.

Árni Mathiesen, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og fyrrverandi fjármálaráðherra, kvaðst fagna hreinskilni Vinstri grænna um stefnu flokksins en varaði við að hún myndi leiða þjóðina í vítahring skattahækkana og launalækkana. „Lausnin felst ekki í því að lækka laun og skattleggja. Lausnin felst í því að auka verðmætasköpunina,“ sagði Árni Mathiesen.

gar@frettabladid.is

JÓNSSON & LEWACKS • JULIS • SÍA

Mán til mið 10-18.30, fim og fös 10-19, lau 10-18, sun 13-17 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Aftaka í Afganistan:

Líflátin fyrir að ætla að strjúka

AFGANISTAN, AP Nitján ára kona og 21 árs maður voru tekin af lífi í suðurhluta Afganistans á þriðjudag. Dauðasökkin var sú að þau höfðu ætlað sér að strjúka saman.

Það voru talibanar sem stóðu að aftökunni án nokkurrar heimildar í landslögum. Aftakan var framin með þeim hætti að parið var skotið með rifflum fyrir framman mannjöldu og fór hún fram í Khash Rod í héraðinu Nimroz, þar sem herskáir talibanar hafa mikil ítök. Talibanahreyfingin fór með völd í flestum héruðum Afganistans á árunum 1996-2001.

- gb

Kjarnorkumál Írana:

Forsetinn boðar sáttatillögur

ÍRAN Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sagðist í gær hafa samið nýjar tillögur að lausn á deilunni við Vesturlönd um kjarnorkumál landsins.



MAHMOUD AHMADINEJAD

Ahmadinejad sagði, í ávarpi sem hann flutti í Kerman í Suður-Íran og sjónvarpað var beint, að tillögurnar myndu „tryggja frið og réttlæti“ í heiminum. Þær yrðu lagðar fyrir fulltrúa Vesturveldanna fljótlega.

Íranar halda því fram að kjarnorkuáætlun þeirra miði einvörðungu að friðsamlegri nýtingu kjarnorku til raforkuframleiðslu, en marga utan Írans grunar að raunverulegt markmið hennar sé kjarnorkuvígvæðing.

- aa



TROMMUSETT NR. 2 Útiskúlpúturinn í Leirutjörn má líta á sem nokkurs konar minnisvarða. Ónyttjahlutur sem dregi dóm af glysgyrni og hlutadýrkun, segir í lýsingu sýningarinnar.

MYND/BALDVIN

Listaverkafjófar á Akureyri sáu að sér:

Stálu skúlpútur og skiluðu aftur óséðir

LÖGREGLUMÁL Listaverkinu Trommuset nr. 2 eftir listamanninn Baldvin Ringsted var skilað eftir að Fréttablaðið greindi frá þjófnaðinum í forsíðufrétt á þriðjudag. Þjófarnir stálu verkinu aðfaranótt páskadags og skiluðu aftur óséðir. Það telst til nokkurrá ólíkinda þar sem um ræðir trommuset sem fest var saman og fyllt af grjóti. Eins að það hafði verið sett upp á hólmanum á Leirutjörn.

Verkið hafði verið sett upp í hólmanum sem hluti sýningar á vegum Gallerís Víðstta og átti að opna annan dag páska. Var því stolið úr hólmanum stuttu eftir

uppsetningu. Þurfti að fresta opnun sýningarinnar vegna stuldsins.

Baldvin segir að verkið vegi yfir hundrað kíló, og útilokað annað en að þjófarnir hafi komið því undan á pallbíl með ærinni fyrirhöfn. Eftir umfjöllun fjölmiðla skiluðu þjófarnir verkinu á tjarnarbakkann. „Það verður að teljast nokkuð afrek að hafa getað komist óséðir frá þessum miklu tilfæringum í bæði skipti“, segir Baldvin. Nú þegar verkið hefur verið sett upp aftur vonar listamaðurinn að það fái að vera í friði á meðan á sýningin stendur fram í byrjun maí.

- shá

Þú vilt góða yfirsýn. Þess vegna er **Vöxtur** fyrir þig.

Vöxtur er Vildarþjónusta Kaupþings



Kynntu þér málið á www.kaupthing.is

KAUPÞING

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Kringlan

Opið til 19

Garðveislur, tónar og fallegir kjólar, sandalar, sundföt og gleraugu sólar.

NÝTT KORTATÍMABIL

Komdu í heimsókn

Telja aðfarir lögreglu harkalegar

Lögregla braut sér leið inn í húsið við Vatnsstíg, þar sem hústökufólk hafði komið sér fyrir, um klukkan átta í gærmorgun og rýmdi það.

Tuttugu manns voru handteknir. Átján þeirra voru inni í húsinu en tveir voru handteknir í ryskingum þegar fólk reyndi að loka götunni svo lögreglubílar kæmst ekki á brott. Fjöldi fólks fylgdist með aðgerðunum en það tók lögreglu rúma tvo klukkutíma að brjóta sér leið að hústökufólkinu sem hafði lokað sig inni á efstu hæð.

„Okkur fannst mjög, mjög óréttlátt,“ útskýrði Tómas Daði Halldórsson fyrir blaðamanni, „að meðan bankarnir eru að draga fjölskyldur út af sínum heimilum vegna skulda eru yfir nú þúsund tómar íbúðir í Reykjavík sem er verið að láta grotta niður svo að einhverjir viðskipta-jöfrar geti byggt sinn viðbjóð, einmitt þegar okkar samfélag þarf ekki meira af slíku.“ Hann var ekki í húsinu þegar lögreglan kom en hafði verið meðal hústökufólksins og tekið þátt í þeirri starfsemi sem þar fór fram.

Sigurður Guðmundsson, verkstjóri hjá ÁF húsum, sagði að hann hefði komið að húsinu í fyrradag og beðið fólkið að fara, en það hefði ekki orðið við því. Því hefði hann kallað til lögreglu. Um 40 lögreglumenn tóku þátt í aðgerðunum, tveir leituðu lækniástoðar vegna meiðsla sem þeir hlutu við handtöknar.



SKILABÖÐIN BERAST ÚT UM GLUGGANN Meðan á aðgerðum stóð kom hústökufólkið skilaboðum út um glugga og lét viðstadda vita hvernig lögreglan bar sig að. Þegar þessi hrópar út um gluggann er lögreglan komin á aðra hæðina til hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Hústökufólk sprautaði úr duftslökkvitæki á lögreglu þegar hún kom að þeim og lögreglan beitti piparúða. Bergljót Þorsteinsdóttir, sem kom að og sá þegar gatan var rýmd fyrir lögreglubíl sem fór á brott með þá handteknu, segir að aðfarir lögreglu hafi verið allt of harkalegar. „Hverra hús? Okkar hús,“ hrópuðu hústökufólk og mótmælendur.

jse@frettabladid.is




LEIDD BURT Í JÁRNUM Hér er hústökufólkið leitt úr húsinu bakdyrægin. Lögreglan braut rúður hússins, en piparúða var beitt og því illa vært innandyra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LÖGREGLAN KOMIN Á EFRI HÆÐINA Ung kona handtekin á efri hæð hússins þar sem hústökufólk hafði lokað svo kyrfilega að lögregla notaði vélsög til að komast að því. Hvítu sletturarnar á lögreglumanninum eru úr slökkvitækinu sem notað var til að sprauta á þá.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



APAKÖTTUR TIL SÖLU Þennan lemúr mátti sjá á markaði í Jakarta, höfuðborg Indónesíu, þar sem hann var boðinn til kaups þrátt fyrir bann við slíkum viðskiptum, bæði samkvæmt landslögum og alþjóðasamningum.

NORDICPHOTOS/AFP

Félag hrefnuveiðimanna:

Nýr ráðherra ruggar bátnum

SJÁVARÚTVEGUR Gunnar Bergmann Jónsson, formaður Félags



GUNNAR BERGMANN

hrefnuveiðimanna, segir að Steingrímur J. Sigfússon, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, hafi í stjórnartíð sinni sett fyrirætlanir félagsins um að koma upp

aðstöðu fyrir vinnslu og löndun á Akranesi í uppnám.

Ráðherra gaf kvóta út til eins árs en fyrirrennari hans vildi tryggja veiðar til fimm ára, segir Gunnar. Eins er enn óvíst hversu mörgum verður úthlutaður 100 dýra kvótinn og því óvíst hversu mörg dýr félagið fær að veiða. „Við höfðum gert áætlanir til fimm ára en þær eru fyrir bí og samstarfsmenn hafa kippt að sér höndum vegna óöryggisins sem af þessu hlýst,“ segir Gunnar.

-jse

REYKJAVÍK

Álagsbílastæði í jaðarinn

Meirihluti hverfisráðs Háaleitis vill ekki að svokölluð álagsbílastæði vegna Knattspyrnufélagsins Víkings verði við íbúðarbyggðina í Traðarlandi og bendir í staðinn á svæði á horni Bústaðavegar og Reykjanesbrautar gegnt Sprengisandi. „Þannig gætu álagsbílastæði á þeim stað einnig nýst vel þeim sem hyggja á útivist í Elliðaárdal og Fossvogsdal.“



LEIDDUR ÚT Í LÖGREGLUBÍL Tuttugu manns voru handteknir, átján í húsinu en tveir í ryskingum fyrir utan húsið. Allir höfðu verið látnir lausir fyrir klukkan fjögur í gærdeg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LAUSN

IR

FYRIR
OKKUR
ÖLL

LEIÐRÉTTUM SKULDIR HEIMILANNA
TÖKUM STRAX Á EFNAHAGSVANDANUM
ENDURREISUM EFNAHAGSKERFIÐ
BYGGJUM UPP FJÖLBREYTT ATVINNULÍF
SUMARANNIR FYRIR NÁMSMENN
TRYGGJUM ÖFLUGT VELFERÐARKERFI
KOMUM Á NÝRRI OG NÚTÍMALEGRÍ
STJÓRNARSKRÁ

framsokn.is



FRAMSÓKN

Með hækkandi sól...



© Inter IKEA Systems B.V. 2009

1

LINDMON
rimlagluggatjöld
1.990,-

1. LINDMON rimlagluggatjöld B60×L155cm. 1.990,- Má stytta með því að fjarlægja rimla. Hægt að festa í loft eða á vegginn. Fást í brúnu, hvítu og ólituðum við í 5 breiddum og 2 lengdum, þannig að þær henta nánast hvar sem er.

2. ENJE rúllugardínur B60×L250cm. 2.990,- Rúllugardína sem sjar dagsljósið. Dregur úr glampa á sjónvarpstækjum og tölvuskjám. Hægt að festa í loft eða á vegginn. Fást í hvítu, dökkgráu og fjólubláu í 5 breiddum.

3. TUPPLUR rúllugardínur B60×L195cm. 1.690,- 100% myrkvun. Akrylhúðað bómullarefni. Veggfestingar fylgja með. Fæst í svörtu og hvítu í 8 mismunandi breiddum. Hægt að taka af hliðum, þannig að þær henta nánast hvar sem er.

4. MERETE gardínur B145×L300cm. 5.490,-/2 í pk. Þykkar gardínur sem sja sólarljósið. Auðvelt að stytta í viðeigandi lengd. Fæst í drapplituðu, dökkbláu og fjólubláu.

5. IKEA STOCKHOLM BLAD gardínur B145×L300cm. 12.990,-/2 í pk. Fóðraðar gardínur sem draga úr hljóði og sólarljósi. Auðvelt að stytta í viðeigandi lengd. Rykking efst. Ýmis mynstur.



Niðamyrkur TUPPLUR gardínur koma í veg fyrir að ljós komist inn í herbergið, hvort sem þú velur svartar eða hvítar. Gardínurnar fást í 5 stærðum, þannig að þú finnur örugglega þær sem henta glugganum þínum og heiminu best.

Nánari upplýsingar um stærðir og verð er að finna á www.ikea.is

2

ENJE
rúllugardínur
2.990,-



3

TUPPLUR
rúllugardínur
1.690,-



4

MERETE
gardínur
5.490,-/2 í pk.



5

IKEA STOCKHOLM BLAD
gardínur
12.990,-/2 í pk.



Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opin 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



1798

ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR SKINNLAUSAR
1798 kr./kg.



1679

ALI FERSKAR KJÚLINGABRINGUR M/SKINNI
1679 kr./kg.



498

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.



1498

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.

FERSK



798

FISKBÚÐIN OKKAR FER
MERKT VERÐ 998 kr./kg.

ROÐ OG



98

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 stk 98 kr.



489

BÓNUS PYLSUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.



198

BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR
4 stk 198 kr.



759

BÚHNYKKUR FROSNIR
ÝSUBITAR ROÐ & BEINLAUSIR
759 kr./kg.



129

EGILS KRISTALL 2 LTR
HREINN, SITRÓNU, MEXICAN-LIME
129 kr.



98

BÓNUS STÓR HAMBORGARBRAUÐ
4 stk 98 kr.



98

YUM YUM NÚÐLUR Í BOXI
70g 98 kr boxið. KOMIÐ AFTUR



179

PRINCESS ÁVAXTAPYKKNÍ
2 LTR. 179 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30



BONUS BONUS BONUS BONUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL



ÍSUFLOK



Fiskbúðin okkar

BEINLAUS

ÍSUFLOK ROÐ OG BEINLAUS
 8 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
8 kr./kg.



2698

KS FROSÐ LAMBAFILLET **2698 kr./kg.**



1359

KS FROSÐ LAMBLÆRI Í SNEIÐUM **1359 kr./kg.**



1359

KS FROSINN LAMBAHRYGGUR NIÐURSAÐAÐUR
1359 kr./kg.



398

GLÆÐIR 1 LTR. **398 kr.**
 BLÓMAÁBURÐUR



98

MYLLU HÁLFT HEIMILISBRAUÐ
 375g **98 kr.**



2598

BÓNUS PVOTTAEFNI 210 PVOTTAR
2598 kr.



198

COLGATE TANNKREM 100 ML
 REGULAR & TRIPPLE ACTION **198 kr.**
 COLGATE TANNBURSTI ZIGZAG MEDIUM **159 kr.**

159



1298

1998

KALKPÖRUNGAR: EYÐA MOSA Á
 GRASFLÖTUM
 5 KG. **1298 kr.** 10 KG. **1998 kr.**


BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 - 18.30

Útgjöldin

> Meðalverð á 1 lítra af Nýmjólk, miðað við verðlag á öllu landinu, í febrúar 2004 og 2009.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: ODDNÝ STURLUDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

Gætir gæðavettlinganna vel

Bestu kaupin sem ég hef gert eru Soda-stream tækið, það er gjöf sem gefur endalaust af sér. Það losar mig við plastflöskur og sparar kaup á ropvatni. Ekki spillir fyrir að hið góðlátlega prump sem tækið gefur frá sér vekur alltaf mikla kátínu hjá börnunum á bænum, sem hafa fengið í vöggugjöf háþroskaðan húmor móður sinnar. Eg gerði líka góð kaup í Scarpa-gönguskóm um árið, keypti þó bara vinstri skóinn og mamma gaf mér hægri skóinn í þrítugsafmælisgjöf. Þeir hafa borið mig um botn Hálslóns, á kræklingaslóðir í Hvalfirði og vonandi á vit fleiri ævintýra í sumar. Síðan gerði ég frábær kaup á Þorláksmessu þegar ég keypti risastórt og fagurrautt slökkvitæki af slökkviliðsmönnum höfuðborgarsvæðisins í Kringlunni. Því stíllí ég upp

í öndvegi á heimilinu og finnst ég alltaf jafn fullorðins þegar ég rek augun í það.

Hvað verstu kaupin sem ég hef gert áhrærir gæti ég tínt nokkra hluti til. Ódýrar peysur sem hnökra eftir fyrsta þvott, ódýrir maskarar sem þrána og ódýrir þæjuskór sem skekkjast eftir fyrsta dansleik. En ætli verstu kaupin séu ekki þeir tugir, ef ekki hundruð vettlinga sem ég hef fjárfest í um ævina en týnt jafnharðan. Um daginn keypti ég mér þó gæðavettlinga af íslenskum hönnuðum í Aðalstræti 10. Þeir eru skreyttir glitrandi steinum og svo fallegir að ég gæti þeirra eins og sjáaldurs augna minna. Þeir hafa nú þegar slegið eignarmet – og stefnan er tekin á að hafa þá á höndum mér tvo vetur í röð, sem væri saga til næsta bæjar.



GÓÐ HÚSRÁÐ

GYLFI ÆGISSON:

■ Vatn í fötum eyðir málningar-lyktinni

„Ef það er mikil málningarlykt er mjög sniðugt að setja vatn í fötur og láta standa og láta drekka í sig lyktina,“ segir Gylfi Ægisson lagasmiður. „Það er líka gott að setja hráa kartöflu ofan í pottinn þegar verið er að steikja kleinur, þetta hef ég oft gert. Og ekki skamma konuna mikið því þá lendir maður í straffi,“ bætir Gylfi við.



Neytendur: Íslenskar líkkistur á hagstæðu verði Smíða kistur í öllum regnbogans litum



KJARTAN GUÐMUNDSSON
staðgengill umboðsmanns neytenda

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Umboðsmanni neytenda hafa borist til eyrna ánægjuraddir með fyrirtækið Íslandskistur, sem selur íslenskar líkkistur á hagstæðu verði.

Eigendur fyrirtækisins, smiðirnir Stefán Matthíasson og Sveinn Reynisson, stofnuðu verktafyrirtækið Norðanmenn árið 2007. Að sögn Stefáns höfðu þeir félagar um tuttugu manns í vinnu við húsbýggingar og innréttingar þegar efna-hagshrunið átti sér stað. „Skyndilega var ekkert að gera og við þurftum að segja öllu okkar starfsfólki upp. Við höfðum tekið eftir því að megnið af líkkistunum sem voru seldar hér á landi voru innfluttar og þess vegna ákváðum við að skella okkur út í þennan bransa. Við erum bara tveir í þessu núna.“

Stefán segir kistur þeirra féлага hafa hlotið góðar viðtökur. „Það eru allir mjög jákvæðir, enda er það mjög gott mál ef fólk getur keypt íslenska framleiðslu þessa dagana.“

Fast verð á kistum hjá Íslandskistum er 75.000 krónur. Að sögn Stefáns geta 2 til 3.000 krónur bæst við það verð ef viðskiptavinir vilja láta sprauta kisturnar í öðrum litum en hvítum. Viðskiptavinir geta valið að láta sprauta kisturnar í öllum regnbogans litum ef vilji þeirra stendur til slíks.



DEKKJAVEKSTÆÐI Þeir sem aka um á nagladekkjum geta frá og með deginum í dag átt von á sekt frá lögreglunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tími naglanna er liðinn

Frá og með deginum í dag hefur lögreglan heimild til að sekta þá sem aka um á nagladekkjum. Fréttablaðið kannaði verð á umfelgun á nokkrum stöðum á landinu.

„Tími naglanna er liðinn,“ segir á veggspjaldi sem Reykjavíkurborg lét hanna fyrir í mánuðinum. Þessi orð eiga sérstaklega vel við í dag, þar sem lögreglan hefur leyfi til að sekta ökumenn fyrir notkun á nagladekkjum frá og með deginum í dag. Fyrir þá sem hafa trassað að hlýða lögum og reglum er því ekki seinna vænna að skella bílnum í umfelgun hið snarasta.

Fréttablaðið kannaði verð á umfelgun á sex stöðum á landinu og komst að því að verðið á slíkri aðgerð hefur sjaldnast hækkað mjög frá því á síðasta ári. Í einu tilfelli stendur verðið í stað og hjá einhverjum verkstæðum hefur verðið lækkað milli ára.

Umfelgun á venjulegum fólksbíl með 13 til 15“ dekk á stálfelgum er ódýrust hjá Vöku og dýrust hjá Gúmmívinnslnunni á Akureyri. Hjá Vöku kostar slík umfelgun 5.200 krónur, en kostaði 4.800 í fyrra. Verðið hjá Gúmmívinnslnunni er hins vegar hið sama og á síðasta ári, eða 6.590 krónur. Í þessu tilfelli munar því 1.390 krónur á dýrasta og ódýrasta valkostinum.

Þegar kemur að verði á umfelgun á jeppa með 29“ dekk á stálfelgum er hæsta verðið að finna hjá Vöku, þar sem slík umfelgun kostar 8.800 krónur, og Pitstop, en þar fengust þær upplýsingar að verðið væri á bilinu 8 til 10.000 krónur, allt eftir því um hvers konar felgur væri ræða. Bílaáttan býður upp á ódýrasta kost-

inn í þessu tilfelli, en þar kostar umfelgunin 7.500 krónur.

Verðið á þessum umfelgunum hjá Bílaáttunni stendur í stað milli ára. Að sögn Dómalds Leó Burknasonar, bifvélavirkja hjá Bílaáttunni, tók eigandinn þá ákvörðun að breyta ekki verðinu. „Hann taldi einfaldlega ekki ástæðu til þess. Eigandinn vill frekar fá fjöldann til okkar en hækka verðið,“ segir Dómald.

Hjá Bílkó lækkar verðið á umfelgun á 13 til 15“ dekkjum í 5.900 krónur úr 6.236 krónum milli ára. Umfelgun á 29“ dekkjum hefur hins vegar hækkað úr 7.750 krónum í 8.010 krónur. Guðni Gunnarsson framkvæmdastjóri segir starfsmenn verkstæðisins hafa metið vinnuna sem fer í umfelganirnar og ákveðið að lækka þar sem mögulegt væri að lækka. „Ég veit að einhverjir hafa hækkað verðið í ár, og sjálf-sagt hafa allir sínar ástæður fyrir því. Við finnum hins vegar fyrir mikilli ánægju viðskiptavina þegar þeir uppgötva að verðið hefur lækkað frá því á síðasta ári,“ segir Guðni.

Hjá N1 hefur verðið lækkað í báðum tilfellum frá því í fyrra. Þá var uppgæfið verð fyrir umfelgun á 13 til 15“ dekkjum 6.699 krónur. Nú rúkkar N1 hins vegar 5.680 krónur fyrir umfelgun á 13“ dekkjum og umfelgun á 15“ dekkjum kostar 6.380 krónur. Verðið á umfelgun á 29“ dekkjum lækkar úr 8.126 krónum í 7.780 krónur.

kjartan@frettabladid.is



Í dag **16. apríl**
þekking fyrir þjóðarbúið

Vorráðstefna Matis - í dag 16. apríl 2009 kl. 12:45 - 17:00

Ráðhús Reykjavíkur

fimmtudagur

16. apríl

kl. 12:45

Áhugaverðir fyrirlestrar

Veggspjaldasýningar

Kynningar á staðbundnum matvælum

Léttar veitingar í boði

Allir velkomnir
Aðgangur er ókeypis

Frekari upplýsingar á
www.matis.is

KOSTNAÐUR VIÐ UMFELGUN

Kostnaður við umfelgun á venjulegum fólksbíl með 13 til 15 tommu dekk á stálfelgum annars vegar og hins vegar jeppa með 29 tommu dekk á stálfelgum

Vaka	5.200	8.800
Pitstop	6.290	8-10.000
Bílaáttan	6.200	7.500
Bílkó	5.900	8.010
Gúmmívinnslnan Akureyri	6.590	8.490
N1	5.680-6.380	7.780

Kosningum flýtt:

Grænlandingar kjósa í júní

GRÆNLAND, AP Hans Enoksen, formaður landsstjórnar Grænlands, skýrði í gær frá því að landsþing-skosningum verði flýtt til 2. júní næstkomandi, en þá verða tæpar þrjár vikur þar til Grænlandingar fá aukin sjálfstjórnarréttindi.

Enoksen segir nauðsynlegt að kjósendur taki afstöðu til þess hverjir eigi að stjórna þegar hið nýja stjórnskipulag er gengið í gildi.

Fjögurra ára kjörtímabil núverandi stjórnar hefði runnið út í september.

Í þjóðaratkvæðagreiðslu í nóvember samþykktu Grænlandingar ný heimastjórnarlög. - gb

Skotveiðimenn draga í efa hávaðamengun og slyshættu af skotsvæðinu á Álfsnesi:

Lokun á skotsvæðinu sögð auka slyshættu

SKIPULAGSMÁL „Það væri gaman að ræða við Kjalnesinga hvort fleiri hafa dáðið í bílslysum eða skotvopnaslysum á Kjalarnesi undanfarin ár,“ segir Fannar Bergsson, formaður Skotreynar, um fullyrðingar Íbúasamtaka Kjalarness um slyshættu af skotsvæðinu á Álfsnesi.

Skotreyrn, sem er deild innan Skotveiðifélags Íslands, hefur haft aðstöðu á Álfsnesi frá 2005 og Skotfélag Reykjavíkur frá 2007. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa íbúasamtök Kjalarness krafist þess að skotsvæðunum verði lokað vegna hávaðamengunar.

„Ef það er hávaði sem gerir að verkum að ekki er hægt að búa þarna og ef borgin er tilbúin að leysa það mál í samvinnu við okkur þá þrjúskumst við ekki á móti en við höfum ekki ennþá fengið gögn frá heilbrigðiseftirlitinu sem sanna þetta. Eftir því sem starfsmaður þar sagði mér

þá nær þessi hávaði aldrei að yfirgnæfa Vesturlandsveginn. Þannig að spurningin er sú hvort hann er næsta skotmark hjá Kjalnesingum,“ segir Fannar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur nú auglýst breytingar á starfsleyfi skotfélaganna sem fela í sér takmarkaðan opnunartíma. Þessu hafa félögin mótmælt, meðal annars vegna öryggis-sjónarmiða, því menn leiti einfaldlega á aðrar slóðir séu skotsvæðin lokað.

Aðspurður áætla Fannar að Skotreyrn hafi varið á bilinu 50 til 100 milljónum króna í hús og skotvelli. Dýrt yrði að koma í veg fyrir að hávaði bærst yfir Kollafjörðinn þar sem skotsvæði halli niður mót firðinum. „Ef þetta svæði yrði tekið af okkur hefðum við ekki bolmagn til að byggja nýtt nema með aðkomu góðra aðila.“



FANNAR BERGSSON Höfum ekki fengið sannanir um hávaðamengun, segir formaður Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ÁNÆGD MEÐ VIÐTÖKURNAR Fulltrúar ungmenna voru ánægðir með viðtökurnar sem tillögurnar þeirra fengu í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ungmennni í Reykjavík:

Kynntu átta tillögur fyrir borgarstjórn

REYKJAVÍK Reykjavíkurráð ungmenna átti í fund með borgarstjórn Reykjavíkur fyrir skömmu og voru átta tillögur kynntar fyrir borgarfulltrúum. Tillögurnar fjalla um sumarvinnu ungmenna, ungmennahús, hjólastíga í borginni, ókeypis hafragraut í skólum, fjármálafræðslu, sumaropnun félagsmiðstöðva, áheyrnarfulltrúa í hverfaráðum og nefndum og sérstaka verðlagningu á strætókortum fyrir ungmenni.

Hildur Inga Sveinsdóttir, fulltrúi Reykjavíkurráðs og ungmennaráðs Laugardals, segir að öllum tillögnum hafi verið vel tekið og samþykkt að vísa þeim áfram til vinnslu. Fulltrúar Reykjavíkurráðs og ungmennaráðanna biði nú bara eftir að geta fylgt tillögnum eftir innan borgarinnar. - ghs



Hvað eru 6000 störf mikið?

Við viljum nýta auðlindir landsins til uppbyggingar í orkufrekum iðnaði og berjast þannig gegn vaxandi atvinnuleysi.

Áætlað er að með álveri í Helguvík og á Bakka skapist sex til átta þúsund störf á uppbyggingartímanum. Mikil óvissa ríkir þar um framhaldið vegna orða og gerða ríkisstjórnarflokkanna.

Sex þúsund manns eru allt vinnandi fólk á Vestfjörðum og í Grindavík til samans. Það er líka allt vinnandi fólk í 110 Reykjavík.

Blaðberinn
bíður
þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... goðar fréttir fyrir umhverfið

GÖNGUM HREINT TIL VERKS

XD

TILBOÐSVERÐ TIL APRÍLLOKA

ELDHÚSDAGAR Í ORMSSON

... þú færð það aðeins betra hjá



**20%
afsláttur**

af öllum **HTH** innréttingum!

ELDHÚSIÐ ER HJARTA HEIMILISINS

HTH er metnaðarfullt danskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu innréttinga í eldhús og baðherbergi auk fataskápa.

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun og handverk eftirsótt og mikils metið um heim allan.

Komdu og upplifðu af eigin raun þá snilld þegar saman fer listræn sýn hönnuða, nákvæmar og framúrstefnulegar lausnir og framleiðsla sem stenst fyllilega allan samanburð og uppfyllir ströngustu gæða- og umhverfisstaðla.

Velkomin í **ORMSSON LÁGMÚLA 8** og kynnist því nýjasta og flottasta í eldhúsinnréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum. Við vinnum með þér tillögur að nýja drauma-eldhúsinu án skuldbindinga og gerum þér *frábært verðtilboð*.

**20%
afsláttur af
hágæða AEG
eldhústækjum***

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNIR

* með kaupum á HTH eldhúsinnréttingum

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON TÓNLISTARMAÐUR ER 58 ÁRA.

„Maður stimplar sig inn árið 1967 og út 2000.“

Petta sagði Björgvin í viðtali fyrir meira en aldarfjórðungi en enn sem komið er sýnr hann ekki á sér neitt farar-snið og heldur ennþá fjölsóttá tónleika.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 16. APRÍL 1957

Bæjarráð Reykjavíkur friðar Árbæ

Bæjarráð Reykjavíkur samþykkti að friða Árbæ og næsta nágrenni hans og gera að almenningsgarði á þessum degi fyrir fimmtíu og tveimur árum.

Um miðja síðustu öld vaknaði áhugi á því að varðveita sögu elstu byggðar Reykjavíkur en nýtt húsnæði Þjóðminjasafns Íslands var tekið í notkun árið 1950 og í kjölfarið hafði áttak í að safna merkjum forngrípum. Skjala- og minjasafn Reykjavíkur var stofnað fjórum árum síðar til að halda utan um þá muni sem söfnuðust. Um þetta leyti var Árbæjarhverfi óbyggt en þar var gamall bóndabær sem lá í eyði.

Bæjaryfirvöld samþykktu árið 1957 að Árbæ skyldi endurbýggja og nýta sem safn. Þangað skyldu gömul og merk húsnæði færð. Árbæjarsafn og Minjasafn Reykjavíkur voru sameinuð 1968.



MERKISATBURÐIR

- 1203 Filippus annar Frakkakonungur ríður inn í Rúðuborg, og verður það til þess að Normandi sam-einast Frakklandi.
- 1912 Harriet Quimby flýgur fyrst kvenna flugvél yfir Ermarsund.
- 1915 Gullfoss, fyrsta skip skipafélags Íslands og jafnframt fyrsta vélknúna millilandaskipið sem smíðað var fyrir Ísland, kemur til Reykjavíkur.
- 1919 Mahatma Gandhi skipuleggur dag föstu og bæna til að mótmæla fjöldamorðum Breta á indverskum mótmælendum í Amritsar.
- 1946 Sýrland hlýtur sjálfstæði.
- 1954 AA-samtökin á Íslandi eru stofnuð.



VIÐ KÁRASKJÓL Upprennandi björgunarsveitarmenn Kára fengu salfbunu í drekanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Káraskjól vígt

Káraskjól nefnist nýtt hús Slysavarnadeildar Öræfa sem var vígt við hátíðlega athöfn síðastliðinn laugardag. Það er staðsett við veitingaskálann í Freysnesi.

Slysavarnadeildin starfrækir björgunarsveitina Kára og nýja húsið kemur til með að hýsa brunabíl og björgunardreka sem notaður er þegar vegfarendur þurfa hjálpar við í hvasvöldum, ásamt því að verða miðstöð mannfrekra leita og björgunarstarfa.

Um áttatíu manns mættu í vígsluna sem fram fór í vorblíðu. Gunnar Sigurjónsson

á Hofi, formaður björgunarsveitarinnar Kára, bauð gesti velkomna og séra Einar Jónsson á Kálfafellsstað blessaði húsið og starfsemi þess og gaf því nafn. Ólafur Sigurðsson á Svínafelli fór yfir sögu björgunarsveitarinnar í fáum orðum og Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri Landsbjargar ávarpaði samkomuna. Konur úr slysavarnadeildinni báru fram rausnarlegar veitingar og á eftir bauðst börnum að fara smá rúnt á drekanum undir öruggri stjórn Ármanns Guðmundssonar á Svínafelli.

JÓN PÁLSSON FORMAÐUR: UNGMENNAFÉLAGIÐ AFTURELDING ALDARGAMALT

Opnuðu fimmtíu ára bréf

Ungmennafélagið Afturelding í Mosfellsbæ fagnaði hundrað ára afmæli síðasta laugardag og verður aldarafmælisins minnst með margvíslegum hætti á árinu. „Við erum bara rétt að byrja en aðalhátiðin verður síðasta vetrardag og sumardaginn fyrsta,“ segir Jón Pálsson, formaður stjórnar Aftureldingar.

Ungmennafélagið Afturelding er eitt elsta íþrótt- og ungmennafélag landsins og eitt af örfáum sem starfað hafa óslitið frá stofnun. „Í upphafi var þetta eins konar menningarfélag en þá var starfsemi meira tengd ýmiss konar félagsmálum. Þá voru meðal annars haldnar kvöldvökur, teflt og spilað, dansað og settar upp leiksýningar. Á stofnfundinum var skipað bindindisráð og lögðu menn mikla áherslu á að félagið væri jafnframt bindindisfélag þannig að frá fyrsta degi var áhersla á heilbriggt lífverni,“ segir Jón og heldur áfram: „Fljótlega hófu menn að keppa í íþróttum, þá sérstaklega frjálsum, og síðar kom handboltinn. Fyrstu hálfu öldina hugsa ég að félagið hafi verið meira menningarfélag en íþróttafélag en síðustu fimmtíu árin hefur þetta verið meira íþróttafélag.“

Afturelding er nú eitt af stærstu íþróttafélögum Íslands, með tíu deildir og um 1.200 börn og unglíngja sem stunda íþróttir hjá félaginu. „Í dag erum við í raun og veru eingöngu íþróttafélag en félagsstarfið snýst fyrst og fremst um íþróttirnar og foreldrastarf. Um helmingur íbúa Mosfellsbæjar eru félagsmenn í Aftureldingu og stór hluti barna á skólaaldri hér stundar íþróttir hjá okkur þannig að næst á eftir skólanum er þetta ein mikilvægasta uppeldisstofnunin í Mosfellsbæ,“ útskýrir Jón.

Afturelding hefur verið í góðu samstarfi við sveitarfélagið og á næstunni verður farið í að byggja upp félagsaðstöðu á Varmá þar sem höfuðstöðvar ungmennafélagsins eru. „Mikil uppbygging hefur verið á Varmá en þar er sundlaug, stórt íþróttahús og glæsilegur gervigrasvöllur. Á döfinni er að reisa þar nýja anddyrisbyggingu sem mun meðal annars hýsa félagsaðstöðu,“ segir Jón bjartsýnn og bætir við að á óskalistanum sé að byggja meira upp fyrir fimleikadeildina. „Stærsta deildin er knattspyrnudeildin en síðan koma fimleikar og handbolti. Við erum með mikla framtíðardrauma en svo er bara spurning hversu hratt hlutirnir gerast,“ segir hann og brosir.

Á afmælisdeginum var haldinn opinn stjórnarfundur en þar var opnað bréf sem stjórn félagsins fyrir fimmtíu árum ritaði 11. apríl árið 1959 til stjórnar Aftureldingar í dag. „Bréfið hefur verið varðveitt á Héraðsskjala-



MIKIL UM DÝRDIR Á hundrað ára afmæli Ungmennafélagsins Aftureldingar 11. apríl síðastliðinn var afhjúpaður minnisvarði um stofnun félagsins við Lágafellskirkju. Mosfellsbær gaf félaginu minnisvarðann. „Síðasta vetrardag verður hátíðarkvöldverður í Hlégarði og sumardaginn fyrsta verður mikil bæjar- og íþróttahátíð á Varmá og hátíðarkaffi,“ segir Jón Pálsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

safni Mosfellsbæjar frá ritun og var óneitanlega gaman að opna það. Þar kom fram að á fimmtíu ára afmælinu var íþróttalífið farið að blómstra og framkvæmdir á Varmá voru að hefjast. Þar var búið að gera malarvöll sem tekið hafði átta ár að byggja og er það ágætis áminning fyrir þá kynslóð sem lifir í dag og vill fá íþróttahús og sundlaug byggða á nokkrum mánuðum,“ segir Jón brosandí og bætir við: „Kannski erum við stundum svolítið heimtufrek og ágætt fyrir okkur að sjá hvað menn þurftu að leggja á sig áður og hversu öflugur starfi var haldið úti af takmörkuðum efnun. Umgjörðin skiptir ekki öllu máli heldur hugurinn í fólkinu.“ Í bréfinu

var einnig minnst á gróskumikla leiklistarstarfsemi félagsins á þeim tíma og voru menn með drauma um að hún myndi halda áfram að vaxa innan félagsins og sett yrði upp stór leiksýning á hundrað ára afmælinu. „Það er nú komið út fyrir okkar verkahring en Leikfélag Mosfellsbæjar er hins vegar mjög öflugt og sjálfstætt félag í dag og er að vinna með okkur að undirbúningi afmælishátíðarinnar. Kannski þau taki áskoruninni,“ segir Jón. Núverandi stjórn hefur nú þegar ritað nýtt bréf sem opnað verður á 150 ára afmæli Aftureldingar og verður það eflaust forvitnilegur lestur fyrir komandi kynslóðir.

hrefna@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Porkell Diego Porkelsson,
Engihjalla 9, Kópavogi,

lést á Líknaardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 13. apríl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 24. apríl kl. 13. Blóm og kransar er vinsamlegast afþakkað. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Rauða kross Íslands.

Elmar Þór Diego Porkelsson	Erna K. Sigurbjörnsdóttir
Dóra Diego Porkelsdóttir	
Guðrún Ásta Guðjónsdóttir	Jóhannes Jónsson
Sigurþór Yngvi Ómarsson	Hanna María Hjálmtýsdóttir
Eva Dögg Porkelsdóttir	og barnabörn.



Elskuleg sambýliskona mín, móðir og systir,

Anna Bryndís Árnadóttir
Urðargili 9, Akureyri,

verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 17. apríl kl. 10.30.

Jón Árni Elisson
Guðmundur Árni Þorvaldsson
Gunnar Árnason
Guðlaug Árnadóttir
Jakob Árnason
Edda Árnadóttir
og fjölskyldur.

AFMÆLI



ARI KRISTINSSON
kvikmyndagerðarmaður er 58 ára.



ELÍSABET KRISTÍN JÖKULSDÓTTIR
ríthöfundur er 51 árs.



AKON
tónlistarmaður er 32 ára.



JON CRYER
leikari er 46 ára.

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Græna prentsmiðjan
GUDJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Fimmtudagur 16. apríl 2009 – 15. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

Líf skilaneftnda lengt Sólarlagsákvæðið fellt út



2

David O. Beim Auðmenn eignist ekki bankana



4-5

Emil B. Karlsson Íslensk verslun eftir bankahrun



6

TellMeTwin vinnur Red Herring 100

Samskipta- og meðmælavefurinn TellMeTwin.com er vinningshafi Red Herring 100 í Evrópu, en viðskipta- og tækniritið Red Herring útnefnd árlega hundrað efnilegustu tæknifyrirtækin.

Síðast var íslenskt fyrirtæki tilnefnt hjá Red Herring árið 1997 þegar leikjafyrirtækið CCP var í hópnum, en árið á undan var tæknifyrirtækið Industria tilnefnt. Einar Sigvaldason, framkvæmdastjóri TellMeTwin, segir um mikilvæga viðurkenningu að



EINAR SIGVALDASON

ræða enda veki Red Herring-verðlaunin mikla athygli. Fyrirtæki í forvali kynntu sig á ráðstefnu Red Herring í Berlín um mánaðamótin síðustu. „Verðlaunin eru mjög flott og mörg góð fyrirtæki sem kynntu sig,“ segir Einar. Valið fer þannig fram að sérfræðingar ritstjórnar Red Herring meta nokkur hundrað einkafyrirtæki út frá fjárhagsgögnum og mati á stefnu, framkvæmd hennar og framlagi til rannsókna og þróunar. „Red Herring fékk margar góðar umsóknir þrátt fyrir erfitt ár og endurspeglar það greinilega hlutverk Evrópu sem þungamiðju nýsköpunar meðal tæknifyrirtækja,“ er haft eftir Farley Duvall, framkvæmdastjóra Red Herring, í tilkynningu. - óká

HELST Í ÚTLÖNDUM

Hagvöxtur í Kína | Hagvöxtur jókst um 6,3 prósent í Kína á fyrsta fjórðungi ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Hann hefur ekki verið minni í áratug. Wen Jiabao, forsætisráðherra landsins, sagði um helgina efnahagskerfi landsins hafa styrkst að undanfögnu og þakkaði aðgerðum sem ráðist hafi verið í.



Bjartsýnn bankastjóri | Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði í ræðu sem hann flutti fyrir háskólanema í Bandaríkjunum í fyrradag, vísbendingar um að draga sé úr samdráttarskeiðinu sem hrjád hefur Bandaríkin síðustu sextán mánuði.

Góður gróði | Bandaríski fjárfestingarbankinn Goldman Sachs hagnaðist um 1,81 milljarð Bandaríkjadala á fyrsta fjórðungi ársins. Þetta er hundrað prósentum meira en bjartsýnustu spár gerðu ráð fyrir.

Bílum skilað | Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors ætlar að innkalla um 1,5 milljónir bíla sem voru framleiddir 1997 til 2003. Innköllunin skýrist af því að í einhverjum tilvikum hefur olía lekið í útblástur bíla sem fyrirtækið framleiddi á tímabilinu með þeim afleiðingum að eldur kviknaði.

Enn miklir brestir í gjaldeyrishöftunum

Útflytjendur selja enn vörur í skiptum fyrir krónur á erlendum mörkuðum þrátt fyrir hert lög um viðskipti með gjaldeyri. Krónubréf í erlendri eigu eru notuð sem skiptimynt.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Stjórnendur útflutningsfyrirtækja sneiða enn framhjá gjaldeyrishöftunum þrátt fyrir að reglur um gjaldeyrisviðskipti hafi verið hert til muna á Alþingi í byrjun mánaðar. Krónueignir í eigu erlendra aðila eru enn notuð í viðskiptunum en samið er um það manna á milli að útflytjendur fái þau í skiptum fyrir vörur erlendis. Erlendur gjaldeyri er því aldrei notaður í utanríkisviðskiptunum í þeim mæli sem stefnt var að og virka gjaldeyrisreglurnar því ekki með þeim hætti sem þær áttu að gera.

Gjaldyrishöft voru upphaflega sett á í lok nóvember í fyrra og voru útflutningsfyrirtæki skylduð til að skila heim öllum þeim gjaldeyri sem þau fengu fyrir vörur sínar.

Fljótlega tók að bera á því að farið væri á svig við reglurnar og tíðkaðist í nokkrum mæli að erlendir kaupendur keyptu krónur á erlendum mörkuðum á talsvert lægra gengi en skráð miðgengi Seðlabankans sem þeir nýttu til greiðslu varanna.

Gengismunurinn hér og ytra hefur minnkað talsvert síðan þá og hafa kaupendur þess í stað haldið áfram að semja við krónubréfaeigendur um greiðslu á íslenskum útflutningi.

Slík viðskipti hafa reyndar tíðkast síðan gjaldyrishöftin voru sett á í fyrra. Markmið þeirra var öðru fremur að koma í veg fyrir að erlendir eigendur krónubréfa gætu losað um eign sína enda var hætt við

að gengi krónunnar gæti hrunið við gjörninginn.

Í kjölfar þess að gjaldeyrishöftin voru hert um mánaðamótin síðustu var horft til þess að girða fyrir allar hjáleidir með krónur. Greining Íslandsbanka sagði á sama tíma líkur á að gengi krónunnar myndi styrkjast fyrsta kastið. Þó sýni reynslan að ávallt sé reynt að fara fram hjá slíkum höftum og geti verkið verið erfitt.

Gengi krónunnar hefur nú fallið í kringum sautján prósent hér á rétt rúmum mánuði og fór gengisvísitalan hæst í 225 stig til skamms tíma í fyrradag. Það þýðir jafnframt að gengi krónunnar hér hefur færst nær gengi krónunnar ytra.

Viðskipti með krónubréf þykir því fýsilegasti kosturinn við núverandi aðstæður þar sem erlendir eigendur þeirra hafa ekki getað selt eign sína og flutt fjármunina úr landi til eigin nota. Á sama tíma hafa íslensk útflutningsfyrirtæki þurft á krónum að halda til að standa straum af innlendum rekstrar-kostnaði, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Samkvæmt Peningamála Seðlabankans nam krónueign erlendra aðila í nóvember í fyrra um 400 milljörðum króna. Vaxtagreiðslur vegna eignarinnar telja milljörðum króna í viku hverri. Upphæðirnar eru misháar eftir tegund bréfa og gjald-dögum.

Engin opinber gögn liggja fyrir um það hvort eigendaskipti hafi orðið á krónubréfum, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Þar er jafnframt bent á að öll slík skipti séu óheimil, samkvæmt reglum um gjaldeyrisviðskipti.



MEÐ BORGUN
TEKUR ÞÚ VIÐ
ÖLLUM KORTUM

Eitt uppgjör – betri yfirsýn

Nýttu kosti þess að hafa allt á einum stað.
Hafðu samband við okkur í síma 560 1600
eða tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð
í færsluhriðingu fyrir öll greiðslukortaviðskipti.

BORGUN
AUFVELDAR VIÐSKIPTI



Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

Við hjá Hreysti erum
stolt af því að vinna með
fagfólki sem leitast við að ná
hámarksárangri



Jóhanna Guðrún, fulltrúi Íslands í Eurovision 2009



Settu þig í fyrsta sæti

með PROMAX DIET sem er fyrir alla sem vilja ná hámarksárangri við þyngdarstjórnun

PROMAX DIET

er fitusnaður mysu-protein shake. Promax Diet inniheldur einnig CLA, trefjar, nauðsynlegar fitusýrur ásamt guarana og grænu te sem getur haft áhrif til fitulosunar. Promax Diet er tilvalið sem hluti af morgun- eða hádegisverði eða bara þegar þú þarft léttu og auðveldu máltíð.

Promax diet 10 skammtar kr. 4.995.- Promax diet 20 skammtar kr. 8.995.-

CLA 1000

inniheldur Conjugated Linoleic Acid (CLA), algjörlega náttúrulega fitusýru sem fyrirfinnst í mjólkur og kjötvörum. Hún er sérstaklega vinsæl hjá fólki sem vill ná góðu líkamlegu atgervi. CLA-1000 inniheldur einungis besta fánlega Tonalin CLA, það sterkasta á markaðinum.

CLA-1000 60 belgir kr. 4.495.- CLA-1000 90 belgir kr. 5.995.-

THERMOBOL

vinsælasta fitubrennsluefnið okkar er örugg og náttúruleg samsetning af m.a. guarana, grænu te og B-vítamin blöndu. Ef þú æfir og borðar reglulega en sérð samt ekki þann árangur sem þú óskar eftir getur þú bætt Thermobol við mataræði og æfingakerfi þitt. Þannig nærð þú hámarksárangri

Thermobol 30 belgir kr. 3.300.- Thermobol 90 belgir kr. 6.995.-

 **MAXIMUSCLE**
Seriously Fit Food



allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is
Ath. frí heimsending ef verslað er fyrir meira en 10.000.-

Bankar mega ekki lenda í höndum *auðmanna*

Nauðsynlegt er að tryggja dreifða eignaraðild að íslensku bönkunum þegar þeir verða einkavæddir aftur, að sögn bandarísks hagfræðiprófessors. Hann segir í samtali við Jón Aðalstein Bergsveinsson hagfræðinga sammála um að lítil hagkerfi á borð við Ísland eigi ekki að halda í eigin gjaldmiðil. Slíkt auki óstöðugleika hagkerfisins. Hann segir upptöku evru auðsöttasta valkostinn.

Pað er ágæt hugmynd að selja bankana aftur. En það kann ekki góðri lukku að stýra að selja þá auðmönnum. Slíkt hefur ekki skilað góðum árangri í öðrum löndum, hvorki í Mexíkó né í Rússlandi fyrir áratug," segir David O. Beim, prófessor í hagfræði við Columbia-háskóla í New York í Bandaríkjunum.

„Íslendingar eru almennt mjög vel menntaðir og færir um að búa til mikil verðmæti. En þið verðið að keyra skuldirnar niður.“

Beim, sem hefur rannsakað íslenska banka og efnahagslíf frá síðasta ári, segir bankana þrjá sem ríkið tók yfir í fyrrahaust hafa vaxið of hratt

og þeir orðið of stórir, eða á við nífalda landsframleiðslu. Ríkið og Seðlabankinn hafi því ekki með nokkru móti getað komið þeim til hjálpar. Hann segir bankastarfsemi yfir höfuð afar sveiflukenna og því verði hið opinbera ávallt að vera reiðubúið að hlaupa undir bagga. Vöxtur íslensku bankanna hafi hins vegar verið orðinn slíkur þegar yfir lauk að ríkið hafi verið ófært um að koma þeim til bjargar.

Hann bendir á að vöxtur bankanna hafi verið mistök og íslenskt efnahagslíf sé að gjalda fyrir þau nú.

Beim flutti erindi um íslenskt efnahagslíf á fundi Íslensk-ameríska verslunarráðsins í síðustu viku um innviði íslenska efnahagskerfisins og framtíðarhorfur. Á meðal annarra ræðumanna voru Ólafur Jóhann Ólafsson, rithöfundur og stjórnarformaður, hagfræðingurinn dr. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, Birkir Hólm Guðnason, forstjóri Icelandair,

HAGFRÆÐINGURINN RÆÐIR UM EFNAHAGSLÍFIÐ David O. Beim segir mikilvægt að tryggja dreifða eignaraðild að bönkunum þegar þeir séu einkavæddir. Koma verði í veg fyrir að þeir lendi í höndum auðmanna. Sala banka til auðmanna eða lítils hóps fjársterkra aðila hafi ekki gengið vel í öðrum löndum, að hans sögn.



MARKAÐURINN/BERGÞÓRA

ATVINNULÍFIÐ SKAPAR STÖRFIN

OPIN DAGSKRÁ

15:00 Ræða Þórs Sigfússonar, formanns Samtaka atvinnulífsins
Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra

Tuttugu þúsund störf:

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa

Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður

16:30 Vetur kvaddur – sumri fagnað

Fundarstjóri er Hrunn Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Marel Food Systems



SKAPINN AUGLÝSINGASTOFA

AÐALFUNDUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS 2009
Á síðasta degi vetrar 22. apríl 2009
– á Hilton Reykjavík Nordica



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SKRÁNING Á VEF SA – www.sa.is



FATASKÁPURINN er nokkuð sem ætti að fara í gegnum reglulega. Henda því sem er ónýtt, gefa það sem gæti nýst öðrum, geyma það sem má nota seinna og koma skipulagi á það sem er í notkun.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

weber
- upplagt á svalirnar

weber - mikið úrval af aukahlutum

Weber Q ferðagrillinn komin.

Söluaðilar: Járn og gler - Garðheimar - Húsasmiðjan www.weber.is



Aníka segir bæði buxurnar og jakkann vera einstaklega þægilegar flíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

AFS á Íslandi

Aðalfundur AFS á Íslandi verður haldinn laugardaginn 18. apríl nk. og hefst hann kl. 14:00. Fundurinn verður haldinn í húsaálfunum samtakanna að Ingólfsstræti 3 í Reykjavík. Dagskrá fundarins verður skv. samþykktum félagsins.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta, en boðið verður upp á léttar veitingar í lok fundar.

Reykjavík 5. apríl 2009
Sjórinn

Í peysunni í þvottavélina

Litagleði og þægindi lýsa vel fatastíl Aníku Rósar Pálsdóttur. Hún stofnaði verslunina Töru þar sem finna má fatnað sem hannaður er með þægindi og notagildi í huga og er hráefnið fyrsta flokks.

„Jakkinn sem ég klæðist er einn af sumarjökkunum á Tara.is. Hálsmálið er skemmtilegt og jakkinn er einstaklega þægilegur. Buxurnar eru frá Boon-Dah sem er ástralskt merki en hönnunin er undir brasilískum áhrifum. Buxurnar líta út eins og gallabuxur en eru í raun úr þrjónaðri bómull sem teygist og helst eins allan daginn. Þær leka ekki niður eins og gallabuxur gera stundum og í raun líður manni eins og maður sé í joggingbuxum,“ segir Aníka Rós Pálsdóttir, háskólanemi og eigandi vefverslunarinnar Tara.is.

„Boon-Dah þýðir fallegur afturendi á portúgölsku og snýst hönnunin á þessum buxum um að halda afturendanum fallegum og á réttum stað allan daginn,“ segir

Aníka og hlær. „Þetta er nýtt merki sem ég sá á sýningu í London í ágúst síðastliðnum og heillaðist af, enda sérstaklega þægilegar buxur.“ Verslunina Töru opnaði Aníka síðasta sumar á Laugaveginum en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu ákvað hún að draga saman seglin, minnka yfirbygginguna og færa sig alfarið á vefinn. „Vorið 2007 fór ég að flytja inn Nakitana eftir að ég rakst á fötin þeirra á Myspace og fann þar minn stíl. Ég vil fallegan og þægilegan fatnað en ekki uppskrúfaðan og hef gaman af að fá smá lit í tilveruna. En þegar allt fór á annan endann ákvað ég að minnka við mig til að halda þessu á floti,“ segir Aníka einlæg.

Fatnaðurinn er að sögn Aníku

þægilegur og líflegur hversdagsfatnaður. „Í þeim fatnaði sem ég er með er kemmað bómull þannig að fötin halda sér vel og eru gríðarlega þægileg. Í Nakitana-línunni eru litir mikið notaðir og er samsetningin falleg. Svo er ég með lífrænan fatnað, litríkar og þykkar sokkabuxur sem endast vel og passa á flest alla og fleira.“ Á vefslóðinni <http://tara.is> má finna frekari upplýsingar og skoða hvað er í boði og hvetur Aníka fólk til að hafa samband. „Ég hef mjög gaman af að heyra frá fólki. Einu sinni fékk ég skilaboð frá stelpu sem sagðist vera að hugsa um að fara í peysunni í þvottavélina þar sem hún væri svo þægileg og hafði ég mjög gaman af því,“ segir hún og brosir.

hrefna@frettabladid.is

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

BÍLKÓ

TVENNA

Tilboðsverð

-15% **olis**

-20%

af
UMFELGUN

afsláttur af
SMURVINNU

Takirðu bæði tilboðin í einu færðu
20% afslátt af vinnu við smur!



GULL verður heitt í sumar. Ein gyllt flik eða gullsleginn fylgihlutur getur svo sannarlega hresst upp á útlitið því smá glamúr gerir mikið fyrir annað sem kannski virkar ódýrara.

BYLGJAN
alla virka daga kl. 650

BYLGJAN
989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Saumagallerí Chaemsri var áður til húsa á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar en er nú komin á Laugaveg.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

Litrík og lokkandi klæði

Í Saumagallerí Chaemsri á Laugavegi fást peysur, kjóla, slár og leggings í úrvali. Chaemsri Kaeochana hagnar og saumar allar flíkurnar sjálf en hún er með saumagallerí inni af versluninni.

Chaemsri Kaeochana rekur ásamt eiginmanni sínum, Jónasi Nordkvist, Saumagallerí Chaemsri á Laugaveginum. Þar er að finna peysur, kjóla, slár og leggings í úrvali. Verslunin var áður til húsa á horni Lönguhlíðar og Miklubrautar en flutti á Laugaveg 70 fyrir jól.

Chaemsri hagnar og saumar allar flíkurnar í versluninni sjálf en hún er með saumagallerí baka til. Hún lærði fatasaum í Bangkok og vann í fataverksmiðju í Taílandi frá sextán ára aldri. Hún flutti til Íslands í byrjun árs 2007 og var strax staðráðin í því að opna verslun.

„Ég er mjög ánægð með búiðna enda hef ég lengi gengið með þann draum í maganum að reka eigin fataverslun,“ segir Chaemsri, sem ver öllum stundum við saumaskap og afgreiðslu. Það sem einkennir hönnun hennar einna helst eru skærir litir og afgerandi munstur en auk þess gerir hún flíkur úr íslenskri ull. Chaemsri segir



Chaemsri leikur sér með skæra liti á móti svörtu.



Hlébarða- og sebramunstur eru áberandi hjá Chaemsri.

kúnnahópin nokkuð breiðan. „Hingað koma konur á aldrinum fjórtán til fjórtíu ára.“ Chaemsri heldur einnig úti heimasíðu en þar

er hægt að skoða úrvalið og leggja inn pantanir. Síðin er <http://www.myspace.com/chaemsri>.

vera@frettabladid.is

FÖNDRA

NÝ FATAEFNI NÝ SNIÐ

Föndra • Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.fondra.is opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París



Umhverfisvæn þróun í tísku

Aþjóðleg vika sjálfbærrar þróunar var haldin nýlega en tískuheimurinn hefur smám saman verið að færa sig meira inn á umhverfisvænni braut þótt hægt gangi. Til dæmis má minna á að bómull sem notuð er í gallabuxur (steinþveginn og klórlegin) er eitt mest mengandi efni sem hægt er að hugsa sér í fatnað og að auki þarf ógrynni af vatni til að rækta bómullina. Þess vegna hafa sumir snúið sér að lífrænt ræktaðri bómull sem er framleidd í sátt við umhverfið. Aðrir nota önnur efni eins og bambusþræði en bambus vex hratt og þarf lítið vatn.

Auðvitað hefur kreppan áhrif á hvernig almenningur hagar innkaupum og þegar harðnar á dalnum er það dýr klæðnaður sem mætir afgangi, brýnustu nauðsynjar ganga fyrir.

En ekki deyja allir ráðalausir og nú er fólk sífellt duglegra við að endurnýta gömul föt. Jafnvel er hægt að tala um tísku í því sambandi. Til dæmis má koma ýmsu í verð í verslunum sem selja notaðan fatnað og ekki alltaf nauðsynlegt að hann sé frá fínum tískuhúsum þótt það auðveldi vissulega endursölu. Reyndar segja fagmenn sem stunda alls kyns endurvinnslu á efnum og klæðnaði að föt með ódýrum merkjum verði sífellt lélegri og eigi því oft ekki annað líf í vændum vegna þess hversu illa þau þola notkun.

Episode er hollenskt fyrir-tæki sem reyndar var stofnað

fyrir tíu árum en hefur algjörlega slegið í gegn síðustu misseri. Á þeim bænum er saumað upp úr gömlum flíkum sem áður enduðu á öskuhaugum. Síðkjólar og síðpils sem kannski eru með nokkrum götum eða slitin að neðan verða stuttir kjólar eða pils, tweed-jakkar breytast í handtöskur að hætti Coco Chanel og gamlir leðurjakkar verða að handgerðum leðurtöskum. Meira að segja götóttrir bómullarbolir eru nothæfir en upp úr þeim eru gerðar derhúfur eða einfaldlega nýstárlegir fylgihlutir sem eru notaðir við „streetwear-föt“ úr búðum sem selja notuð föt. Allt er notað, engu er hent og svo mikil er eftirspurnin að nú eru opnaðar búðir í helstu borgum Evrópu svo sem Brussel, London og nú síðast hér í París sumarið 2008. Til að mæta aukinni eftirspurn kaupir fyrirtækið upp fatnað sem góðgerðarfélög eins og Rauði krossinn eða Hjálpræðisherinn hafa safnað og eru ekki alltaf vel til þess fallin að senda til Afríku eða annarra þróunarlanda. Þannig verða góðgerðarfélögin sér úti um mikilvæga fjármuni sem koma sér vel í annað og um leið fer þessi fatnaður í endurvinnslu í stað sorpbrennslu með tilheyrandi loftmengun.

Víst er að enn á tískuheimurinn langt í land með að verða sjálfbær en hann fetar sig hægt og rólega í rétta átt.

bergb75@free.fr

Best klædda kona heims

Cheryl Cole var krýnd best klædda kona heims af tímaritinu Glamour á dögunum.

Breska söngkonan og sjónvarpsstjarnan Cheryl Cole var nýlega krýnd best klædda kona heims af tímaritinu Glamour og skaut þar með ofurfyrirsætunni Kate Moss, sem bar titilinn í fyrra, ref fyrir rass. Hún er nú í öðru sæti en fast á hæla hennar kemur hin mittismjóa Victoria Beckham sem var í tífunda sæti í fyrra.

„Síðastliðið ár hafa æ fleiri fallið fyrir fatastíl Cole,“ skrifar Jo Elvin, ritstjóri Glamour, í síðasta tölublað tímaritsins sem kom út á þriðjudag. „Hún er fáránlega falleg og ávallt skínandi og smart.“ Cole, sem er gift breska fótþakappanum Ashley Cole, er meðlimur í stúlknasveitinni Girls Aloud auk þess sem hún hefur verið dómari í The X Factor. - ve



Cole bykir bera af í klæðaburði.

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“


LAGERSALA

HÆÐASMÁRA 4

Sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.

Höfum bætt við nýjum vörum!

50-80% afsláttur



Undirföt



Sundföt

Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður frá 500 kr. stk.

Opið 14-18 Virka daga

SAND

yfirhafnir **30%** afsláttur

B&S KONUR

BOSS HUGO BOSS | HUGO HUGO BOSS

B&S Kringlunni | 553 4141

TRIND
Ávallt No 1

Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölastaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

byly

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR
F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTADIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Auglýsingasími

512 50 50

ef blaðið berst ekki

— Mest lesið

HEIMILI

GOSBRUNNAR geta verið til mikillar þrýði í görðum. í Gallery Kína fást til dæmis mjög fallegir gosbrunnar sem lífga upp á umhverfið.



White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

Þurrkari
- 10 kg -

Þvottavél
Toppblaðin
- 10 kg -

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

Blaðberinn
bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

Upp með græna fingur

Þeir sem þrýða heimili sín með blómum ættu að fara að verða sér úti um pottamold og hanska og hefja vorverkin. Passa bara að ræturnar séu vel rakar þegar byrjað er. Svo þarf líka að vökva á eftir.

Nú, þegar dagsbirtan er að aukast, er besti tíminn til að skipta um mold á þeim pottablómum sem þess þurfa með og setja þau í nýja mold áður en þau fara að taka verulega við sér eftir vetrardvalann. Ekki er nauðsynlegt að stækka við þau pottana heldur fyrst og fremst að endurnýja jarðveginn til að bæta vaxtarskilyrðin og auka fegurð jurtanna. Ef ræturnar fylla gersamlega út í ílátin er góður að gefa þeim aðeins meira rými.

Á stórum plöntum er hægt að fríska upp á moldina án þess að skipta alveg um. Það er gert með því að skera stóra fleyga meðfram potthliðunum, fjarlægja moldina sem kemur upp og fylla upp í holurnar með nýrri. Smærri plöntur er auðvelt að losa úr pottunum og hreinsa mestu moldina utan af rótunum. Allir pottar eiga að vera með götum og þegar steinvölu eða vikurkúlum hefur verið komið fyrir neðst í honum er komið að því að stinga rótunum aftur ofan í og leyfa nýrri mold að faðma þær.

Potturinn ætti síðan að standa í pottahlíf eða skál og þegar búið er að umpotta er blómið vökvað vel með handarvolgu vatni. Alla þessa umhyggju mun það launa rífkulega síðar.



Það hjálpar plöntunum að komast yfir breytingarnar ef ræturnar eru vel rakar þegar umpottunin fer fram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Mesta moldin er hreinsuð utan af rótunum svo hin nýja komist að. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Ekki gera ekkert við stafrænu myndirnar!
Láttu framkalla myndirnar þínar.

200 myndir á
5.400 kr.

myndval
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

bfo.is Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla - þekking - góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hel.is

Viðhaldsfríar ÞAKRENNUR

Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfríri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur. Rennurnar frá Grøvik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna. Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.

Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða Varmaskiptasamstæður loftræstistokkar og tengistykki

HAGBLIKK ehf.
Smíðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Tíminn

Alþingiskosningar 2009

Fimmtudagur 16. apríl 2009

Framsóknarflokkurinn



X-B Glæsilegur hópur frambjóðenda Framsóknarflokksins af öllu landinu kom saman til að undirbúa baráttuna framundan. Mikill hugur er í framsóknarfólki og þessi hópur er staðráðinn í að byggja upp nýtt Ísland. MYND/STENGRIMUR KARLSSON

Framsókn andvíg hækkun á tekjuskatti

Framsóknarflokkurinn varar eindregið við hugmyndum vinstri flokkanna um hækkun skatta og afnám samningsréttar. Þær gera ekki annað en að dýpka kreppuna og auka á eymd almenningis.

Tillögurnar, sem Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, viðraði í umræðum í sjónvarpi á mánudag, þess efnis að lækka laun opinberra starfsmanna til að stoppa í stórt fjárlagagat næsta árs orka mjög tvímælis. Þannig vilja Vinstri grænir ná fram milljarða sparnaði án þess að segja upp starfsfólki.

Halli á ríkissjóði á þessu ári einu er áætlaður 150 milljarðar króna og vaxtakostnaður 87 milljarðar króna. Heildarlaunautgjöld ríkisins voru

um 130 milljarðar árið 2007 og innan við fjórðungur allra ríkisútgjalda. Eftir að risagreiðslur ríkissjóðs í formi vaxta bættust við munar enn minna um launagreiðslur í heildarmyndinni.

Lækkun launataxta hjá vinnandi fólki, m.a. í velferðarþjónustu hjá ríki og sveitarfélögum, verður ekki gerð nema með valdboði. Nái Vinstri grænir því fram með aðstoð Samfylkingar er jafnframt verið að afnema samningsrétt milli stéttarféлага og fjármálaráðuneytis og sveitarfélaga.

Rýrnun allra launataxta hefur verið mikil frá því að verðbólgan tók að láta á sér kræla aftur í stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar. Allur almenningur finnur það um hver

DÆMI

Laun.....	500.000 kr.
Útborguð laun.....	343.645 kr.
Eftir 10% launaskerðingu.....	313.501 kr.
10% skerðing og 2% skattahækkun.....	304.861 kr.
Skerðing á útborguðum launum.....	37.784 kr.

HEIMILD: BLOG.EYJAN.IS/BRYNDIS SKV. REIKNIVEL RSK.IS

mánaðamót og við það eitt að kaupa í matinn. Launalækkun með valdboði, ofan á allar hækkunir lána, verðlags og skatta, mun ríða mörgum fjölskyldum að fullu.

Hin svokallaða velferðarbrú Samfylkingarinnar er af sama meidi. Ef sú brú á ekki að falla saman við fyrsta áhlaup verður að sækja til hennar mikla fjármuni. Samfylkingin mun óhrædd sækja þá fjármuni í vasa launafólks.

Framsóknarflokkurinn er þeirrar skoðunar að eina leiðin til að auka tekjur ríkissjóðs sé sú að auka atvinnu og verðmætasköpun í landinu með öllum tiltækum ráðum. Óflugt atvinnulíf skapar þjóðinni tekjur enda verða erlendar skuldir sem á okkur hafa verið lagðar ekki greiddar með auknum sköttum.

Við vinnum okkur úr vandanum. Við sveltum okkur ekki úr honum.

AÐGERÐARLAUS MINNIHLUTASTJÓRN

Ingibjörg Pálmadóttir segir stjórnina tala bara og halda skrautsýningar

ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ 4



ENDURREISN STÆRSTA VELFERÐARMÁLID

Lækka þarf vexti strax

FRÉTT 2



HÆTTA Á HREINNI VINSTRI STJÓRN

Gunnar Bragi óttast landflotta

NORÐVESTUR 6

VARAR VIÐ AUKINNI SKULDASÖFNUN

Siv vill láta vinna hratt og vel úr stöðunni

SUÐVESTUR 5



Endurreisn er stærsta velferðarmálið

Við óvenjulegar aðstæður þarf djarfar lausnir.

Í kjölfar þess hruns sem orðið hefur á Íslandi hafa landsmenn þurft að horfast í augu við mikið atvinnuleysi. Á næstu árum verður ríkissjóður rekinn með miklum halla og við blasir að skera þurfi niður. Á þessu ári einu er áætlað að halli á ríkissjóði verði um 150 milljarðar.

Velferð er landsmönnum öllum mikilvæg. Nú þegar ríkið þarf að skera niður útgjöld er mikilvægt að tryggja áfram öflugt velferðarkerfi. Það verður ekki gert með auknum sköttum heldur með því að koma hjólum atvinnulífsins af stað aftur.

Fyrsta skrefið til endurreisnar er að lækka vexti. Vextir eru að sliga heimili og fyrirtæki í landinu. Verðbólgan fer lakkandi með hverjum mánuðinum sem líður og því er ekkert sem réttlætir háa vexti. Auk þess er talið að erlendir aðilar fái í hverjum mánuði að meðaltali um 5-6 milljarða í vaxta-tekjur af krónum sínum. Þessum krónum mega þeir skipta í gjaldeyri og flytja úr landi.

Daglega fara að meðaltali tíu fyrirtæki í þrot og 100 manns missa vinnuna. Síðan ríkisstjórnin tók við völdum 1. febrúar sl. hafa um sex þúsund



VARANLEG LAUSN Leggjum grunn að áframhaldandi velferð, setjum ekki plástur á svöðusár.

manns misst vinnuna. Við þessari þróun þarf að sporna. Koma þarf starfsemi bankanna aftur á réttan kjól. Þá

geta bankarnir veitt fyrirtækjum og heimilum þá þjónustu sem þeim er nauðsynleg. Það er ekki þar með sagt

að öll fyrirtæki muni lifa af en færri munu fara í þrot og færri einstaklingar munu þar með missa atvinnu.

Annað úrræði sem mun enn frekar ýta undir endurreisn efnahagslífsins er 20% leiðrétting skulda heimila og fyrirtækja. Þannig er bætt fyrir það tjón sem varð við bankahrunið þegar verðbólga rauk upp og gengi krónunnar veiktist til muna. Fleiri munu hafa borð fyrir báru.

Eftir því sem fleiri hafa atvinnu og fleiri fyrirtæki ganga vel aukast tekjstofnar ríkissjóðs. Þá fær ríkið auknar tekjur til að mæta fjárlagahallanum og reka öflugt velferðarkerfi. Einstaklingar munu hafa atvinnu og þar með launatekjur. Fleiri geta staðið við skuldbindingar sínar. Smám saman eykst kaupmáttur aftur.

Setjum ekki plástur á svöðusár. Endurreisum samfélagið á þann hátt að uppbyggingin sé varanleg. Leggjum grunn að áframhaldandi velferð. Sköpum aðstæður til atvinnusköpunar, nýtum hugvit og hugkvæmni einstaklinga. Við óvenjulegar aðstæður þarf djarfar lausnir. Byggjum betra samfélag fyrir okkur öll.

Atkvæðagreiðsla á kjördag

- Kjörstaðir opnaðir 9-12 árdegis.
- Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og eigi síðar en kl. 22 á kjördag.
- Kjósandi skal gera grein fyrir sér með því að framvísa kennivottorði eða nafnskírteini.
- Kjósandi greiðir atkvæði sitt með því að marka með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista sem hann vill kjósa.
- Vilji kjósandi breyta röð framboðenda á lista þeim er hann kýs setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn sem hann vill hafa annað í röðinni o.s.frv.
- Ef kjósandi vill hafna framboðendum á þeim lista sem hann kýs stríkar hann yfir nafn hans.
- Kjósandi má ekki hagga við listum sem hann ekki kýs, hvorki stríka yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð. Slíkt ógildir atkvæðið.
- Kjósandi verður að gæta þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það sem hér segir, slíkt gæti valdið ógildingu atkvæðisins.
- Aðstoð skal aðeins veitt ef kjósandi getur sjálfur skýrt þeim er aðstoðina veitir ótvívert frá því hvernig hann vill greiða atkvæði sitt. Kjósandi biðji sjálfur um aðstoð.

Tíu þúsund störf í landbúnaði

Norðvesturkjördæmi byggist að mestu á undirstöðuatvinnuvegunum, landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði. Kjördæmið er matarkista sem þarf að hlúa vel að. Tryggja þarf matvælaöryggi þjóðarinnar ásamt því að spara gjaldeyri með því að framleiða matvæli innanlands. Í raun höfum við einnig tækifæri til aukins útflutnings í landbúnaði á forsendum heilbrigðis og gæða. Í dag eru ársverk í landbúnaði 5000 og afleidd störf 5000. Af þessu má sjá að landbúnaðurinn er þjóðinni einnig mikilvægur þegar til atvinnu kemur.

Grunnforsendan fyrir öflugum atvinnulífi er verðmætasköpun sem skilur eftir sig virðisauka. Það er ekki hægt að byggja hagkerfið allt upp á þjónustu þar sem virðisaukinn verður bara til manna á milli en ekki í raunverulegri framleiðslu. Sá jákvæði vöruskiptaafgangur sem er um þessar mundir verður að halda sér. Við megum ekki eyða meiru en við öflum.

Hér hefur verið rekin hávaxtastefna sem er ein af orsökum þess hvernig komið er fyrir þjóðinni. Ef ekki hefði verið fyrir þessa kolröngu stefnu berðust fyrirtæki og einstaklingar ekki í bökkum vegna erlendra lána sem hafa hækkað fram úr hófi vegna falls krónunnar. Vaxtastigið verður að lækka hratt og örugglega þannig að fyrirtæki



SINDRI SIGURGEIRSSON í Bakkakoti í Borgarfirði er einn af fáum bændum sem á möguleika á þingsæti í komandi Alþingiskosningum. Hann býður sig fram í Norðvesturkjördæmi.

og einstaklingar geti farið að framkvæma og horfa fram á veginn. Allar forsendur eru fyrir lækun vaxta núna þegar verðbólga er nánast horfin.

Forsendan fyrir því að heimilin komist vel af er öflug atvinnustarfsemi sem skilar arði til samfélagsins. Arðurinn verður að skila sér út í samfélagið, ekki bara til nokkurra útvaldra. Samfélagsleg ábyrgð verður að vera leiðarljós fyrirtækjanna þar sem manngildi er sett ofar auðgildi. Seint á 19. öld tóku menn sig saman og stofnuðu

samvinnufélög sér og sínum til heilla. Ástæðan var fyrst og fremst sú að kaupmenn þess tíma sýndu ekki samfélagslega ábyrgð.

Framsóknarflokkurinn hefur lagt fram ítarlega áætlun í 18 liðum sem snýr að endurreisn fyrirtækja og heimila. Framsóknarflokkurinn er og hefur alltaf staðið fyrir atvinnu og ávallt sett atvinnumál á oddinn, einmitt vegna þeirrar beinu tengingar sem er á milli öflugs atvinnurekstrar og heimilanna í landinu.

**ENDUR
REISN
HEIMILA
OG FYRIR
TÆKJA** FYRIR
OKKUR
ÖLL

Við þurfum að skjóta styrkum stoðum undir efnahag þjóðarinnar. Lausnirnar verða að vera varanlegar, skapa stöðugleika, tryggja öflugt atvinnulíf og einstaklingum og fjölskyldum örugga þjónustu.



BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR, formaður Sambands ungra framsóknarmanna, er í 4. sæti í Suðurlandsdæmi

Manngildi ofar auðgildi

Ungt fólk í endurreisnarhug.

Sem formaður Sambands ungra framsóknarmanna get ég ekki annað en verið stolt. Á flokksþingi framsóknarmanna í janúar var metþátttaka hjá ungum framsóknarmönnum. Við tókum þátt í öllum umræðum, vorum sýnileg í öllu málefnastráfi auk þess sem við gáfum tóninn fyrir helgina með kynningu á verkefni okkar undir nafninu „Framsókn til framtíðar“. Þar kynntum við fyrir framsóknarmönnum tillögur sem unnar hafa verið af ungum framsóknarmönnum, tillögur sem boða ný vinnubrögð innan Framsóknarflokksins þar sem meðal annars samtryggingu allra stjórnmalamanna og -flokka er hafnað. Á táknrænan hátt stjórnunum við síðan gjörningi þar sem draugar fortíðarinnar voru grafnir og björt framtíð gróðursett. „Það eru óvenjulegir tímar og fólk virðist tilbúið til óvenjulegra hluta,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þegar hann gaf kost á sér til formanns flokksins. Hann hafði rétt fyrir sér. Meðalaldur nýrrar forystusveitar flokksins er aðeins 33 ár og verður það að teljast óvenjulegt í íslenskum stjórnmálum. Formaðurinn sjálfur er aðeins 33 ára SUF-ari og yngsti for-

maður flokksins frá upphafi. Birkir Jón Jónsson varaformaður er 29 ára SUF-ari. Eygló Harðardóttir ritari er 36 ára og því nýskriðin af SUF-aldri.

Framsóknarflokkurinn var stofnaður utan um þær grunnhugsjónir sem drifu áfram samvinnuhreyfinguna og ungmennafélögin. Leitað er lausna á sameiginlegum viðfangsefnum samfélagsins með samvinnu og jöfnuð að leiðarljósi. Á tímum sem þessum þurfum við að hefja flokkinn til vegs og virðingar með þessi leiðarstef í forgrunni enda á frjálýnd félagshyggja ávallt við og hefur ekki beðið skipsbrot eins og þeir ismar sem hafa verið boðaðir á báðum vængjum pólitíska litrófsins.

Það er hlutverk SUF sem samvisku flokksins að leiða flokkinn í rétta átt. Sú leið er mörkuð heiðarleika, samvinnu og velferð fyrir hinn almenna borgara.

Taktu ábyrgð á þínu lífi og taktu ábyrgð á framtíð barna þinna. Taktu þátt í uppbyggingarstarfi Framsóknarflokksins. Sameinuð í samvinnu byggjum við upp betra Ísland.

Bryndís Gunnlaugsdóttir



SKEMMTILEG BARÁTTA Siv Friðleifsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins í Kraganum, dreifir bæklingum fyrir utan Fjarðarkaup í Hafnarfirði ásamt meðframbjóðanda sínum, Gesti Valgarðssyni. Viðtakandi er kjósendi framtíðarinnar. Baráttan er komin á fullt og nóg að gera hjá frambjóðendum. Mikil stemmning ríkir og nú er um að gera fyrir sjálfbóðalíða að slást í hópinn á lokaspertinum og taka þátt í gefandi og skemmtilegri kosningabaráttu. Allar nánari upplýsingar eru á www.framsokn.is.

Kosning utan kjörfundar

- Utankjörfundarskrifstofa Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 er opin frá kl. 9-22 alla virka daga og frá kl. 12-20 um helgar.
- Kosning fer fram hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum og ræðismönnum erlendis. Utankjörfundarkosning í Reykjavík fer fram í Laugardalshöll alla daga frá kl. 10-22.
- Framsóknarfólk! Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, þá sem búa annars staðar en getið er um á kjörskrá og vini og ættingja sem búsettir eru erlendis.
- Nánari upplýsingar um kosningu utan kjörfundar er að finna á framsokn.is undir viðkomandi kjördæmi. Ef óskað er frekari upplýsinga er hægt að hafa samband við skrifstofu Framsóknarflokksins í síma 540 4300 eða á netfangið utankjorfundur@framsokn.is.
- Nánari upplýsingar um hvar kjósa má erlendis er að finna á vefslóðinni: www.utanrikisraduneyti.is.

framsokn.is



FRAMSÓKN

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

Sumarkort á aðeins 9.900 krónur í örfáa daga

KVENNA KVÖLD

FYRIR
OKKUR
ALLAR

Miðvikudaginn 22. apríl kl. 20:00 í Borgartúni 28

Veislustjóri verður Jónína Benediktsdóttir

- Lifandi tónlist
- Glæsileg tískusýning
- Íslensk hönnun
- Léttar veitingar
- Óvæntur glaðningur

Allar konur innilega velkomnar og takið vinkonurnar með!

Vigdís Hauksdóttir
1. sæti Reykjavík suður

Salvör Gissurardóttir
4. sæti Reykjavík suður

Ásta Rut Jónasdóttir
2. sæti Reykjavík norður

Guðrún Valdimarsdóttir
3. sæti Reykjavík suður

Fanný Gunnarsdóttir
4. sæti Reykjavík norður



Framsóknarkonur í Reykjavík

framsokn.is



FRAMSÓKN

LEIÐARI

eftir Jón Kristjánsson, fyrrverandi ráðherra

Vinstri sveifla – loðin svör

Vinstri sveifla er í könnunum fyrir komandi kosningar. Borin von er að vatnaskil verði fyrir Sjálfstæðisflokkinn í fylgi eftir hremmingar páskahelgarinnar. Flokkurinn þurfti sist á umræðunni um risastyrkina að halda.

Framvinda síðustu vikna hefur verið með nokkrum ólíkindum. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haldið uppi málþófi á Alþingi um stjórnarskrána og þrátt fyrir nokkur jákvæð mál hefur ekki miðað sem skyldi í aðgerðum fyrir fyrirtæki og heimili. Framsóknarflokkurinn hefur talað skýrt og lagði fram tillögur sínar fyrir mörgum vikum.

Framsóknarflokkurinn er og hefur verið í gegnum tíðina jarðsamband í stjórnámum, jarðbundinn flokkur. Framsóknarflokkurinn er miðjuflokkur sem hafnar öfgum til hægri og vinstri. Framsóknarflokkurinn var aldrei og er ekki nýfrjálsbyggjuflokkur. Hins vegar hafa framsóknarmenn ávallt skilið mæta vel samhengið milli öflugrar atvinnustarfsemi og velferðarinnar.

Dagljóst er að það væri heppilegast fyrir stjórn málin að Framsóknarflokkurinn styrkti stöðu sína. Með því væri að minnsta kosti mögulegt að veita næstu ríkisstjórn aðhald. Það er ekki óskastaða fyrir þjóðina að fá vinstri stjórn með svo mikinn meirihluta að hver gæti spilað sína pólitík í skjóli hans. Því miður hafa stjórnarliðar ekki talað skýrt um framtíðina, þó að þeir telji yfirgnæfandi líkur á því að þeir starfi saman eftir næstu kosningar. Stjórnarliðið er ekki samstiga í atvinnumálum og allir þekkja misræmið á stöðu þeirra gagnvart Evrópumálunum. Gjaldmiðilsmálin og ríkisfjármálin eru hulin þoku.

Nú er brýnasta verkefnið að fjölga atvinnutækifærum, móta peningastefnu í samfélaginu og ákvarða forgangsröðun í ríkisfjármálum næstu árin. Til þess þarf atbeina Framsóknarflokksins því að það er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn mun þurfa að minnsta kosti næsta kjörtímabil til þess að ná vopnum sínum.

Fyrir liggur að stjórnlagabæingid verður ekki lögfest á þessu þingi. Sjálfstæðisflokkurinn á sökina. Framsóknarmenn verða að hafa afl til þess að taka málið aftur upp eftir kosningar. Fyrir því er ríkur vilji. Nauðsynlegt er að nýta tímann vel til umræðu um nýja stjórnarskrá. Vanda þarf til undirbúnings stjórnlagabæingis og almenn umræða í samfélaginu er ómissandi þáttur í því. Nauðsyn ber til þess að leiða í stjórnarskrá þá breytingu að hægt sé að kjósa um stjórnarskrárbreytingar án þess að boða til almennra alþingiskosninga. Með því eru stjórnarskrárbreytingarnar í brennidepli og sá kostur opin fyrir þjóðina að taka efnislega afstöðu til breytinganna.



Tíminn

Hverfisgötu 33, 101 Reykjavík
www.framsokn.is

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn

Ritstjóri: Jón Kristjánsson

Ábyrgðarmaður: Sigfús Ingi Sigfússon

Hönnun og umbrot: Birgir Þór Harðarson

Dreifing: Dreift til allra heimila á landinu

ORÐ Í TÍMA TÖLUÐ

Ingibjörg Pálmadóttir skrifar:

Við sækjum fram

Fólkið í landinu hefur fengið að heyra hvað stjórn mála flokkarnir hafa upp á að bjóða í komandi kosningum, hvaða heillaráð þeir eiga til handa heimilunum og atvinnuvegunum.

Stefna Framsóknarflokksins er skýr og var kynnt fyrir mörgum vikum. Áherslur flokksins eru vel útfærðar og gætu komið til framkvæmda strax í dag. Þær voru hugsaðar sem lausn fyrir sitjandi ríkisstjórn sem hefur ekkert aðhafst nema talað og haldið skrautsýningar sem sumar jafnast á við það sem við sáum koma frá Kína hér í gamla daga.

Ráðalaus ríkisstjórn

Hvar geymir ríkisstjórnin lausnirnar? Hvaða lausnir hefur hún varðandi skuldir heimilanna? Engar, nema þær að fólk má bíða vikum og mánuðum saman til að fá viðtal við ráðgjafabjónustu sem hefur lítið og oft ekki neitt upp í erminni til hjálpar - og hvað svo?

Hvað hefur ríkisstjórnin gert í atvinnumálum? Hvaða tillögur er hún með varðandi fyrirtækin í landinu? Án fjölbreyttra og blómlegra atvinnuvega næst engin velferð fram hjá þessari þjóð okkar.

Núverandi ríkisstjórn segist ætla að efla störf í þágu velferðar en velferðarþjónustu rekur við ekki öðruvísi en undirstöðu atvinnuveginir fái að blómstra og að hér sé framleiðsla sem nær að skila arði. Það er ekki hægt að bíða eftir að olíulindir opnast og olían streymi til okkar þótt vissulega verði það að líkindum vel þegið þegar og ef þar að kemur.

Þjóðnýting

Ekki lítur það nú vænlega út ef gera á eignir í sjávarútvegi einhliða upptækar og skilja bankana eftir í vindinum með þær skuldir sem á eignunum hvíla, eins og núverandi stjórnarflokkar boða. Allt er þetta eitthvað svo laust í rásinni hjá ríkisstjórninni; það vantar einhvern botn í þetta! Kannski er þetta svipað því þegar Samfylkingin lofaði gjaldfrjálsum Hvalfjarðargöngum sem greinilega var ekki nægjanlega vel ígrundað hjá þeim, eins og komið hefur í ljós.

Skattahækkunarir

Samfylkingin og Vinstri grænir bjóða upp á skattahækkunarir. Þá spyr maður: Af hverju eru þeir þá ekki búnir að hækka skattana nú þegar ef þeir sjá svo mikla möguleika hvað það varðar? Eftir hverju er beðið? Aldrei í sinni tíð hafa jafn margir Íslendingar þurft að leita hjálpar vegna skorts á nauðþurftum. Hvað býður ríkisstjórnin þessu fólki upp á í dag?

Framsóknarflokkurinn hefur oft átt samleið með núverandi stjórnarflokkum á margan hátt þegar kemur að velferðarmálunum, en það veit ég af reynslu að ef undirstöðurnar verða ekki treystar verður velferðarþjónustan veik



KRAFTUR OG ÞOR Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, segir að minnihlutastjórn vinstri flokkanna hafi misnotað tækifærið.

og það þarf að renna traustum stöðum undir atvinnulíf í landinu!

Sækjum fram

Árið 1995 settist Framsóknarflokkurinn í ríkisstjórn. Þá var mikið atvinnuleysi í landinu og staða velferðarmála var ömurleg. Það tók okkur tvö ár að vinna okkur upp úr langvarandi doða en það tókst með krafti og samstilltu liði. Þetta þurfum við að gera núna með því góða fólki sem til er í það starf. En það verður ekki gert nema stefna Framsóknarflokksins sé höfð að leiðarljósi.

Það þarf öflugt og sterkt fólk í brúna í dag. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kom eins og ferskur vindur inn í stjórn málin með vit og vilja til að stýra skútunni. Honum og hans fólki er vel treystandi til að gera hlut flokksins og

Íslendinga allra sem mestan og bestan. Hann veit að það eru gömlu gildin sem þarf að hefja til vegs og virðingar. Hann vill aðgerðir strax til handa heimilum og fyrirtækjum. Hann veit að nú duga ekki nein vettlingatök! Við þurfum lausnir og þær er að finna í stefnu Framsóknarflokksins.

Góður málstaður

Við höfum áður séð slæmar skoðanakannanir; við látum þær ekki slá okkur út af laginu. Við vitum að við erum með góðan málstað, sterka framboðslista. Þegar á hólminn er komið treysti ég því að skynsemin ráði för og að við höfum erindi sem erfiði. Ég hef sjaldan verið stoltari af mínu fólki en nú. Með þessu liði verður gaman að sækja fram til nýrrar framsóknar!



SUÐVESTURKJÖRDÆMI – 1. SÆTI

Jöfnuður, sanngirni og réttlæti

Siv Friðleifsdóttir, oddviti Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, leggur áherslu á endurreisn efnahagsmála og ný atvinnutækifæri.

Hvers vegna fórstu að starfa í pólitík?

Frá því ég man eftir mér hef ég haft brennandi áhuga á félagsmálum. Eitt leiddi af öðru og áhuginn á stjórnmálum vaknaði af krafti á háskólaárunum. Á þeim tíma vann ég í ritstjórn Stúdentablaðsins og síðan með Landssambandi framsóknarkvenna og svo Sambandi ungra framsóknarmanna. Á öðru kjörtímabili mínu í bæjarstjórn Seltjarnarness ákvað ég að fara í prófkjör fyrir framsóknarmenn og hef síðan starfað á Alþingi.

Hver eru helstu áhugamál þín, utan stjórnmálanna?

Útivist og hreyfing, s.s. göngur, skokk og fjallaklifur. Ég hef gaman af alls kyns veiði, ljósmyndun og mótorhjólum. Sjósundið er líka ofarlega á vinsældalistanum. Það er fátt sem hressir meira en góð sjóköling eftir annasaman dag.

Hverjar eru helstu pólitísku hugsjónir þínar?

Ég hef ríka réttlætiskennd og vil sjá meiri jöfnuð, sanngirni og lýðræði. Samfélag okkar hefur verið plagað af fákeppni og samþjöppun valds. Því vil ég breyta. Ég hef unnið að lýðræðisumbótum og hef lagt ítrekað fram tillögur um að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku. Ég vil líka jafna vægi atkvæða milli kjördæma. Nú eru hugmyndir mínar að fá hljómgrunn. Jafnréttismál hafa verið baráttumál hjá mér, minnkun kynbundins launamunar og að allir hafi tækifæri til vinnu. Mér finnst líka mjög mikilvægt að aðgangur að heilbrigðisþjónustu og menntun sé jafn og óháður efnahag.

Hver eru stærstu einstöku mál komandi kosninga?

Endurreisn efnahagsmála og ný atvinnutækifæri. Samfylking og Sjálfstæðisflokkur gripu ekki til varnaraðgerða þegar ljóst var að í óefni stefndi.

SVIPMYND

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR, oddviti Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi, er þingmaður kjördæmisins og þingflokksformaður. Hún hefur einnig verið oddviti Neslistans á Seltjarnarnesi, ráðherra umhverfismála, norræns samstarfs og heilbrigðismála. Siv er gift Þorsteini Húnbogasyni og á með honum tvo syni. Siv er 46 ára, dóttir Bjargar Juhlin Árnadóttur kennara og Friðleifs Stefánssonar tannlæknis.

Nú þarf að vinna hratt úr stöðunni. Við framsóknarmenn viljum leiðrétta höfuðstól húsnæðislána og lána fyrirtækja um 20% strax. Allir hafa hag af því, bæði heimilin, fyrirtækin og kröfuhafar. Verði það ekki gert sogumst við niður í spirál skulda sem verður erfitt að vinna sig upp úr. Það er betra að taka róttækt skref strax heldur en að vera ákvarðanafællinn og bíða.

Hvers vegna ætti fólk að kjósa Framsóknarflokkinn, en ekki einhvern annan flokk?

Því við bjóðum upp á skýrar lausnir fyrir okkur öll. Við erum atvinnumálaflokkur sem vill félagslegan jöfnuð og velferð. Slagorð okkar, manngildi ofar auðgildi, lýsir þessu vel. Mikilvægt er að atvinnureksturinn verði sem fyrst í stakk búinn að auka umsvif sín og geti ráðið fleira fólk til starfa. Það er skynsemi í því að kjósa Framsókn núna því að við getum tryggt nýrri ríkisstjórn jarðsamband. Okkur hugnast ekki öfgar, hvorki til hægri né vinstri.

Hvernig verð þú frítímanum?

Í frítímanum reyni ég að sinna fjölskyldu og vinum, borða góðan og hollan mat og stunda útivist. Ég nýti líka frítímann í ljósmyndastúss og vinnu við heimasíðu mína www.siv.is. Ég hef uppfært þá síðu daglega í sjö ár og þar má nú finna 14.900 ljósmyndir úr daglega lífinu.



1. SÆTI Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI Siv Friðleifsdóttir

LJÓSMYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Birgir Þórarinsson skrifar:

Leiðrétting lána réttlætismál

Hagsmunasamtök heimilanna hafa sent frá sér harðorða ályktun um tillögur ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna um aðgerðir til hjálpar heimilunum.

Samtökin telja aðgerðirnar minniháttar og greiðsluþjónun íbúðarlána eins og „að setja plástur á fótbrot“. Samtökin segja jafnframt: „Með því að velja greiðsluþjónun og hafna almennri leiðréttingu lána hafa stjórnvöld eingöngu ákveðið að lengja í hengingarólíni.“ Heimilin skulu blóðmjólkuð.

Hagsmunasamtök heimilanna styðja tillögur Framsóknarflokksins um að leiðrétta lán með því að lækka þau um 20%.

Íbúðarlán hafa hækkað verulega á fácinum mánuðum. Orsökir er hrun

bankakerfisins, hrun krónunnar og mikil verðbólga. Almennir hafa ekkert til saka unnið. Skuldir útrásarvikinga hafa hækkað skuldir almennings. Stjórnvöld hafa sent skýr skilaboð, almennir skal borga brúsann. Almennir skal borga óráðsú útrásarvikinganna. Ríkisstjórnin hefur staðið vörð um sparnað landsmanna í hruninu. Ríkið setti 200 milljarða í peningamarkaðssjóði til þess að lágmarka tap þeirra sem áttu þar peninga. Ríkið ábyrgist bankabækur landsmanna upp á 600 milljarða. En þeir sem settu sparnað sinn í steinsteypu fá ekkert, þvert á móti skulu þeir nú fá að borga allt upp í topp, um leið og fasteignaverð hriðfelltur.

Lausn ríkisstjórnarinnar, fyrir utan það að lengja í lánunum, er hækkan

vaxtabóta upp á heila 2 milljarða króna, smámunir í samanburði við það sem fært var þeim sem settu sparnað sinn inn á bók en ekki í íbúðir.

Samfylkingin og Vinstri grænir hafa þannig gert upp á milli landsmanna.

Þegar gömlu bankarnir urðu gjaldþrota töpuðu þeir sem lánuðu bönkunum háum fjárhæðum. Voru það einkum erlendir bankar. Samkvæmt upplýsingum frá skilaneftindum gömlu bankanna er áætlað að tap þessara aðila nemi allt að 3300 milljörðum. Nýju bankarnir keyptu lánasöfn (m.a. íbúðalán) gömlu bankanna. Nýju bankarnir munu hins vegar fá 3300 milljarða króna afslátt af pakkanum. Í stað þess að leyfa almenningsi að njóta hluta afsláttarinnar, í formi leiðréttingar á mikilli

hækkun lána, hefur ríkisstjórnin ákveðið að nýju bankarnir skuli hirða afsláttinn. Almennir skal borga að fullu.

Framsókn hefur lagt til að almennir fái hlutdeild í „afslætti“ erlendra lánveitenda í formi leiðréttingar á höfuðstóli íbúðarlána sinna, leiðréttingar sem nemur 20%. Hér er um sanngjarna og réttmæta aðgerð að ræða.

Framsókn leggur til raunhæfar og nauðsynlegar aðgerðir til bjargar heimilunum í landinu. Til þess að þetta brýna hagsmunamál nái fram að ganga þarf Framsóknarflokkurinn á þínu atkvæði að halda í kosningunum 25. apríl nk. Samstaða tryggir árangur.

Hefur þú efni á að kjósa ekki Framsókn ?



BIRGIR ÞÓRARINSSON, guðfræðingur og MA í alþjóðasamskiptum, skipar 3. sætið í Suðurkjördæmi fyrir Framsóknarflokkinn.

NORÐVESTURKJÖRDÆMI – 1. SÆTI

Hætta á hreinni vinstristjórn

Gunnar Bragi Sveinsson, oddviti Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi, segir að Framsóknarflokkurinn verði að fá nægan stuðning til að setjast í ríkisstjórn.

Hvers vegna fórstu að starfa í pólitík?

Eins og svo margir þá byrjaði ég að sendast í kringum kosningar og kveikti það eflaust áhugann. Ég gekk svo í Félag ungra framsóknarmanna í Skagafirði þegar ég hafði aldur til og hef starfað í floknum síðan. Ég fór fyrst í framboð 23 ára og hef komið að kosningum með einhverjum hætti allar götur síðan.

Hver eru helstu pólitísku áhugamál þín?

Í raun eru öll pólitísk mál áhugaverð en ég tel að mál sem tengjast atvinnuvegunum, landbúnaði, sjávarútvegi, nýsköpun og nýtingu auðlinda landsins til hagsbóta fyrir íbúana, séu hvað áhugaverðust. Síðan eru það vitanlega byggða- og samgöngumál en allt tengist þetta nú órjúfandi böndum.

Hver eru stærstu einstöku mál komandi kosninga?

Atvinnumál, efnahagsmál og málefni heimilanna.

Hvers vegna ætti fólk að kjósa Framsóknarflokkinn en ekki einhvern annan flokk?

Framsóknarflokkurinn er eini flokkurinn sem lagt hefur fram raunverulegar tillögur til bjargar heimilum og fyrirtækjum. 20% leiðrétting skulda fyrirtækja og heimila þarf að eiga sér stað strax. Það kostar ríkissjóð ekkert því erlendu kröfu-hafarnir borga. Þetta er forsenda þess að við náum að bjarga heimilum og fyrirtækjum og þannig koma í veg fyrir kerfishrun. Þá tel ég verulega hættu á að hér verði mynduð hrein vinstristjórn. Slík stjórn mun hækka skatta, fjölga bótaþegum og ríkisvæða atvinnulífið og heimilin.

SVIPMYND

GUNNAR BRAGI SVEINSSON hefur starfað sem verkamaður, þjónn, gæslumaður, sendibílstjóri, verslunarstjóri, aðstoðarmaður Páls Péturssonar félagsmálaráðherra og var um skeið aðstoðarmaður Magnúsar Stefánsonar alþingismanns. Þá var Gunnar með eigin atvinnurekstur 2004–2006. Frá 2002 hefur Gunnar setið í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar og leiðir nú meirihlutasamstarf Framsóknarflokks og Samfylkingarinnar. Gunnar er formaður SSNV, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, formaður stjórnar Gagnaveitu Skagafjarðar, á sæti í atvinnu- og ferðamálanefnd ásamt því að vera formaður stjórnar Norðurár bs. sorpsamlags. Gunnar er fæddur og uppalinn á Sauðárkróki og giftur Elvu Björk Guðmundsdóttur. Þau eiga fimm syni.

Það mun draga allan kraft úr einstaklingum og fólk mun flytja úr landi. Framsóknarflokkurinn verður að fá styrk til að verða hluti af ríkisstjórn vinstriflokkanna svo komið verði í veg fyrir slíkt. Framsóknarmenn vilja leið ríkis- og einkarekstrar en ekki öfgar til hægri eða vinstri.

Hver eru helstu áhugamál þín utan stjórnmalanna?

Ég hef því miður haft lítinn tíma síðastliðið ár til að sinna áhugamálum en þau eru aðallega tengd bleikjuveiði, golfi og skíðum. Svo missi ég helst ekki af enska boltanum.

Hvernig verð þú frítíma þínum?

Frítímamann nota ég með fjölskyldunni, helst í sumarbústað tengdafjölskyldunnar í Fljótum. Svo þarf að dytta að húsinu og garðinum o.þ.h.



1. SÆTI Í NORÐVESTURKJÖRDÆMI Gunnar Bragi Sveinsson

LJÓSMYND/BALDUR KRISTJÁNSSON

Huld Aðalbjarnardóttir skrifar:

Ný tækifæri, ný vinnubrögð

Við uppbyggingu og endurnýjun íslensks samfélags er brýnt að nýta þau tækifæri sem skapast hafa vegna efnahagshrunsins sem fáir voru valdir að en allir landsmenn súpa seyðið af. Tækifærin felast m.a. í endurnæmi á vinnubrögðum, viðhorfi og forgangsroðun.

Núna höfum við möguleika á að snúa ofan af stjórnkerfi sem augljóslega virkaði ekki sem skyldi og er rúð trausti og virðingu. Brýnt er að taka höndum saman og byggja upp lýðræðislega stjórnsýslu skref fyrir skref, stjórnsýslu með gengsæjum vinnubrögðum á grunni upplýstra ákvarðana, stjórnsýslu sem sýnir að við höfum lært af því sem miður hefur farið en að sama skapi sé haldið í það sem vel hefur tekist. Nú reynir á samstöðu okkar smáu en kjörkuðu þjóðar, þjóðar sem hefur reynt margt, villst af leið en hefur alla möguleika til að endurbyggja heilbriggt samfélag

jöfnuðar og samvinnu.

Ég hef fulla trú að því að í öllum stjórnmalahreyfingum sé vilji til þess að horfa til framtíðar, slíðra sverðin og finna sameiginlegar lausnir á verkunum sem blasa við. Vissulega er vaninn sterkur og hætta er á að þeir einstaklingar sem hafa karpað á Alþingi í fjölda ára haldi því áfram í þeim tilgangi að verja pólitískan heiður sinn. Tími pólitísku hégóma er liðinn um sinn, þjóðin hefur ekki efni á að biða af sér karp sem engu skilar, nú er tími skilvirkra vinnubrögða.

Á þessum grunni höfum við framsóknarmenn komið til kosningabaráttunnar með málefnalegar tillögur og lausnir. Okkar mat er að tíminn sé svo dýrmætur heimilunum og atvinnulífinu að til muna ákveðnari og markvissari hjálparaðgerða þurfi að grípa strax að loknum kosningum en nú verandi stjórn hefur gert.



HULD AÐALBJARNARDÓTTIR skipar 3. sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi.



Góð þátttaka í framsóknarvist á Egilsstöðum

Fékk pöbbarölt í verðlaun


Góð þátttaka var í framsóknarvist sem haldin var í kosningamiðstöðinni á Egilsstöðum á annan dag páska. Spilað var á fjölda borða og eftir 24 spil var niðurstaðan sú að efst kvenna varð Bryndís Einarsdóttir með 181 slag en efsti karlinn varð Sauluis Geuntis með 190 slagi en hann er nýbúinn að læra spilið, geri aðrir betur. Þau hlutu að launum kaffihlaðborð fyrir fjölskylduna á Klausturkaffi, Skriðuklaustri.

Verðlaun fyrir athyglisverða spilamennsku hlutu Sólveig Aðalbjörns-

dóttir sem hlaut að launum pöbbarölt á Siglufirði í fylgd Birkis Jóns Jónssonar og síðan Stefán Bogi Sveinsson en hann hlaut að launum kartöflu-upptöku með Valgerði Sverrisdóttur á Lómatjörn. Stefán hlaut einnig þrasetuverðlaunin fyrir að sitja 10 umferðir á sama borðinu. Þau verðlaun voru forlata sessur sem eiga án vafa eftir að koma sér vel. Í hléi gæddu gestir sér síðan á dýrindis kaffiveitingum sem félagar í Framsóknarfélagi Héraðs- og Borgarfjarðar hristu fram úr erminni.

Hvað er málið með þessar kindur?

Ungt framsóknarfólk hefur ekki gleymt uppruna flokksins.



KINDARLEGT Sauðkindin táknar sveitina og Framsóknarflokkurinn hefur löngum verið tengdur landsbyggðinni öðrum fremur. Ungu framsóknarfólki fannst þess vegna vel til fallið að nýta kindina til að bera út boðskapinn enda hömruðu andstæðingar flokksins ranglega á því að hann væri sveitó. Kindin kom fyrst fram í flokksauglýsingu árið 2003 og hafa mismunandi teikningar spreytt sig á framsóknarkindinni.

Styrkir árið 2006

Forysta Framsóknarflokksins aflaði leyfa til að birta upplýsingar um helstu styrkveitingar til Framsóknarflokksins á árinu 2006 sem fjölmiðlar höfðu farið fram á upplýsingar um. Þeir styrkir eru talsvert lægri en hjá Sjálfstæðisflokki og Samfylkingunni.

Það var mat Framsóknarflokksins að háir styrkir fyrirtækja til stjórnmalaflokka gætu orkað tvímælis og því var flokkurinn í forystu fyrir því að lög yrðu sett um hámark á slíkar styrkveitingar og að flokkum yrði gert að birta bókhald sitt eins og nú er orðin raunin.

Yfirlit yfir þau fyrirtæki sem veittu styrki að upphæð ein milljón króna eða hærrí árið 2006 er að finna í töflunni til hliðar.

STYRKVEIINGAR YFIR EINI MILLJÓN KRÓNA

BNT	2.500.000 kr.
Ehf. Andvaka	1.000.000 kr.
Ehf. Samvinnutryggingar	1.000.000 kr.
Eimskip	1.000.000 kr.
Eykt	5.000.000 kr.
Glitnir	2.500.000 kr.
Kaupþing banki	4.000.000 kr.
Landsbankinn	2.000.000 kr.
Mjólkursamsalan	1.000.000 kr.
Nýsír	2.000.000 kr.
Samskip	1.500.000 kr.
Samtals:	23.500.000 kr.

Dagskrá fram að kosningum

Það er mikið um að vera hjá framsóknarmönnum um land allt fram að kosningum. Sjá nánar á www.framsokn.is/kjordaemi.

Dags.	Reykjavíkurborg	Suðvesturkjördæmi	Suðurborg	Norðausturkjördæmi	Norðvesturkjördæmi
16. apríl 2009	Áttahagavöld SU í kosningamiðstöðinni í Borgartúni kl. 20	Opnun kosningaskrifstofu að Dalshrauni 5 í Hafnarfirði kl. 16.30. Léttar veitingar.	Bændafundur á Hótel Selfossi. Opnun kosningaskrifstofu í Reykjanesbæ kl. 17.	Borgarafundur á RÚV	Bændafundur í Borgarnesi. Hádegisfundur í Ólafsvík.
17. apríl 2009		Opið hús fyrir konur, Digranesvegi 10 milli kl. 17 og 19. Léttar veitingar.	Formleg opnun kosningaskrifstofu á Selfossi kl. 17	Bændafundur á Egilsstöðum og opnun kosningaskrifstofu í Neskaupstað	Opnun kosningaskrifstofu á Blönduósi. Partí víða.
18. apríl 2009		Morgunkaffi í Kópavogi kl. 11-13, Hafnarfirði kl. 11-13 og í Mosfellsbæ kl. 10-14.	Formleg opnun kosningaskrifstofu á Hvolsvelli kl. 14.00 og á Höfn	Opnun kosningaskrifstofa á Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Djúpavogi	Opnun kosningaskrifstofu og fundir víða (framsokn.is)
19. apríl 2009	Alþjóðahátíð		Formleg opnun kosningaskrifstofu í Hveragerði kl. 17	Kaffi eldri borgara á Hótel KEA og fundur á Dalvík. Kvinnakvöld á Húsavík.	Fundur í Fljótum
20. apríl 2009			Formleg opnun kosningaskrifstofu í Vík í Mýrdal. Borgarafundur á RÚV.	Opinn fundur stéttarfélaganna á Akureyri með oddvitum	Fundur í Bolungarvík, Húnaveri, á Flateyri og Blönduósi
21. apríl 2009				Bændafundur í Eyjafjarðarsveit og ungliðapartí á Egilsstöðum	Hádegisfundur á Hvanneyri
22. apríl 2009	Borgarafundur á RÚV Reykjavík suður Konukvöld kl. 20			Kvinnakvöld á Akureyri	Fundur á Hvammstanga og á Akranesi
23. apríl 2009	Sumarhátíð	Vöflukaffi að Digranesvegi 10 milli kl. 14 og 17	Brunch í Grindavík frá kl. 11-13	Kvinnakvöld á Egilsstöðum	
24. apríl 2009	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV	Leiðtogaumræður á RÚV
25. apríl 2009	Alþingiskosningar 2009	Alþingiskosningar 2009	Alþingiskosningar 2009	Alþingiskosningar 2009	Alþingiskosningar 2009

Afkvæmi búsaðhalda- byltingarinnar

REYKJAVÍK NORÐUR Ásta Rut Jónasdóttir er í 2. sæti framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík norður og er ný í stjórnarmálum.

„Mér finnst Framsókn vera eini flokkurinn sem hefur farið í raunverulega endurnýjun á sinni forystu og sínum framboðslistum. Það eru ekki til töfralausnir en Framsókn kemur með raunhæfar lausnir. Þessi nýja Framsókn vill sjá breytingar á stjórnkerfinu.“ Ástu finnst að traust almennings hafi verið misnotað freklega. „Útrásarvíkingar og stjórnvöld hafa



ÁSTA RUT JÓNSDÓTTIR

svínað á kjósendum. Ég vil að á næstu fjórum árum fái atvinnulífíð súrefni, við vinnum bug á atvinnuleysi og að heimilin fái 20% bætur vegna verðtryggingarinnar. Einnig finnst mér mikilvægt að skýr skil séu á milli löggjafar-, framkvæmdar- og dómvalds.“

Ásta segir að henni finnst kosningabaráttan hafa verið skemmtileg og lærdómsrík hingað til. „Mér hefur fundist skemmtilegra að hlusta á kjósendur og þeirra sjónarmið um uppbyggingu landsins heldur en að ég haldi framboðsræður.“

Blöskraði ráðaleysið

REYKJAVÍK SUÐUR Guðrún Valdimarsdóttir, 3. sæti í Reykjavíkurborgkjördæmi suður, gaf kost á sér í pólitík eftir efnahagshrunið því að henni blöskraði ráðaleysi og fúms stjórnarflokkanna.

„Það er algjört forgangsverkefni að skapa atvinnu og bregðast við vanda heimilanna með því að leiðrétta skuldir þeirra um 20%, skuldir sem urðu til vegna verðbólgunar og verðtryggingarinnar.“ Guðrún segir stjórnarflokkana hafa eytt miklu þúðri í að gagnrýna og



GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR

rangtúlka stefnumál Framsóknarflokksins.

„Reiðin kraumar í kjósendum sem vilja aðgerðir strax. Framsókn á mikið erindi til þessa hóps þar sem gildi Framsóknarflokksins eru skynsamleg og hófstillt og flokkurinn hugsar í varanlegum lausnum en ekki skammtíma.“ Eftir fimm ár vill Guðrún sjá Ísland vera komið upp úr kreppunni. „Ég vona að fjölskyldur hljóti ekki varanlegan skaða af því tjóni sem við höfum orðið fyrir.“

ATVINNA OG VELFERÐ

FYRIR
OKKUR
ÖLL




Það eru dökkar horfur framundan.






Tíu fyrirtæki verða gjaldþrota á degi hverjum og ríflega átján þúsund manns hafa nú þegar misst vinnuna.





Við blasir efnahagshrun verði ekkert að gert.



Uppbygging efnahagskerfisins er lykillinn að velferð heimilanna. Brýnt er að koma rekstri bankanna í eðlilegt horf þannig að hjól atvinnulífsins komist í gang á nýjan leik.



Eðlilegt rekstrarmhverfi og lægri vextir eru forsenda þess að fyrirtæki geti betur staðið af sér áfall sem orðið hefur í íslensku samfélagi og vaxið á nýju.



Öflugt atvinnulíf þýðir aukinn fjölda starfa, meiri gjaldeyrstekjur og auknar skatttekjur ríkissjóðs.



Atvinna fyrir alla er helsta hagsmunamál heimilanna. Endurreisum heimili og fyrirtæki fyrir okkur öll. Framsóknarflokkurinn.

Sjá skýringarmyndband á framsokn.is

Tilkynningar

Alþingiskosningar 25. apríl 2009

Kjörstaðir í Reykjavík

Í Reykjavíkurkjördæmi suður:

Hagaskóli
Hlíðaskóli
Breiðagerðisskóli
Ölduselsskóli
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Árbæjarskóli
Ingunnarskóli

Í Reykjavíkurkjördæmi norður:

Ráðhús
Kjarvalsstaðir
Laugardalshöll
Íþróttamiðstöðin í Grafarvogur
Borgaskóli
Ingunnarskóli
Klébergsskóli

Kjörfundur hefst laugardaginn 25. apríl kl. 9.00 árdegis og lýkur kl. 22.00. Sérstök athygli kjósenda er vakin á að kjósendi sem ekki hefur meðferðis persónuskilríki getur átt von á því að fá ekki að greiða atkvæði.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður mun hafa aðsetur í Hagaskóla á kjördegi og þar verða atkvæði talin. Símanúmer yfirkjörstjórnar suður verður á kjördegi 411 4920. **Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður** mun hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar verða atkvæði talin. Símanúmer yfirkjörstjórnar norður verður á kjördegi 411 4910.

Kjörskrár í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður

Kjörskrár í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður vegna alþingiskosninga 25. apríl nk. liggja frammi almenningi til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur frá 17. apríl nk. fram á kjördag. Vakinn er athygli á að kjörskrárnar verður einnig að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á kjörskrá. Athugasemdum vegna kjörskráa í Reykjavíkurkjördæmum skal beint til skrifstofu borgarstjórnar, Ráðhúsi Reykjavíkur, sími 411 4700, netfang kosningar@reykjavik.is. Þar eru jafnframt veittar nánari upplýsingar. Borgarráð úrskurðar um athugasemdir vegna skráninga í kjörskrá.

Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi suður
Yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi norður
Skrifstofa borgarstjórnar



SELTJARNARNESBÆR

Kjörskrá fyrir Seltjarnarnesbæ

Kjörskrá vegna alþingiskosninga á Seltjarnarnesi þann 25. apríl 2009 liggur frammi frá og með 17. apríl 2009, á bæjarskrifstofunni á Seltjarnarnesi Austurströnd 2, 1. hæð. Bæjarskrifstofurnar eru opnar frá kl. 8.45 til kl. 16.00 hvern virkan dag. Kjósendur eru hvattir til að kynna sér hvort nöfn þeirra séu á kjörskránni. Athugasemdum við kjörskrá skal beina til bæjarstjórnar.

Seltjarnarnesi 15. apríl 2009.
Bæjarstjórnin á Seltjarnarnesi.



Tilkynning frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Auglýsing um kjörstað og aðsetur yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar.

Kjörstaður vegna alþingiskosninganna sem fram fara þann 25. apríl 2009 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 09-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 25. apríl 2009 verður á sama stað.

Mosfellsbæ 15. apríl 2007.
Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörn Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Valur Oddsson



Snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Ísafjarðarbæ. Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Helstu niðurstöður stofnunarinnar eru þær að fyrirhuguð snjóflóðavarnir muni hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa m.t.t. snjóflóðahættu miðað við núverandi aðstæður. Talsvert ónæði muni verða á framkvæmdatima í íbúðarbyggð vegna nálægðar fyrirhugaðs varnargarðs en stofnunin leggur mikla áherslu á samráð við íbúa og eftirlit framkvæmdaraðila með verktakavinnu. Varnargarðurinn og fjölda stoðvirkja í fjallshlíðinni munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásynd fjallshlíðar Kubbands til frambúðar.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Ísafjarðarbæjar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skiplag.is.

Skipulagsstofnun



HERRAKVÖLD BREIÐABLIKS

LAUGARDAGINN 18. APRÍL 2009

Í SMÁRANUM

HÚSIÐ OPNAR KLUKKAN 19:00

VEISLUSTJÓRAR: BLIKARNIR BONNI & GOGGI
FRÁBÆR SKEMMTIATRÍÐI, HAPPADRÆTTI
OG UPPBOÐ

MIÐAR ERU EINGÖNGU SELDIR Í
SMÁRANUM OG ERU MENN HVATTIR TIL
AÐ TRYGGJA SÉR MIÐA SEM ALLRA FYRST.



Efnistaka Björgunar ehf. af hafsbotni í sunnanverðum Faxaflóa Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar, samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að vegna margföldunar á umsvifum efnistöku næstu árin, miðað við undangengna áratugi, verði neikvæð áhrif á lífríki og dragnótaveiðar önnur og meiri en verið hefur hingað til. Veruleg óvissa er um það í hverju áhrif á lífríki og veiðar kunni að felast, vegna þess að þekkingu skortir m.a. á mikilvægum þáttum í vistfræði sjávar í Faxaflóa og samspili efnistöku og dragnótaveiða með tilliti til botngerðar. Skipulagsstofnun telur að fyrst í stað eigi að veita bráðabirgðaleyfi til efnistöku við Syðra-Hraun, en frekara leyfi eigi að byggja á betri þekkingu á samspili efnistöku og veiða og mikilvægi svæðisins fyrir dýrastofna, m.a. með tilliti til hrygninga og uppeldis sílis og flatfiska.

Skipulagsstofnun telur að setja eigi eftirfarandi skilyrði fyrir leyfi til efnistöku:

1. Gerð verði rannsókn á samspili efnistöku og dragnótaveiða með tilliti til botngerðar og setflutninga.
2. Gerð verði rannsókn á lífríki í sunnanverðum Faxaflóa, sem miði að því að skýra vistfræðilegt gildi efnistökusvæða fyrir dýrastofna, m.a. síli og flatfiska.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skiplag.is.

Skipulagsstofnun

Einar Páll Kjarnestad,
Lögfræðingur10 ár
í MosfellsbæSími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

Hulduborgir 1, ÍBÚÐ 101 Grafarvogur



OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL 17:30 TIL 18:00
Falleg 104,8 fm, 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð með sérinngangi og sérverönd við Hulduborgir í Grafarvogur. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu.
V. 27,3 m. 4536

Berjarími 36, ÍBÚÐ 103 - Grafarvogur



OPIÐ HÚS Í DAG (FIMMTUDAG) FRÁ KL 17:30 TIL 18:00
Vel skipulögð 67 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðri verönd. Fallegt útsýni er af verönd vestur yfir borgina.
Íbúðin er laus til afhendingar! Lækkað verð! ÁHVÍLANDI CA. 13,3 m. V. 15,9 m. 3815

Hjarðarland - Mosfellsbær



Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílaplan.
Seljandi skoðar skipti á minni eign!
Ásett verð var kr. 46.700.000 - eignin fæst nú á 42.400.000 kr.

Kvíslartunga 9 - Mosfellsbær



Glæsilegt 286 fm tvílyft parhús á frábærum útsýnisstað við Kvíslartungu 9 í Mosfellsbæ. Húsið er einkar reisulegt og stílhreint með mikilli lofthæð og stórum útsýnisgluggum auk um 60 fm svala. Húsið er rúmlega fohelt, útveggir eru einangraðir að utan og múraðir.
Ásett verð var kr. 47.750.000.- en eignin fæst nú á 37.750.000 kr. í beinni sölu.

Litlíkriki 24 - Mosfellsbær



809,1 fm einbýlishúsalóð ásamt steyptri plötu og teikningum af 251,5 fm einbýlishúsi á einni hæð við Litlíkrika 24. Búíð er að steypa upp sökkuð með plötu og í plötuna er búíð að leggja hita-, vatns- og skólplagnir.
Ásett verð var kr. 24.800.000.- en fæst nú á kr. 15.000.000 stgr. 4560

Guðni A. Jóhannesson, forstjóri Orkustofnunar, og Mark Flanagan, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Íslandi.

Beim segir mestu hættuna á því að selja auðmönnum fjármálafyrirtæki á borð við banka felast í því að hætta sé á að þeir misnoti aðstöðu sína og byggi upp veldi, auðhring með mikla en viðkvæma tengingu við bankann. „Það er fýsilegru kostur að dreifa eignarhaldinu og selja bankana mörgum fjárfestum, jafnvel erlendum aðilum,“ bætir Beim við. Spurður segist hann mótfallinn því að ríkið einkavæði hluta bankanna og sitji á hlut í þeim í áráraðir. Slíkt geti þó reynst mikilvægt til skamms tíma í einkavæðingarferlinu. Til lengri tíma litið eigi ríkið hins vegar að losa taumhaldið.

VARAST SKAL VENSLALÁNING

Lánveitingar banka og fjármálafyrirtækja til tengdra aðila bjóða hættunni heim, að mati David Beims, sem bætir við að líklega sé erfitt að koma í veg fyrir slíkt í litlu hagkerfi á borð við það íslenska.

Hann segir varasamt ef eigendur bankanna tengist stjórnendum fyrirtækja nánnum böndum.

Líkt og fram kom í Markaðnum fyrir hálfum mánuði stóðu lánveitingar til bankaráðsmanna Landsbankans, Kaupþings og Glitnis og félögum þeim tengdum í 110 milljörðum króna á fyrri hluta síðasta árs. Ekki mun þó hafa verið um bein fjárútlát að ræða að öllu leyti á árinu. Sem dæmi jókst verulega við lánveitingar tengdar Björgólfi Guðmundssyni, formanni bankaráðs Landsbankans, á fyrri hluta síðasta árs vegna yfirtöku félags í hans eigu á eignarhlutum í félögum sem voru í viðskiptum við bankann. Við það jókst ábyrgðin á hendur bankaráðsformanninum. Nýjar lánveitingar var því ekki um að ræða.

Með sama hætti tengdust stjórnarmenn og varamenn þeirra hjá Kaupþingi nokkrum af umsvifamestu fyrirtækjum landsins. Lýður Guðmundsson, sem sæti átti í stjórninni, var á sama tíma stjórnarformaður Existu og Bakkavarar Group auk setu í stjórn tengdra félaga; Hjörleifur Jakobsson er forstjóri Kjalara, félags í eigu Ólafs Ólafssonar, eins af stærstu hluthöfum bankans fyrir bankahrúnið. Hann er jafnframt stærsti eigandi Samskipa.

Svipaða sögu mátti segja um Glitni. Þorsteinn Már Baldvínsson, sem til skamms tíma vermdi stól stjórnarformanns bankans, var á sama tíma forstjóri útgerðarfélagssins Samherja, auk þess sem Jón Sigurðsson, forstjóri FL Group (nú Stoða), átti sæti í stjórn bankans.

Beim segir mikilvægt að lánatengsl bankaráðsmanna og félaga þeim tengdum verði öll að vera uppi á borðinu og beri að varast að lánveitingar bankans til þeirra fari ekki út fyrir tiltekin mörk.

ALLIR SKULDA

Hagfræðingurinn bandaríski segir Íslendinga geta unnið sig út úr kreppunni. Það verði krefjandi verk. Nauðsynlegt verði að vinda ofan af þeim skuldaklafa sem bæði einstaklingar og fyrirtæki hafi hlaðið ofan á sig.

„Íslendingar eru almennt mjög vel menntaðir og færir um að búa til mikil verðmæti. En þið verðið að keyra skuldarnar niður,“ segir Beim og bendir á að það verði vart mögulegt nema með hefðbundnum

aðferðum í bland við óhefðbundnar. Á meðal slíkra eru afskriftir lána og samningaviðræður um greiðslur krafna. Að þessu leyti eru Íslendingar þó ekki einir á báti. Beim bendir á landa sína máli sínu til stuðnings: Þeir hafi líkt og Íslendingar lifað um efni fram, fjármagnað neysluna með skuldum og séu að gjalda fyrir það nú. Svipuðu máli gegni um bankana en tilvist margra banka í Bandaríkjunum hafi færst inn í sögubækur síðustu mánuði. Því sé íslenska bankakreppan ekkert einsdæmi.


KASTIÐ KRÓNUNNI

Hvað krónuna varðar segir Beim

hagfræðinga almennt sammála um að tiltölulega litið hagkerfi á borð við það íslenska ætti ekki að flagga eigin gjaldmiðli. Erfitt sé að reiða sig á slíka mynt, sem geri fátt annað en að auka óstöðugleika hagkerfisins og þar með verðbólguna. Hún gefist í raun arfailla þar sem hún bæði ýki allar uppsveiflur og dýfur sömuleiðis.

Hann segir ákjósanlegustu myntina þá sem vegi þyngst í utanríkisviðskiptum hér, það er þá sem mikilvægustu viðskiptalönd okkar hafi tekið upp. Nærtækast væri að taka upp evruna enda mælti flest til þess. Fátt mæli hins vegar fyrir um dollaravæðingu Íslands.

SKULDARAUKNING SEM HLUTFALL AF LANDSFRAMLEIÐSLU



Er þitt sparifé í öruggum höndum?

Eignastýring VBS fjárfestingarbanka leggur áherslu á óháða ráðgjöf, gagnsæi í fjárfestingum og vandaða upplýsingagjöf sem sniðin er að þínum þörfum.

Kynntu þér fjárfestingarleiðir okkar hjá starfsfólki eignastýringar í síma 570 1200.

Við tökum vel á móti þér.

anonymus | 08 243 06

VBS er traustur og óháður fjárfestingarbanki er veitir sérhæfða ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu sem sniðin er að þörfum viðskiptavina. Hjá bankanum starfar reynslumikill hópur starfsfólks sem hefur það að leiðarljósi að skapa verðmætar lausnir fyrir viðskiptavinum sína.

VBS
FJÁRFESTINGARBANKI

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Nú sem aldrei fyrr reynir á almenning að sjá í gegnum ódyr kosningaloforð. Peningamálin eru lykilatridi.

Uppbyggingin verður erfið með ónýta mynt

Óli Kristján Ármannsson

Útlit er fyrir að næstu skref í lánaþyrirgreiðslu Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins teyjist vegna óvissu um aðgerðir ríkisvaldsins til að snúa við halla á fjárlögum og fleiri þátta. Hlýtur þar að spila inn í óvissan sem enn er uppi um hver hér á að vera framtíðarskipan peningamála.

Raunar kom fram í máli Marks Flanagan, yfirmanns sendinefndar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins hér, í erindi sem hann flutti um efnahagshorfurnar á ráðstefnu Íslensk-ameríska verslunarráðsins í New York í Bandaríkjunum í síðustu viku, að meðal þeirra álitamála sem stjórnvöld hér yrðu að svara, til miðlungslangs tíma litið, væri hvað gera ætti í peningamálum. Krónan á sér ekki marga stuðningsmenn um þessar mundir, enda búa landsmenn við afleiðingar þess að reyna að halda úti smæsta gjaldmiðli heims á opnum markaði; hávaxtastefnu og óðaverðbólgu í takt við öfgafullar hagsveiflurnar sem jafnóstöðugur gjaldmiðill gat af sér. Er þá ótalinn fælingarmáttur krónunnar á erlenda fjárfesta sem að öðrum kosti kynnu að hafa viljað koma hér að atvinnuuppbyggingu, taka þátt í samkeppnisrekstri (svo sem á sviði fjármálaþjónustu) eða viljað ávaxta pund sitt í fyrirtækjum Kauphallarinnar.

Ekki verður öllu lengur búið við óvissu í þessum málum og þarf vonandi ekki að gera lengi eftir komandi kosningar. Þá riður á að tekin verði upp trúverðug stefna til lengri tíma sem stuðlar að stöðugleika og býr til jarðveg þann sem nauðsynlegur er til enduruppbyggingar eftir fasteignabólu og hrun fjármálaakerfisins. Í þeim efnum er farsælasta leiðin að stefna að upptöku evru eftir að hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu. Eftir að búið er að taka ákvörðun um aðildarumsókn nýttast kraftar þrýstihópa, sem óttast hafa um hag sinn á þeirri leið, betur í að vinna að þeim samningsmarkmiðum sem þjóðin vill ná fram. Á endanum ræður fjöldinn þegar staðreyndirnar liggja fyrir.

Í erindi Flanagan's kom fram að efnahagshorfur hér væru ágætar þrátt fyrir allt. Hér yrði hins vegar að koma böndum á sveiflukennt gengi krónunnar, koma á jafnvægi á fjármálamarkaði, afnema gjald-eyrishöft og lækka stýrivexti, um leið og verðbólga væri haldið niðri. Hætt er við að þetta verkefni verði vandamara og hættara við áföllum í uppbyggingunni ef þjóðin ætlar að reiða sig á ónýtan gjaldmiðil sem hvergi nýtur trausts.

Í aðdraganda kosninga er hætt við að stjórnmálameinn fari út af braut skynseminnar og grípi til orða og ædis sem þeir telja líklegri til að afla sér fylgis í kjörklefanum, burtséð frá þjóðarhag. Hegðun sem þessi kann hvort heldur sem er að vera meðvitund eða ómeðvitund, enda kannski í mannlegu eðli að reyna að tryggja öryggi sitt og atvinnu. Þeir sem atvinnu hafa af pólitísk lifa á vinsældum.

Á viðsjárverðum tímum sem þessum er hins vegar um framtíðarheill þjóðarinnar að ræða. Ákvarðanir dagsins í dag geta ráðið því hvort þjóðin kemur til með að búa við hagsæld eða fátækt næstu áratugina. Núna er ekki langur vegur á milli lýðskrums og landráða. Nú reynir á almenning að sjá í gegnum lýðskrumið, átta sig á alvarleika þeirrar stöðu sem landið er í og gera upp við sig hvaða leið er best að fara næstu árin. Yfirmaður sendinefndar Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins virðist átta sig á að í þessum efnum sé lykilsurning hvernig hér eigi að haga peningamála. Það mættu fleiri gera.

Auglýsingasími

512 5050



– Mest lesið

Íslensk verslun eftir bankahrun

Ekki verður sagt að á Íslandi sé blómleg verslun um þessar mundir. Öll línurit sem áður sýndu brattan vöxt í greininni hafa nú tekið öfuga stefnu – með beinu striki niður á við. Verslunarrekstur er vandamur við þær aðstæður sem nú ríkjá og um leið er það áskorun um að finna nýjar leiðir og ný sóknarfæri. Vöruverð hefur hækkað sem aldrei fyrr vegna veikrar stöðu krónunnar og vextir sliga bæði fyrirtæki og fjölskyldur. Afleiðingin er mikill samdráttur í einkaneyslu og breytt neyslumynstur. Því er nauðsynlegt fyrir verslunareigendur að huga að sveigjanleika og nýsköpun og stjórnvöld geta stuðlað að bættu rekstrarumhverfi til hagsbóta fyrir fólk og fyrirtæki.

Ýmsar algengar neyslur voru hafa hækkað um 30 prósent á einu ári og kaupmáttur rýrnað um næstum 10 prósent. Afleiðingin er sú að sérvöruslun eins og húsgagnaveris slun og raftækjaverslun hefur dregist saman um 50 prósent á einu ári. Matvöruslun, sem venjulega er ónæmari fyrir sveiflum í efnahagslífinu, hefur ekki áður orðið fyrir eins miklum samdrætti á einu ári eða um næstum 17 prósent á föstu verðlagi. Fleiri þættir hafa áhrif á erfiða afkomu verslunar. Algengt er að innlendir bankavextir á skammtímalánum fyrirtækja séu um 22 prósent, rekstraraðilar segja algengt að leiga og rekstrar-kostnaður verslunarhúsnæðis hafi hækkað um allt að 20 prósent á einu ári og hefur að sögn meiri áhrif á rekstrarkostnað en laun til starfsmanna.

STAÐGREIÐSLA OG TÍMABUNDNIR AFLÁTTARSAMNINGAR

Nú er af sem áður var að verslanir í innflutningi geti varið sig gegn óvæntum verðhækkunum vegna gengisbreytinga með því að gera framvirkta gjaldeyrissamninga við viðskiptabanka sína. Slíkt er óhugsandi í dag. Algengara er að verslanir staðgreiði vörur sem þær flytja inn, geri tímabundna afláttarsamninga við erlenda birgja eða komi sér upp sveiflusjóði til að jafna verð þegar óvæntar dýfur verða á gengi krónunnar. Þannig eru dæmi um að dagvöruslun leitist við að halda óbreyttu útsöluverði þó gengisáhrif valdi allt að 5 prósent hækkun á innkaupaverði. Þá hafa verslanir dregið úr þjónustu og endurnýjað vörurval í takt við breytingar á neyslumynstri, aðallega með því að auka framboð af ódyrari vörum.

Gengisáhrif á vöruverð eru mun meiri hér en í nágrennalöndum okkar. Þannig hefur neysluverð á matvöru hér á landi



Í KRÓNUNNI Greinarhöfundur bendir á að gengisáhrif á vöruverð séu mun meiri hér en í nágrennalöndum okkar. Þannig hafi neysluverð á matvöru hækkað um næri 30 prósent á einu, en að jafnaði um 5 prósent á hinum Norðurlöndunum.

ORD Í BELG

Emil B. Karlsson
forstöðumaður
Rannsóknaseturs
verslunarinnar við
Háskólann á Bifröst.



hækkað um næstum 30 prósent á einu ári á meðan það hefur hækkað að jafnaði um 5 prósent á hinum Norðurlöndunum. Þessar miklu hækkunir hér landis má rekja til veikringar krónunnar og líklegt má telja að gengisáhrifin ættu að hafa valdið enn meiri veðhækkunum ef verslunin hefði ekki að einhverju leyti tekið á sig hækkunir eða náð hagstæðari samningum við framleiðendur og birgja. Við þessar aðstæður minnkar framlegð í verslun og leiðir til þess að verslunum fækkar, eins og vísendingar eru um í tölum Hagstofunnar yfir fjölgun gjaldþrota smásöluverslana. Þá má gera ráð fyrir því að fleiri verslanir samneist, breyti vöru- og þjónustuframboði sínu eða flytji starfsemi í ódyrara húsnæði.

BREYTT NEYSLUHEGÐUN

Verslun snýst samt ekki bara um krónur og aura. Verslun snýst ekki síður um fólk, væntingar þess og viðhorf. Þess vegna er mikilvægt að verslunareigendur hlusti eftir óskum neytenda og fylgist með breytingum í neyslu. Með efnahagskreppunni sem herjar draga neytendur ekki bara saman seglin heldur verða einnig til ný gildi og viðhorf sem hafa áhrif á neyslumynstrið. Nýi lífsstíllinn felst í meiri hagsýni og samfélagsvitund. Til dæmis má ætla að með vorinu ferðist fleiri á reidhjúfum en áður, menn fari að rækta grænmeti á svölum og

í gördum, þrjúna peysur í sumarfríinu og velja vistvænar vörur og íslenska hönnun. Þá munu landsmenn ferðast innanlands í sumar og taka svo slátur í haust. Allt þrjál og óþarfa munaður er á undanhaldi – alla vega tímabundið. Þessu geta verslanir brugðist við með nýsköpun. Hún getur falist í nýrri vörusamsetningu, nýjum verslunarmáta eða algerlega nýjum vörum.

STJÓRNVALDSADGERÐIR

Í rannsókn sem Rannsóknasetur verslunarinnar gerði á síðasta ári um Áhrif fjölmýntavæðingar á vöruskipti kom í ljós að æ algengara er að fyrirtæki reyni að tengja verðlagningu við gengi evru til að minnka gengisáhættu. Þetta leiðir til þess að fyrirtæk-in leitast við að taka upp annan og stöðugri gjaldmiðil hér á landi. Þessu þyrftu stjórnvöld að gefa betri gaum.

Rétt er að minna einnig á í þessu samhengi að stjórnvöld geta auðveldlega létt byrðar á fjölskyldum landsins, eftt innlenda verslun og lagt grunn að bættum markaðsaðgangi fyrir íslenskar vörur erlendis, allt í senn, með því einu að heimila frjálsa verslun með landbúnaðarvörum. Með núverandi fyrirkomulagi þurfa íslenskir neytendur að greiða of hátt verð fyrir vernd búvörufæðisins. Með afnámi tolla á landbúnaðarvörur áætla Hagstofan að matarverð lækki um 15,6 prósent sem leiði til þess að vísitala neysluverðs lækki um 2,2 prósent. Þetta er meðal niðurstaða í skýrslu formanns matvæluverðnefndar, sem ríkisstjórnin skipaði og kynnti niðurstöður árið 2006. Þó að matvæla-verð lækki þarf það ekki að leiða til hruns íslensks landbúnaðar. Íslendingar munu áfram velja íslenskt ket, smér og skyr þó að hægt verði að kaupa ódyrar innfluttar kjúklingabringur.

VIKULEG VEFRÁÐ Í BODI ALLRA ÁTTA

Hvenær léstu síðast skoða bílinn?

Fyrsta skrefið í að setja upp árangursríka vefsíðu er að skilgreina markmið hennar, hvaða árangri hún eigi að skila og hvað þurfi að gera til að hámarks árangur náist. Jafnframt þarf að hafa í huga hver markhópur vefsíðunnar sé, hverjir séu væntanlegur notendur og hvaða upplýsinga þeir leita.

Þarfrageining getur átt sér stað í upphafi vefhönnunar eða hvenær sem er. Vefstjórar þurfa reglulega að endurmeta stöðuna og gera víðeigandi ráðstafnir, sé þörf á slíku. Nauðsynlegt er að fylgjast með hvaða síður vefgestir heimsækja oftast og hverjar laða ekki til sín gesti. Jafnframt þarf að hafa í huga hvaða vöru eða þjónustu þarf að vekja mesta athygli á hverju sinni.

Með faglegri þarfagreiningu fær fyrirtækið betri

Jón Trausti Snorrason
framkvæmdastjóri
Allra Átta ehf.

www.8.is

yfirsýn yfir stöðu vefsíðunnar og hvaða umbætur þurfi að gera til að ná hámarks árangri. Vefsíðan verður jafnframt notendavænni, svo gestirnir njóta hennar betur og verða líklegri til að hefja viðskipti við fyrirtækið eða koma aftur í heimsókn.

Þarfrageining á vefsíðum er eins og bifreiðaskoðun fyrir bíla. Mikilvægt er að setja vefsíðuna í skoðun reglulega til að vera viss um að allt sé í lagi eða komast að því hvar viðgerðar er þörf. Vefsíður ættu að fara í skoðun/þarfagreiningu hlutlausra fagaðila lágmark einu sinni á ári.

UPPSKERAN ER ÁRANGUR*



Við erum stolt og ánægð yfir framúrskarandi dómum frá þátttakendum á námskeiðunum

* 97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt
eða farið fram úr væntingum þeirra.

99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með
námskeiðinu við aðra.

Þú uppskerð árangur!

Átaksnámskeið Hreyfingar hafa aldrei verið betri. Leiðbeinendur sem búa yfir
áralangri reynslu hafa fengið sérþjálfun í að leiða hin nýju og árangursríku
námskeið sem skila þér pottþéttum árangri.

Fjölbreytt 6-vikna námskeið.

Mismunandi áherslur eftir því hvort þú ert byrjandi eða lengra komin.
Tímarnir eru 3 x í viku.
Verð 22.900 kr.

HEFST 20. APRÍL

Öll Árangurs-námskeiðin eru byggð upp á
svipaðan hátt nema með mismunandi áherslum.
Allar nánari upplýsingar á hreyfing.is

Veldu námskeið sem hentar þér:

Árangur / ELÍTAN
Árangur / FRAMHALD
Árangur / PÍLATES
Árangur / KARLAR

NÝTT!

Mótaðu líkama þinn
á met tíma fyrir
sumarið með
Strive 1,2,3.

4-vikur – 2x í viku.
Aðeins 40 mín í senn.
Fyrir konur og karla.



Árangur / HRADFERÐ

Styrktarþjálfun í Strive 1,2,3 er tækni sem kemur
þér í toppform á met tíma.

Hámark 16 manns í hóp – mikið persónulegt aðhald
og eftirfylgni.

Ein áhrifaríkasta og virkasta styrktarþjálfunarleið í
heimi sem er notuð af bandaríska hernum sökum þess
hve hægt er að ná góðum árangri á skömmum tíma.

Festu þér pláss strax í dag.

Skráning á www.hreyfing.is og í síma 414-4000

Tímar: 07.20 þriðjud. og fimmtud.
Hefst 20. apríl. 10.00 mánud. og miðvikud.
Verð 14.900 kr. 12.15 mánud. og miðvikud.
17.40 þriðjud. og fimmtud.



Árangur / 20+

Komdu út úr vítahringnum – 6 vikna námskeið

Nýttu þér áratuga reynslu okkar og losnaðu við aukakílóin fyrir fullt
og allt. Námskeið fyrir konur sem vilja losna við 20kg+.

Námskeiðið samanstendur af gönguferðum, létttri leikfimi,
fyrirlestur, fræðslu, stuðnings- og aðhaldsfundum, vigtun og
fitumælingum. Tölvupóstur með stuðningi og fræðslu 5x í viku.
Þú eykur orku þína, þrek og vellíðan til frambúðar.

Nánari lýsingu á námskeiðinu finnur þú á www.hreyfing.is.

Gönguferðir 2x í viku. Mánud. og miðvikud. kl. 19.30

Létt leikfimi í sal, föstud. kl. 18.30

Umsjónarmenn:

Ágústa Johnson og Kristjana Ósk Sturludóttir, einkaþjálfari

Forgangsraðaðu,
settu þig í
fyrsta sæti.

Hefst 20. apríl.
Verð 22.900 kr.

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

BANKAHÓLFÍÐ

Réttarríkið í hættu?

Umræður ágerast um hæfi Evu Joly, fyrrum rannsóknardómara í Frakklandi, til að annast rannsókn á saknæmu athæfi í bankahruninu. Brynjar Níelsson hæstaréttarlögmaður birti í gær grein í Morgunblaðinu þar sem velt er upp þeim möguleika að hún kunni með fyrri yfirlýsingum að skaða rannsókn, grundvallarregla réttarríkisins sé nefnilega að menn teljist saklausir uns sekt sé sönnuð. Vilhjálmur Þorsteinsson eðlisfræðingur hefur raunar áður á bloggi sínu birt svipaðar vangaveltur, en þá í tilefni af því að Jón Þórisson arkitekt var ráðinn aðstoðarmaður Joly. Hann hafði verið yfirlýsingaglaður um meinta glæpamennsku, meðal annars á bloggi Egils Helgasonar sjónvarpsmanns.



Bloggheimar loga

Bloggheimar loga vegna efasemanna um Joly. Þannig eru komnar 83 athugasemdir við blogg færslu Vilhjálms, og Egill Helgason gerði sjálfur athugasemd á bloggi sínu við grein Brynjars. „Annars má gera því skóna að hér sé Brynjar að taka fyrsta skrefið í málsvörn útrásarvíkinganna – sem líkt og í Baugsmálinu mun mikið snúast um endalausar þrætur um formgalla og vanhæfi,“ segir Egill og blæs á áhyggjur af réttarríkinu. Vilhjálmur kveðst hins vegar ekki átta sig á þörfinni fyrir enn eina rannsóknina. „Eftir því sem ég best fæ séð munu þessi mál verða rannsökuð hjá rannsóknarnefnd þingsins, sérstökum saksóknara, efnahagsbrotadeild, FME, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og nú nýrri skrifstofu Evu Joly.“



Launahækkunir skjóta skökku við

Greint var frá því í fjölmiðlum í Bandaríkjunum í gær að fleiri forstjórar hefðu í fyrra hækkað í launum en lækkað. Og það á sama tíma og milljarðar Bandaríkjadala hefðu runnið frá hinu opinbera vestra til að styðja við fyrirtæki í kröggum og milljónir misst vinnuna. Vitnað er í könnun AFL-CIO sem birt var á þriðjudag. Vera má þó að það skekki myndina eitthvað að inn í launagreiðslur eru reiknaðir óinnleystir kaupréttir í fyrirtækjunum. Notast var við gögn frá 946 fyrirtækjum, þar sem fyrir lágu reikningar síðasta árs. 480 yfirmenn höfðu hækkað í launum, en 463 lækkað.



7,5

prósenta eignarhlutur Landsbankans í Byr sparisjóði gerir bankann að stærsta hluthafa Byrs. Bankinn tók nýverið yfir hlut lmons, félags athafnamannsins Magnúsar Ármanns, vegna skulda.

23

bankar hafa orðið gjaldþrota í Bandaríkjunum það sem af er ári, eftir að tveir bættust í hópinn um páskahelgina.

37,5

milljónir evra, eða nálægt 6 milljörðum króna, fengust fyrir eignir sem Marel seldi í vikunni, en um var að ræða fasteignir og rektur utan kjarnastarfsemi.

Outlet Vortilboð



HEELYS
www.heelys.com

2.990.-

Heely's hjólaskórnir á vortilboði 2.990.-
Verð áður 10.990.-



3.990.-

Cintamani Hemmi
Léttur vindheldur jakki sem hrindir frá sér vatni.



3.990.-

Cintamani Gunna
Flíspeysa fyrir stelpur. Sú allra vinsælasta!



3.990.-

Cintamani Robert
Rennð flíspeysa fyrir stráka úr Tecnopile® flísefni frá Pontetorto®.



2.990.-

Cintamani Fanney
Flisbuxur fyrir stelpur með endurskini á skálum. Gerð úr Tecnopile® flísefni frá Pontetorto®.



2.990.-

Cintamani Dóra
Buxur fyrir stelpur og stráka úr Tecnostretch® efni frá Pontetorto®.




690.-

Holey Soles
Í öllum stærðum og gerðum.
Barna á kr. 690.-
og fullorðins á kr. 990.-

OUTLET
LAUGAVEGUR 94

101 REYKJAVÍK / S. 552 8090 / OPNUNARTÍMI: MAN-FÖS. 11.00-18.00 / LAUG. 11.00-16.00



SAMSUNG · NP-NC10
Skjár: 10,2" WSVGA 1024 x 600 LED
Örgjörvi: Intel® ATOM™ N270
1,6Ghz
Vinnsluminni: 1Gb DDR2
Harður diskur: 160Gb 5400rpm S-ATA
Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi: Windows XP HOME
Þyngd: 1,33 kg
Verð kr. 94.900.-



SAMSUNG · NP-R510 FA08
Skjár: 15,4" WXGA 1280 x 800
Örgjörvi: Intel® Pentium Dual Core T3400
2,16Ghz
Vinnsluminni: 2Gb DDR2
Harður diskur: 250Gb 5400rpm S-ATA
Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi: Windows Vista Home Premium
Þyngd: 2,7 kg
Verð kr. 139.900.-



SAMSUNG · NP-R610-AS03SE
Skjár: 16" HD 1366 x 768
Örgjörvi: Intel® Pentium Dual Core T6400
2,0Ghz
Vinnsluminni: 3Gb DDR2
Harður diskur: 320Gb 5400rpm S-ATA
Myndavél: 1.3 Mpixel vefmyndavél
Stýrikerfi: Windows Vista Home Premium
Þyngd: 2,75 kg
Verð kr. 189.900.-

UNDURSAMLEGAR
FARTÖLVUR

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

Leiðsögn um Myrkan sannleik

Ítalski ljósmyndarinn Cinzia D'Ambrosi verður með leiðsögn um sýningu sína Myrkan sannleikur. Kolanámumenn í Kína í Gerðubergi næsta laugardag, 18. apríl klukkan tvö. Leiðsögnin fer fram á ensku og er á dagskránni Ferðafagnaður sem er liður í Ferðafagnaði ferðaþjónustuaðila sem bjóða upp á veglega dagskrá þennan dag, en hana má kynna sér nánar á vefsíðunni www.ferdafagnaður.is.

Fréttamyndaserían Myrkan sannleikur. Kolanámumenn í Kína varpar ljósi á vinnuástandur í stærsta kolaíðnaði heims sem knýr áfram kínverska efnahagsundrið.

Cinzia D'Ambrosi er sjálfstætt starfandi blaðaljósmyndari en efni ljósmynda hennar er mannréttindi, flóttamenn og vinnuskilyrði verkamanna í heiminum. Hún hefur um hríð fengist við að mynda áhrif Balkanstríðsins á félagslegar aðstæður þar í landi og lífsskilyrði verkamanna í dag. Nokkrar yfirgripsmestu myndaraðirnar hennar fram að þessu eru: Stríðsekkjur í Kosovo, Ungmenn í Sarajevo, Sígaunar í Kosovo og Bosníu, Serbar í Kosovo, Börn í flóttamannabúðunum í Tuzla,



MYND/CINZIA D'AMBROSI
MANNRÉTTINDABROT Kína er umsvifamesti kolaframleiðandi heims en námuástandur þar eru jafnframt með því versta sem gerist.

Bosníu, Flóttafólk frá Kosovo í London, Kolanámumenn í Kína og Ítalskir verkamenn. Nánari upplýsingar um verk hennar má finna á www.cinziaambrosi.com


Miðstöð með margþætt hlutverk

Háskólinn á Akureyri og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið undrrita í dag samning um stofnun Sjávarútvegsmiðstöðvar við Háskólann á Akureyri. Athöfnin fer fram í anddyri Borga, rannsóknahúss háskólans, annari hæð frá klukkan 17.15 til 18.

Markmið Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar er að styrkja hlutverk Háskólans á Akureyri á sviði menntunar og kennslu sem tengist sjávarútvegi sem og á sviði rannsókna, með áherslu á hagnýtar rannsóknir og verkefni á öllum sviðum sjávarútvegs. Jafnframt að auka þekkingu á veiðum og nýtingu sjávarfangs og auka gæði afurða, markaðssetningu og stuðla að bættri ímynd greinarinnar.



MYND/HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
AUKIN ÞEKING Samningur um stofnun Sjávarútvegsmiðstöðvar við Háskólann á Akureyri verður undirritaður í dag.



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafadur og afa,

Hilmar B. Þórhallsson
Kleifarvegi 13, Reykjavík,

lést föstudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 20. apríl kl. 15. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samband ísl. kristnibóðsfélaga, sími 533 4900.

Anna Jóhanna Zimsen
Anna Jóhanna Hilmarsdóttir
Hafsteinn Z. Hilmarsson
Einar K. Hilmarsson, Ragnhildur Gunnarsdóttir
Friðrik Zimsen Hilmarsson, Ingibjörg Hilmarsdóttir
Melberg, Arild Melberg og barnabörn.



†

Þökkum fyrir ómældan stuðning, blýbug og vináttu vegna fráfalls elskaðs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Kristján Bergs Árnasonar.

Hinir látnu eru ekki horfnir að fullu. Þeir eru aðeins komnir á undan.

Margrét Stefánsdóttir
Berglind Kristjánsdóttir
Einar Ernir Kristjánsson
Þórir Arnar Kristjánsson
Hugrún Helga Guðmundsdóttir, Arinbjörn Þórarinnsson
Elmar Atli Arinbjarnarson og Telma Marý Arinbjarnardóttir.



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur blýbug og samúð við andlát og útför

Árna Lárussonar
Lindarsíðu 4, Akureyri, áður Hvammi, Dalvík,

sem lést á Kjarnalundi, Akureyri, fimmtudaginn 26. mars. Sérstakar þakkir til starfsfólks á Kjarnalundi fyrir hlýhug og góða aðhlyningu.

Jóhann Páll Árnason
Guðmundur Árnason
Óskar Þór Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

María Jansdóttir
Snjólaug Gestsdóttir
Elisabet Hallgrímsdóttir



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafadur og afa,

Erlendur Sigurðsson,
Stöðulsholti 4, Borgarnesi,

sem andaðist á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 13. apríl, verður jarðsönginn frá Borgarneskirkju laugardaginn 18. apríl kl. 14.00.

Gunnfríður Sigurharðardóttir
Sólveig R. Erlendsdóttir
Þórir Erlendsson
Steingerður Örnólfsdóttir og afabörn.

Ólafur Júlíusson
Berglind Ólafsdóttir



†

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Björg Viktoría Guðmundsdóttir
Grund, Ólafsvík,

er lést í hjúkrunarheimilinu Víðinesi 7. apríl sl., verður jarðsönginn frá Ólafsvíkirkirkju laugardaginn 18. apríl nk. kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.



†

Ástkær eiginkona mín, móðir, fösturmóðir, tengdamóðir, amma og systir,

Ásgerður Jónasdóttir
Seljahlíð 3i, Akureyri,

lést á heimili sínu 12. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

Sveinn Ingi Halldórsson
Kolbrún Jónsdóttir
Hanna G. Sveinsdóttir
Friðrik, Steinar, Elmar og Atli Gunnar og systkini hinnar látnu.

Pétur Tyrtingsson
Eiríkur Þórðarson
Ómar Örn Bjarnþórsson



†

Ástkær eiginkona og móðir,

Alda Berglind Þorvarðardóttir

lést aðfaranótt 13. apríl síðastliðinn.

Lárus Óskarsson
Dagbjört Rós Lárusdóttir
Guðmunda Ingibjörg Lárusdóttir
Berglind Sara Lárusdóttir



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sjöfn Jóhannsdóttir
áður til heimilis að Hjallabraut 33,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði 6. apríl sl. Jarðarför hennar fer fram föstudaginn 17. apríl frá Frikirkjunni í Hafnarfirði kl. 13.00.

Sonja Larsen
Jóhann Larsen
Edda Larsen
Axel Birgir Knútsson
Hilmar Knútsson
Gerða Knútsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Þórður Benediktsson
Hildur Valgeirsdóttir
Guðmundur Ásgeir Sölvason
Jóhanna Jónsdóttir
Jónína Ívarsdóttir
Krister Olsson



†

Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona, barnabarn og frænka,

Eygló Guðrún Kristjánsdóttir
Hlíðargötu 37, Sandgerði,

lést þriðjudaginn 7. apríl. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu Sandgerði, laugardaginn 18. apríl kl. 14.00. Jarðsett verður í Hagakirkjugarði í Holta- og Landsveit, laugardaginn 25. apríl kl. 15.00.

Kristján Nielsen
Andrés Daniel Kristjánsson
Ástrós Sóley Kristjánsdóttir
Benjamín Smári Kristjánsson
Andrés Eyjólfsson
Eygló Kristjánsdóttir
Júlía Rós, Alexander Freyr og Gabriel Þór.

Sigurborg Andrésdóttir
Hjördís Lilja Bjarnardóttir



†

Okkar ástkæra,

Sesselja Ólöf Guðmundsdóttir (Sísí)
Ferstiklu, Hvalfjarðarströnd,

lést á Sjúkrahúsi Akraness 12. apríl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju í Saurbæ, laugardaginn 18. apríl, kl. 14.00.

Gísli Búason
Ásta Björg Gísladóttir
Búi Gíslason
Erla Gísladóttir
Vilhjálmur Gíslason
Guðmundur Gíslason
Helga Gísladóttir
Margrét Gísladóttir og ömmubörn.

Örlygur Stefánsson
Harpa Hrönn Davíðsdóttir
Baldur Gíslason
Bára Valdís Ármannsdóttir
Sigurlaug Gísladóttir
Ketill Bjarnason
Axel Jónsson



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Margrét Ögmundsdóttir,
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 8. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 17. apríl kl. 13.00.

Guðrún Jónsdóttir
Jóna Jónsdóttir
Guðlaugur G. Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Oddur Þórðarsson
Pétur Eiríksson
Sigríður I. Ágústsdóttir

Aðalfundur Ljóssins

Endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur

Ágæti félagsmaður

Aðalfundur Ljóssins verður haldinn 28 apríl nk. kl. 17:00 að Langhóltsvegi 43, 104 Rvk.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Hvetjum alla félagsmenn til að mæta



Með kveðju
Stjórn Ljóssins

Vesturport **DUBBELDUSCH**
eftir Björn Hlyn Haraldsson

SÝNT Í
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU

ALLRA SÍÐASTA SÝNING

18.04.09 Laugardagur 20:00

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

★★★★★
Fréttablaðið

16.04 kl.21 Fimmtudagur
17.04 kl.21 Föstudagur
01.05 kl.21 Föstudagur
03.05 kl.21 Sunnudagur
(takmarkaður sýningafjöldi)

húmanímal
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu
Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 18/4 kl. 14:00	U	Sun 3/5 kl. 14:00	U	Sun 24/5 kl. 14:00	U
Lau 18/4 kl. 17:00	U	Sun 3/5 kl. 17:00	U	Pri 26/5 kl. 18:00	U
Sun 19/4 kl. 14:00	U	Pri 5/5 kl. 18:00	U	Mið 27/5 kl. 18:00	U
Sun 19/4 kl. 17:00	U	Sun 10/5 kl. 14:00	U	Fös 29/5 kl. 18:00	U
Lau 25/4 kl. 14:00	U	Sun 10/5 kl. 17:00	U	Lau 30/5 kl. 14:00	U
Lau 25/4 kl. 17:00	U	Lau 16/5 kl. 14:00	U	Lau 30/5 kl. 17:00	U
Sun 26/4 kl. 14:00	U	Lau 16/5 kl. 17:00	U	Fim 4/6 kl. 18:00	U
Sun 26/4 kl. 17:00	U	Sun 17/5 kl. 14:00	U	Fös 5/6 kl. 18:00	U
Pri 28/4 kl. 18:00 aukas.	U	Sun 17/5 kl. 17:00	U	Lau 6/6 kl. 14:00	U

Ósöttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Fim 23/4 kl. 20:00	Ö	Lau 9/5 kl. 20:00	Ö
Lau 2/5 kl. 20:00	Ö	Fös 15/5 kl. 20:00	Ö
Fös 8/5 kl. 20:00	Ö		

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Prettándakvöld (Stóra sviðið)

Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn.	U	Pri 21/4 kl. 20:00	U
Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn.	U	Fös 24/4 kl. 20:00 síðasta sýn.	U

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

Fös 17/4 kl. 21:00	U	Lau 25/4 kl. 21:00	U
Lau 18/4 kl. 21:00	U	Sun 3/5 kl. 21:00	U
Fös 24/4 kl. 21:00	Ö		

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skritla í söng-leik (Kúlan)

Lau 18/4 kl. 13:00	Ö	Lau 25/4 kl. 14:30	Ö	Lau 9/5 kl. 13:00	Ö
Lau 18/4 kl. 14:30	U	Lau 2/5 kl. 13:00	Ö	Lau 9/5 kl. 14:30	Ö
Lau 25/4 kl. 13:00	Ö	Lau 2/5 kl. 14:30	Ö		

Órfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fim 16/4 kl. 21:00	Ö	Fös 24/4 kl. 21:00	U
Fös 17/4 kl. 21:00	U	Lau 25/4 kl. 21:00	U

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.



NOKKUR ORÐ Sigríður Björg Tómasdóttir

Geimskip og flugvél

Í nýlegu vetrarfrí fann ég mér ýmislegt skemmtilegt til dundurs eins og vera ber. Ég ákvað til að mynda að leggja til atölu við stóran kassa af legói sem til er á heimilinu og reyna að kubba geimskip og fleira eftir forskrift leiðbeiningabæklinga sem fylgdu þegar legóið var keypt handa litla frænda á tíunda áratugnum. Ég settist við iðjuna spennt og fékk soninn í lið með mér að leita að mjóum svörtum kubbum með þremur tökkum svo dæmi séu tekin. Sem var ekki alltaf auðvelt þegar ótalmargir kubbar eru í einni hrúgu.

En þetta tókst hjá okkur í samvinnu og afrakstur þessara frídaga var meðal annars geimskip, flugvél og sitthvað fleira spennandi. Fleiri hlöðstæð verk efni bíða úrlausnar en ég hef velt því fyrir mér hvort tíma mínum væri kannski vel varið í fyrstu að fara að fordæmi kollega

míns sem reglulega flokkar legókubbana á sínu heimili af mikilli nákvæmni, sem vissulega auðveldar smíði hinna ýmsu gripa.

Ég skal játa að ég hef alltaf verið mikill legóaðdáandi og í kjölfar byggingarframkvæmdanna varð ég heltekin mikilli nostalgíu og ákvað að leita að mínu gamla legói, hvítum og rauðum kubbum sem rötuðu til mín frá eldri bróður. Einstaklega skemmtilegt dót sem ekki sér á þrátt fyrir árafjöld og mikinn leik.

Það var auðvitað á vísam stað enda hefur gæðaleikföngum og uppáhaldsdóti ekki verið hent í flutningum undanfarinna ára nema í litlum mæli.

Sumir myndu eflaust vilja halda fram að hægt væri að verja tímanum með betri hætti, en er það ekki á við heilsu meðferð að leika sér? Því verð ég að trúa enda verður maður að réttlæta langtíma fjarveru úr ræktinni með einhverjum hætti.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 16. apríl 2009

→ **Tónleikar**

20.00 In Samsara spila á Fimmtudagsforleik Hins Hússins við Pósthússtræti (gengið inn Austurstrætismegin). Aðgangur ókeypis og allir allsgáðir 16 ára og eldri, velkomnir.

21.00 Sextett Ásgeirs J. Ásgeirssonar og **OC/DC** spila á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í kjallara Caffé Cultura við Hverfisgötu 18.

21.00 Dúettinn **Spýtt í lófana**, skipaður **Eiríki G. Stephensen** og **Kristjáni Eldjárn Hjartarsyni**, verður á Græna Hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið opnað kl. 20.

21.00 Áslaug Helga og **M-Project** flytja eigið efni í bland við annað á Kaffi Rosenberg við Klapparstíg. Einnig kemur fram hljómsveitin **The Fancy Toys** frá Bretlandi.

22.00 Queen tribute-bandið **Killer Queen** spilar á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.



→ **Fyrirlestrar**

20.00 Rannsóknakvöld Félags íslenskra fræða verður haldið í húsi Sögufélags við Fischersund. **Ragnheiður Kristjánsdóttir** flytur erindið „Nýtt fólk í verkalyðsstjórnmal – 1901-1944.“ Fundurinn er öllum opin.

→ **Rússneskír dagar**

Rússneskír dagar 16.-18. apríl í Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir. Opíð mán.-fim. kl. 10-20, fös. kl. 11-17 og lau.-sun. kl. 13-17.

17.15 Tamara Souturina flytur erindi um rithöfundinn **Ívan Turgenev** sem skrifaði m.a. Feður og syni. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

18.00 Árni Bergmann flytur erindið „Rússasögur, frásagnir rússneskra annála frá tímum Væringja“.



→ **Sýningar**

Jessica Langley og **Ben Kinsley** hafa opnað sýningu í **Skaftfelli**, miðstöð myndlistar á Austurlandi á Seyðisfirði. Opíð mið.-fim. kl. 13-17 og fös.-sun kl. 13-20.

→ **Námskeið**

20.00 Íslenski fjallahjólaklúbburinn býður upp á frítt námskeið þar sem farið verður yfir helstu atriði í viðgerðum og viðhaldi reiðhjóla. Námskeiðið er haldið við Brekkustíg 2 (gamla slökkviliðsstöðin, önnur hæð). Allir velkomnir.

→ **Bækur**

20.00 Norsk bókakynning verður í Norræna húsinu við Sturlugötu þar sem rithöfundarnir **Nikolaj Frobenius** og **Karin Fossum** kynna nýjstu bækur sínar og spjalla við gesti. Á fimmtudögum í apríl og maí er Bókasafn Norræna hússins opíð til kl. 21.

→ **Listamannspjall**

20.00 Ilmur Stefánsdóttir flytur erindi um sköpunarferli og hugmyndir í **Listasafni Reykjavíkur** í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Frábært úrval af sundfötum



Sundbuxur - Bikiní -
Tankiní - Sundbolir - Aðhaldssundföt -
Dóru- og Latabæjarsundföt á börnin

Fullt af nýjum vörum í öllum deildum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Laugardaginn 18.apríl

www.ferdafagnadur.is

**Ferða-
fagnadur**


Allir viðburðir ókeypis
eða á kostnaðarverði!

Veist þú hvað er í boði hér heima?

Hugmyndatorg
í dag kl. 15 - 18
á Höfuðborgarstofu, Aðalstræti 2




Reykjavíkurborg





SUDDEN WEATHER CHANGE



DEPECHE MODE

> Í SPILARANUM

Sudden Weather Change - Stop! Handgrenade...
Metric - Fantasies
Art Brut - Art Brut vs. Satan
Empire of the Sun - Walking on a Dream
Depeche Mode - Sounds of the Universe

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Arcade Fire skriður úr hiði

Meðlimir Arcade Fire segjast vera endurnærðir eftir ársfrí og tilbúnir að gera nýja plötu. Söngvarinn Win Butler segir að fríð hafi verið vel þegið og muni gagnast hljómsveitinni. „Við erum í góðum gir til að skapa. Hljómsveitin er í góðu standi,“ segir hann.

Ársfrí hljómsveitarinnar var það fyrsta sem meðlimir hennar hafa fengið í fimm ár. Fyrsta stóra plata þeirra, Funeral, kom út í árslok 2004. Platan var svo endurútgefin á alheimsvísu árið 2005 og eftir það sló sveitin í gegn um allan heim. Önnur plata Arcade Fire, Neon Bible, kom svo út í marsmánuði árið 2007. Eftir það fór sveitin í tónleikaferðalag um allan heim. Og nú er stefnan tekin á að gera þriðju plötuna: „Við erum öll bæði endurnærð og mjög spenn,“ segir Butler.

ARCADE FIRE Kanadíska indie-goðin tóku sér ársfrí en eru nú farin að huga að næstu plötu sinni.



> Plata vikunnar

Carpet Show - Music From Soul

★★★

„Efnilegt einyrkjapopp.“

TJ



TÓNINN GEFINN Trausti Júlíusson

Allt að gerast á Twitter

Þau eru mörg æðin á netinu. Myspace-síður tónlistarmanna eru fyrir löngu orðnar aðalsíður margra þeirra til þess að koma á framfæri nýrri tónlist. Facebook æðið er í algleymingi, en það snýst meira um að hafa upp á gömlum skólafélögum heldur en að hlusta á nýja tónlist. Og svo er það Twitter. Órbloggkerfið Twitter fer nú eins og eldur í sinu í netheiminum og það virðist ætla að verða mjög vinsælt hjá tónlistarmönnum.



NÝ TÓNLIST Í BEINNI Ólafur Arnalds kynnir nokkur ný lög á Twitter-síðunni sinni þessa vikuna, rétt eins og Mike Skinner.

Twitter snýst um að koma stuttum skilaboðum samstundis til margra aðila. Í tilfelli tónlistarmanna til aðdáenda. Þetta eru oft ofur hversdagsleg skilaboð á borð við „Við erum að mixa nýju plötuna“ eða einhverjar hugleiðingar, en svo er þetta líka góð aðferð til að kynna ný lög. Eins og greint var frá um síðustu helgi þá ákvað Ólafur Arnalds að kynna nýtt lag á Twitter-síðunni sinni á hverjum degi þessa viku í samvinnu við vefsíðuna <http://foundsongs.com/>. Þegar þetta er skrifað þriðjudagskvöldið 14. apríl er Óli þegar búinn að setja inn tvö lög; Erla's Waltz og Raein. En sama dag og Óli setti inn sitt fyrsta lag setti Mike Skinner, sem þekktastur er sem The Streets, inn tilkynningu á sína Twitter-síðu um að hann ætlaði að setja inn þrjú ný lög á síðuna í vikunni. „Ég get ekki staðið í þessu „selja ykkur tónlist“ veseni. Það sólundar dýrmætum tíma,“ skrifaði hann. Og þegar þetta er skrifað er fyrsta lagið hans, I Love My Phone, komið inn fyrir hálf tíma. Ágætis lag. Merkilegt. Þetta er eins og að fylgjast með tónlistarsköpun í beinni útsendingu: „Og hér er Óli Arnalds mættur með lag númer þrjú!“

Möguleikar netsins í tónlistardreifingu eru sem sagt engan veginn fullnýttir. Þróunin er í þá átt að tónlistarmennirnir komi lögum sínum sjálfir beint til hlustenda. Stundum eru þau gefin, en svo eru líka alltaf fleiri listamenn að selja sínar afurðir beint. Ný plata Dr. Gunna er t.d. eingöngu fánleg í gegnum heimasíðuna hans og verslun 12 tóna og nú stýttist í að Gogoyoko-vefsvæðið hefji starfsemi, en það verður öflugur vettvangur fyrir beina sölu listamanna á tónlist.

Keypti sér einbýlishús við sjóinn

Eivör Pálsdóttir hefur verið í sambandi í tvö ár, en kys að búa ein með nægt rými til að semja tónlist og mála.



föstudagur
fylgir Fréttablaðinu á morgun

Allt sem þú þarft

Ein stjarna, tvær sólar

Ein af þeim hljómsveitum sem mest er látið með í tónlistarpressunni þessa dagana er breska sveitin **Bat for Lashes** sem sendi frá sér plötu númer tvö, **Two Suns**, fyrir nokkrum dögum. **Trausti Júlíusson** forvitnaðist um þessa áhrifaríku einmennings-sveit.

Eitt heitasta nafnið í tónlistarpressunni í dag er Bat for Lashes. Nýja platan hennar, **Two Suns**, sem kom út fyrir nokkrum dögum, er í fimmta sæti breska plötulistans. Uppselt er fyrir löngu á tónleikaferð sveitarinnar um England og fjölmiðlarnir keppast við að hrósa henni, hvort sem það er Pitchforkmedia, NME, Sunday Times eða Clash Magazine.

Tilnefnd til Mercury-verðlauna

Aðalsprautu Bat for Lashes heitir **Natasha Kahn**. Hún er fædd 25. október 1979. Pabbi hennar er pakistanskur, en mamma hennar ensk. Natasha lærði bæði myndlist og tónlist, en það var ekki fyrir en að hún fór að vinna á leikskóla að loknu námi sem hún byrjaði að semja tónlist fyrir sína fyrstu plötu. Hún gaf út sína fyrstu smáskífu á vegum Drowned in Sound árið 2006 og í framhaldi af því gerði hún samning við Echo plötuútgáfunna sem gaf út fyrstu plötuna hennar **Fur and Gold** 11. september 2006. **Fur and Gold** vakti nokkra athygli og var m.a. tilnefnd til Mercury-verðlaunanna. Árið 2007 gerði Natasha samning við Parlophone og fór að vinna að plötu númer tvö.

Áhrif frá Björk og Kate Bush

Natasha hefur nefnt tónlistarkonur eins og Björk, **Tori Amos**, **Kate Bush**, **PJ Harvey** og **Siouxsie Sioux** sem áhrifavalda



BAT FOR LASHES Andlit og aðalsprautu Bat for Lashes er hin 29 ára gamla **Natasha Kahn**.

og maður heyrir glöggt áhrif frá þeim þegar maður hlustar á **Two Suns**. Bæði **Radiohead** og **M.I.A.** hafa lýst yfir aðdáun sinni á tónlist Bat for Lashes, en sveitin spilaði á þó nokkrum tónleikum með **Radiohead** í fyrra. **Natasha** gerir út frá **Brighton** (eins og **Emiliana Torrini**), en **Two Suns** var að hluta til tekin upp í **New York** og **Los Angeles**. Hún vinnur tónlistina á plötunni að mestu ein, en þó koma einhverjir gestir við sögu, m.a. **Scott Walker** og **Brooklyn-sveitin Yeasayer**. Á tónleikum er Bat for Lashes skipuð hópi hljóðfæraleikara.

Mikið lagt í hið sjónræna

Two Suns er fín popplata. Marglaga og mikið unnin, en sannfærandi engu að síður. Það er greinilegt að **Natasha** hefur mikla hæfileika. Eins og áður segir er hún líka myndlistarmaður og það sést á afurðum hennar. Hún leggur mikið í hið sjónræna bæði plötuumslögin og myndböndin. Auk þess fékk hún sjálfan **Alexander McQueen**, sem hún dár, til að aðstoða sig við sviðsfatnað. **Natasha** er dökkhærð, en á nýju plötunni kynnir hún m.a. til sögunnar ljóshærða lífsnautnahliðarsjálfið sitt **Pearl**.

Stórsveitin fær lof

„Stórsveit **Nix Noltes** er útkoman þegar 11 íslenskir tónlistarmenn, þar með taldir stofnmeðlimir í múm, koma saman og gefa út plötu með búlgarskri þjóðlagatónlist. Við ættum öll að gleðjast yfir því að þau hafi gert það; það sannar að veröldin er enn hvatvís og lífsglöð á stundum.“ Þannig hefst gagnrýni tónlistarvefritsins **Music OMH** um nýja plötu Stórsveitar **Nix Noltes**, **Royal Family: Divorce**, sem kom út á vegum **Fat Cat** í byrjun vikunnar. Platan fær fjórar stjörnur af fimm mögulegum og umsögnin er afar jákvæð.

Gagnrýnandinn **Scott Sinclair** segir að Stórsveit **Nix Noltes** sé frábær tónleikasveit og platan sé afar vel heppnuð. „Hún þarf kannski nokkrar hlustanir, en þú gætir vel endað á að elska hana,“ segir í lokin.



STÓRSVEIT NIX NOLTES Plata sveitarinnar vekur athygli erlendis.

MARBERT

SPLENDISSIMA
PREMIUM Ca+Mg



Fullkomin virkni gegn öldrun húðarinnar.

**Marbert kynning verður í verslunum Hagkaups
dagana 16. apríl - 22. apríl.**

Sérfræðingar frá MARBERT kynna SPLENDISSIMA Premium Ca+Mg, komdu og fáðu faglega ráðgjöf. SPLENDISSIMA er 24 stunda krem sem inniheldur nauðsynleg næringarefni eins og vítamín og amínósýrur ásamt því að vernda húðina fyrir utanaðkomandi áreiti. Inniheldur sólarvörn SPF 15.

KAUPAUKI að verðmæti 5.500.- fylgir ef keypt er fyrir 5.900.- eða meira úr MARBERT línunni. Kaupaukinn er:
Taska með Easy eye and lip remover 50 ml, Soft cleansing emulsion 50 ml,
Profutura 2000 eye cream 3ml, gloss, maskari.

Nýtt
kortatímabil!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Sjá nánar í Sælureit
bls. 40-41



Sérhannaðir og styrktir
fyrir íslenskar aðstæður
Hægt að snúa bæði
langsum og þversum


NÝTT - ÍSLENSK HÖNNUN

Skjólveggir fyrir íslenskar aðstæður




88x88 sm
603315

6.990




88x178 sm
603317

11.590




178x178 sm
603312

16.990




178x88 sm
603310

10.890



88x118 sm
603316

7.990



178x118 sm
603311

13.590

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

Pantaðu Sælureitinn heim á www.husa.is
eða hringdu í síma 525 3000



Tilboð
990 kr/stk
aðeins fim-sun

Pallaening, Justa
60x60 sm
604300

GOTT VIÐHALD Á PALLINUM

Gerðu sólpallinn eins og nýjan

skref 1

Hreinsa
pallinn
með Jotun
pallahreinsi



3.499

Jotun Terraserens, 5 ltr
er kröftugt hreinsiefni sem hreinsar upp og frískar
viðarfleti, fjarlægir sveppagróður, sót, grillolíur, ryk o.fl.
7158013

skref 2

Bera
Jotun
pallaolíu
á pallinn



2.499

Jotun Treolje
er hægt að bera
á allt niður í
-5°C

Jotun Treolje, 3 ltr
Langmest selda pallaolía á Íslandi. Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg
gullbrún, græn og blöndum einnig fjölda lita.
7049123/33/37



Sýpris
999 kr
100 sm



1.999
~~2.249~~

NÝTT Gardhúsgögnin verða eins og ný með Benar

Lituo sérvíðarolla fyrir viðarvörn á
veggjaklæðningu úr harðviði, tréhúsgögn úr
tekk, mahóni o.fl. úr harðviði. Ollan verndar
gullid yfirbragð viðarins og verndar gegn
útfjólubláum geislum sólar. Benar Edeltreolje
nær góðri bindingu við yfirborð viðarins og
tryggir jafnt niðurbrot.

Benar Edeltreolje
0,75 ltr
7053040

Sjá nánar
í Sælureit
bls. 94-95

Sólpallasmíði
í Sælureit
bls. 120-127



verð frá
199kr/m

PALLAEFNI

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN

Gagnvarin fura

21x95, lengdir 0.9 til 6.0 m
621600

199 kr/m

28x95, lengdir 0.9 til 4.5 m
628601

259 kr/m

Timburráðgjöf Grafarholti, Skútuvogi
og í verslunum okkar um land allt.

ÚT Á PALL

Ruslavagn

Claber
5081642

4.999

12.999

Háprýstidæla

Nilfisk Alto, 100 bör, vönduð dæla
sem dælir allt að 440 ltr/klst, fyrir
bilinn, stéttina o.fl., 5 m slanga
og 5 m rafmagnssnúra
5254240

3.499

Bílakústur

Claber
5081645



Slanga
1/2" 25m
5087000

1.599

1.699

Hekklippur

HiPoint
5084672



Vinnuhanskar

Þjálir m/góðu gripi
5866387-90

499



ÓDÝRT

16.990

OUTBACK

Omega 200

6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð,
neistakveikja, þrýstijafnari.
Gaskútur fylgir ekki
3000235



2.490

Grilltangasett

7 stk í tösku
3901470



190

Grillbursti

m/löngu skafti
2999164



ÓDÝRT


HÚSASMÍDJAN

x blómaval

Frábær saman

> EKKERT BRÚÐKAUP

Fegurðardisín **Megan Fox** hefur engin áform uppi um að giftast unnusta sínum, Brian Austin Green, þrátt fyrir að þau hafi nýlega trúlofað sig að nýju. Fox sleit trúlofun þeirra í febrúar eftir fimm ára samband. Nú er aftur kátt í höllinni en Fox er harðákveðin: „Ég er bara ekki brúðkaupstýpan.“



fólk
folk@frettabladid.is

Aðgöngumiðarnir sendir til Ísraels

„Það var einhver hjá flutningsfyrirtækinu ÜBS í Belgíu sem misskildi pöntunina svona hrapallega og sendi armböndin okkar til Ísraels en ekki Íslands,“ segir Einar Benediktsson hjá AM Events sem sér um framkvæmd Söngkeppni framhaldsskólanna. Mikils taugatitringis gætti meðal starfsmanna AM Events þegar þessi misskilningur uppgötvaðist en böndin, sem eru aðgöngumiðar á keppnina, voru send með fyrsta flugi frá Ísrael til Íslands og lentu á landinu í gær. „Þetta er auðvitað grátbroslegt því við misstum einn dag í miðasölu.“

Keppnin fer fram á laugardaginn norður á Akureyri og verður sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2. Gengið hefur verið frá því að Jón Jósep Snæbjörnsson verði formaður dómnefndar en áhorfendur heima í stofu og úti í sal geta þó haft áhrif á úrslitin með SMS-skeytum.

Einar segir jafnframt að keppendur hafi verið munstraðir í upptökuver og lögin þeirra

séu því tilbúin til útvarpsspilunar „ef ævintýri Sværris Bergmann verður endurtekið,“ segir Einar og vísar þar til vinsællar íslenskrar útgáfu söngvarans af lagi Bon Jovi, Always, sem sló í gegn fyrir nokkrum árum.

Kynnir kvöldsins verða þau Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, leikkona og verkefnisstjóri Viðeyjar, og Jóhann G. Jóhannsson, leikari og útvarpsmaður með meiru.

- fgg

FORMAÐUR DÓMNEFNAR
Jónsi verður formaður dómnefndar, en hann á sjálfur að baki þátttöku í þessari sívinsælu söngkeppni.



KYNNAR Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og Jóhann G. verða kynnir á söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri.

Scarlett ræðst á pressuna

Bandaríska leikkonan Scarlett Johansson hefur ráðist á bandarísku pressuna og sakar hana um að vera of upptekna af holdafari leikkvenna. Bandarískir slúðurmiðlar hafa verið uppfyllir af fréttum um að Scarlett þjáist af átröskun eftir að nokkur grömm fuku af henni. Scarlett segist sjálf vera í ströngu aðhaldi í mataræði og mikilli líkamsrækt vegna hlutverks síns í kvikmyndinni Iron Man 2 en hún leikur þar Svörtu ekkjuna.

Í grein sem birtist á vefritinu Huffington Post segir Scarlett að fréttir fjölmiðla af holdafari sínu séu rangar. „Ég er frekar nett manneskja en einhverjir hafa haldið því fram að ég hafi misst sjö kíló. Til að missa slíkan fjölda kílóa yrði ég sennilega að höggva af mér hendurnar og annan fótinn,“ skrifar Scarlett. „Sumir hafa nefnt nöfn á einkaþjálfurum

sem ég kannast ekki við, talað um fæðubótarefni sem ég kann ekki einu sinni að bera fram nöfnin á og svona mætti lengi telja,“ bætir Scarlett við.

Hennar mesta áhyggjuefni er þó að fréttaplutningurinn kunni að hafa áhrif á áhrifagjarna aðdáendur og geti haft í för með sér átröskunarsjúkdóma. „Ég yrði miður mín ef einhver stelpa frá Kansas hætti að borða af því að hana langaði svo til að líta út eins og blöðin segja að ég líti út,“ heldur Scarlett áfram. „Yfirleitt nenni ég ekki að tjá mig um það sem heimskir blaðamenn skrifa en ábyrgðartilfinning mín segir mér að ég verði að svara svona rugli.“

ÓSÁTT Scarlett stundar stífa líkamsrækt og borðar hollan mat fyrir hlutverk sitt í Iron Man 2.

NORDICPHOTOS/GETTY



AUGLÝSING SEM VAKIÐ HEFUR ATHYGLI

Nokkrir hafa stungið niður penna og skrifað um umrædda auglýsingu Lýðheilsustöðvar sem birtist í Monitor. **Rafn Jónsson** hjá Lýðheilsustöð segist taka allri gagnrýni sem uppbyggilegri en **Guðrún Jónsdóttir** segir auglýsinguina beinlínis skaðlega.



Umdeild auglýsing Lýðheilsustöðvar

Auglýsing Lýðheilsustöðvar sem birtist í nýjasta töluhefti Monitors hefur vakið nokkra athygli en bæði framkvæmdastýra Kvennaathvarfs og talsmaður Stígamóta hafa sett út á boðskap hennar. Rafn M. Jónsson hjá Lýðheilsustöð segir að auglýsingin verði tekin til skoðunar.

„Ég er eiginlega öskureið þegar ég hugsa betur um þessa auglýsingu. Ábyrgðin á akkúrat öfugum enda og enn einu sinni tekin af gerandanum,“ segir Sigprúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Kvennaathvarfs. Textinn sem um ræðir hljómar á þá leið að „Ef þú drekkur ekki áttu síður hættu á að verða fyrir ofbeldi, s.s. barsmiðum eða nauðgun.“

Guðrún Jónsdóttir hjá Stígamótum hafði nýlega séð umrædda auglýsingu þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Hún segir boðskapinn beinlínis skaðlegan. „Þetta er í raun alvarlegra en það kannski hljómar en meginviðfangsefni okkar á Stígamótum er að fást við eigin skömm og sektarkennð þeirra sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi. Það er kynt undir

slíkar tilfinningar með áróðri af þessu tagi. Við vitum öll að við eigum ekki að neyta vímuefna en það réttlætir aldrei ofbeldi og við eyðum um 2.000 klukkustundum á ári við að leiðrétta einmitt þannig tilfinningar,“ segir Guðrún. „Þarna er ennþá verið að kynda undir góðsagnir um að þær sem ekki passir sig séu sekar. Boðskapurinn ætti í raun að vera: Þeir sem ekki passa sig, þeir eru seki. Áhrifaríkasti áróðurinn hlýtur að eiga að beinast að þeim sem mögulega gætu framið kynferðisofbeldi. Þannig þarf að ala karla upp með það fyrir augum að innræta þeim virðingu í samskiptum kynjanna.“

Rafn M. Jónsson verkefnastjóri hjá Lýðheilsustöð sagðist ekki hafa heyrt af þessari gagnrýni áður. „Við munum klárlega settast niður og ræða hvort hægt sé að setja þetta öðruvísi fram. Við tökum allri gagnrýni sem uppbyggilegri. Það er engu að síður staðreynd að þeir sem verða fyrir ofbeldi og árásum eru oft undir áhrifum áfengis. Þannig að ef þú velur að fara út og drekka eykur þú áhættuna á ofbeldi. Við erum hins vegar alls ekki reyna að setja þetta fram þannig að ábyrgðin sé tekin af sökudólgunum. Og erum ekki að reyna að gera þolandann að sökudólg. Svona auglýsingar eru alltaf álitamál.“

juliam@frettabladid.is

Hjálparvakt ta lækna

fyrir börn og unglunga

Fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa breyst verulega til hins verra á síðustu mánuðum. Því miður sýnir reynslan að eitt af því sem foreldrar neyðast til að spara þegar þrengir að eru tannviðgerðir og eftirlit hjá börnum og unglungum. Dreigið hefur stórlega úr þátttöku íslenskra stórnvalda í kostnaði vegna tannheilsu barna og við blasir gífurleg hættu á tannskemmdum og jafnvel vanlíðan barna og unglunga um þessar mundir. Í sumum tilfellum bíður fólk þess aldrei bætur.

Tannlæknar hafa ákveðið að koma til móts við þau heimili sem erfiðast eiga uppdráttar með sjálfböðavinnu við skoðun og viðgerðir tanna hjá börnum og unglungum. Skorað er á barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör að nýta sér þetta **tækifæri til ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglunga.**

Hjálparvakt tannlækna er samstarfsverkefni Tannlæknafélags Íslands og Tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Þjónustan er veitt í húsnæði Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Læknagarði, **laugardagana 18. apríl, 9. maí og 23. maí frá kl. 10.00 – 13.00.**

Ekki er tekið við tímapiöntunum en ráðstafanir eru gerðar til þess að biðtími verði ávallt hóflegur. Nánari upplýsingar eru veittar hjá **Tannlæknadeild Háskóla Íslands í síma 525 4850.**



Við elskum alla

Nú geturðu valið þér **sex vini** hjá hvaða farsímafyrirtæki sem er.

Það er **Síminn** 

800 7000 • siminn.is

Dýra-fjölskyldan steig á svið

„Við höfum ekki spilað áður saman opinberlega, gerum svolítið af því í fjölskylduböðum. Þetta var bara ótrúlega skemmtilegt,“ segir Orri Páll Dýrason, oftast kenndur við Sigur Rós. Sá skemmtilegi atburður átti sér stað á páskadag í tengslum við Aldrei fór ég suður að Orri Páll tróð upp ásamt systur sinni, Vílborgu Ásu, bassaleikara í Mamm-út, og föður sínum, Dýra Guðmundssyni. Dýri þykir nokkuð liótækur gítarleikari og tók fjölskyldan þrjú lög; Louie, Louie, Honky Tonk Women og „Einhvern blús sem ég man ekki hvað heitir,“ segir Orri.



SAMAN Á SVIÐI Orri situr við trommurnar, Vílborg plokkar bassann og Dýri leikur af fingrum fram á gítarinn.

Hefð er fyrir því að allir tónlistarmennirnir sem taka þátt í tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður hittist á páskadag og geri sér glaðan dag. Að þessu sinni var farið í jóga á Bolungarvík og svo snætt páskasvín sem eldað var af Papa Mug, Guðmundi Kristjánssyni, í Hnífsdal. „Þar var bara

„opinn míkrofónn“ og við ákváðum að láta slag standa,“ útskýrir Orri, sem vonast til að framhald verði á samstarfinu enda hafi það heppnast ljómandi vel. Hann segir hljómveitina hins vegar ekki enn komna með nafn en list ágætlega á nafnið „Family Band“.

NÝTT Í BÍÓ!

I LOVE YOU MAN ÉRTU NÓGU MIKKIL MABUR TL AD SEGJA ÞAD? Tommi - kvikmyndir LUXUS	Einhver áhrifamesta og mikilvægasta mynd síustu ára! Byggð á bók eftir Andra Snæ Magnason DRAUMALANDIÐ Þvakk áttu þegar þú hefur sétt allt?
FRANKLÍN & FJARSLÓÐURINN Heimstrumusýning á frábærri svvitryg og spennumynd!	Franklín og Fjarlóðurinn Sýnd með frábærum tali
FAST AND FURIOUS 50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍOMIDANN Á	MONSTERS VS ALIENS 5%

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000 TILBOÐSVERÐ

I LOVE YOU MAN	kl. 5.40 - 8 - 10.10	12
I LOVE YOU MAN LUXUS	kl. 5.40 - 8 - 10.10	12
DRAUMALANDIÐ	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
FRANKLÍN & FJARSLÓÐURINN	kl. 3.50	L
FAST AND FURIOUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
MONSTERS VS ALIENS 3D	kl. 3.40 ísl. tali	L
MONSTERS VS ALIENS	kl. 3.40 ísl. tali	L
MALL COP	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

FAST AND FURIOUS	kl. 5.45 - 8 - 10.15	12
DRAUMALANDIÐ	kl. 6 - 8 - 10	L
DRAGONBALL	kl. 10	7
CHOKE	kl. 8 - 10 (Ekkert hlé)	14
THE BOY IN THE STRIPED PJAMAS	kl. 5.50	12
THE READER	kl. 5.40	14

REGNBÖGINN Sími 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

MALL COP	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L
DRAGONBALL	kl. 6 - 8 - 10	7
MARLEY AND ME	kl. 5.30 - 8	L
KILLSHOT	kl. 8.20 - 10.20	16
HES JUST NOT THAT INTO YOU	kl. 5.30 - 10.20	12

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

FRANKLÍN & FJARSLÓÐURINN	kl. 5.50	12
FAST AND FURIOUS	kl. 8 - 10	L
I LOVE YOU MAN	kl. 5.50 - 8 - 10	L

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍOMIDANN Á mid.is

NÝTT Í BÍÓ

LÁUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝND Í 3D

I LOVE YOU MAN
VILTU VINNA MILLJARÐ?

FAST & FURIOUS
50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍOMIDANN Á

FRANKLÍN & FJARSLÓÐURINN
Heimstrumusýning á frábærri svvitryg og spennumynd!

MONSTERS VS ALIENS 3D
SÝND Í 3D

MONSTERS VS ALIENS
SÝND Í 3D

BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

I LOVE YOU MAN	kl. 5.50, 8 og 10.15	12
FRANKLÍN - ísl. tali	kl. 6	L
FAST & FURIOUS	kl. 8 og 10.15	12
MONSTERS VS. ALIENS 3D	kl. 6 ísl. tali	L
VILLTU VINNA MILLJARÐ	kl. 8 og 10.15	12

MYND SEM SKILUR EFTIR VARANLEG SPÖR Í HUGUM ÁHORFENDA!

„Áhverju geta Bandaríkjamenn ekki gert svona myndir lengur?“ CNN

**** Empire
**** Washington Post
**** Chicago Tribune

Ein af bestu myndum allra tíma samkvæmt IMDb.COM!

LET THE RIGHT ONE IN

SAMBÍÓ

Frá Leiklistarmann sem ferðir áður Lucky Number Slevin

SAMBÍÓ ALFABAKKA		
I LOVE YOU MAN	kl. 5.50 - 8 - 10.20	12
I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10.20	VIP
PUSH	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 5.50 (3D)	L
MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 5.50	L
FAST & FURIOUS	kl. 5.40 - 8 - 10.20	12
KNOWING	kl. 8 - 10.30	12
DUPLICITY	kl. 8	12
WATCHMEN	kl. 10.20	16
GRAN TORINO	kl. 5.50	VIP
SAMBÍÓ KRINGLUNNI		
LET THE RIGHT ONE	kl. 8:10 - 10:30	16
PUSH	kl. 8:10 - 10:30	12
MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 6 (3D)	L
MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 6	L
MONSTERS VS ALIENS	m/ensku tali kl. 6 (3D) (ótektuð)	L
BAADER MEINHOF KOMPLEX	kl. 8 - 10:40	16

Nú styttest óðum í að sumarmyndir bíóhúsanna fari í fínar taugar fagurkera sem reyna að halda sig sem lengst frá sprengjuþrungnum glansmyndum frá Hollywood. Þeir geta þó hugað sig við þessa helgi því sannkölluð kvikmyndaveisla stendur yfir í höfuðborginni.

Bíódagur Græna ljóssins sönnuðu tilveru þess sinn í fyrra með glæsilegu úrvali og í ár er einnig fjöldi áhugaverðra mynda. Mikill fjöldi heimildarmynda og sjálfstæðrar kvikmyndagerðar mun prýða hvítu tjöld Regnbogans og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Mjúk nefna Bigger, Stronger, Faster sem fjallar um steranotkun í Bandaríkjunum og svo Cocaine Cowboys 2, sjálfstætt framhald hinnar ofurvinsælu heimildarmyndar um eiturfjabyransann í Bandaríkjunum. Þá er óhætt að mæla með þýsku kvikmyndinni Die Welle sem sló öll met í heimalandinu en hún segir frá ein-ræðistilraun í skóla sem fer úr skordrum.




SÍÐASTA MYNDIN Joaquin Phoenix hefur sagt skilið við leiklistina og snúið sér alfarið að tónlist en síðasta mynd hans í bili, Two Lovers, verður frumsýnd um helgina.

er hún þegar komin í hóp með bestu myndum heims. Lát den rätte komma in segir frá tólf ára gömlum strák í Stokkhólmi sem er reglulega lagður í einelti. Líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann kynnist Eli, ungrri stelpu sem þarf að drekka blóð til að lifa af.

Þeir sem kjósa enskumælandi myndir frá Los Ang-

eles fá þó einnig eitthvað við sitt hæfi. State of Play með þeim Russell Crowe og Rachel McAdams fjallar um hóp rannsóknarblaðamanna sem aðstoða lögregluna við dularfullt morð, 17 Again ætti að höfða til aðdáenda High School Musical enda leikur hjartaknúsurinn Zac Efron aðalhlutverk í mynd um mann sem gengur í barndóm á ný og Two Lovers er að öllum líkindum síðasta mynd Joaquin Phoenix í bili. Meðal leikara í þeirri mynd eru þau Clive Owen og Julia Roberts en myndin hefur fengið afbrigðis góða dóma.

freyrgigja@frettabladid.is



STERAHNEYKSLI Sylvester Stallone kemur við sögu í heimildarmyndinni Bigger, Stronger, Faster sem fjallar um steranotkun í Bandaríkjunum.

Gibson með rússneska kærustu

Mel Gibson hefur fetað í fótspor Rolling Stones-liðans Ronnie Wood og er kominn með rússneska yngismey upp á arminn. Heimspressan hefur fjallað ítarlega um skilnað Mel og Robyn Gibson en talið er að leikarinn og leikstjórinn þurfi að greiða fyrirverandi eiginkonu sinni tugi milljarða í skilnaðarbætur.

The Sun greindi frá nýju ástinni í lífi Mel Gibson í gær. Hún heitir Oksana Pochepa og er fyrirverandi barnastjarna í Rússlandi. Sló í gegn aðeins þrettán ára gömul og hefur síðan þá malað gull. Ef marka má myndirnar sem The Sun birti af henni þykir Oksönu heldur ekkert leiðinlegt að sitja fáklaedd fyrir á ljósmyndum en það er annað mál.

Í samtali við The Sun upplýsir Oksana að hún sé þessi dularfulla, dökkhærða kona sem Mel Gibson var myndaður með á Kosta Ríka. Talið er að þær myndir hafi orðið til þess að Robyn gafst endanlega upp á eiginmanni sínum til 28 ára og óskaði eftir skilnaði. Oksana segir jafnframt í breska blaðinu að hún sé yfir sig ástfangin af Gibson og að hún vonist til þess að samband þeirra verði bæði heitt og innlegt. Bandarískir fjölmiðlar hafa þó sett ákveðið spurningamerki við frásögn Oksönu og segja hana ekkert líka þeirri stúlku sem Mel var myndaður með. Sumir leyfa sér jafnvel að halda því fram að saga Oksönu sé uppspuni frá upphafi til enda.



EIGNAST RÚSSNESKA KÆRUSTU Oksana Pochepa segist vera ný kærasta Mel Gibson þótt bandarískir fjölmiðlar efist stórlega um frásögn hennar.



ICELAND REVIEW



KOMIN
Í KILJU

SAMTÍMASAGA UM HEFND, GRÆÐGI OG FIRRINGU

Einar blaðamaður á Síðdegisblaðinu er sendur vestur á firði um hávetur. Gamalt hús í miðbæ Ísafjarðar brennur og grunur leikur á íkveikju; þekktur fótboltakappi og félagi hans hverfa sporlaust. Einar er skyndilega kominn á kaf í ískyggilega atburðarás sem er á skjön við friðsæld Vestfjarða.

Hörkuspennandi bók með óvæntri og snjallri fléttu.

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Ótrúlega góð ... vönduð og vel skrifuð.“

KOLBRÚN ÓSK SKAFTADÓTTIR / EYMUNDSSON

„Árni bregður upp mergjuðum mannlíflýsingum í nýrri morðsögu sem gerist fyrir vestan.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„Árna tekst ... að búa til góða fléttu sem heldur athyglinni til enda.“

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON / WWW.BOKMENNTIR.IS

„Býr yfir þeim fágæta eiginleika að geta endað bækur á sannfærandi og spennandi hátt.“

ÞRÖSTUR HELGASON / LESBÓK MORGUNBLAÐSINS

> Fimm í öllum úrvalsliðunum

Fimm leikmenn N1-deilda karla og kvenna náðu því að vera í öllum þremur úrvalsliðunum sem voru valin í vetur. Í karladeildinni voru það HK-ingurinn Valdimar Fannar Þórssón og Valsarinn Arnór Þór Gunnarsson sem voru í öllum liðunum en í kvennadeildinni voru það Haukakonurnar Hanna Guðrún Stefánsdóttir (til hægri) og Ramune Pekarskyte og Stjórnu-konan Alina Petrache. Haukamennirnir Birkir Ívar Guðmundsson, Freyr Brynjarsón og Sigurbergur Sveinsson voru allir í tveimur liðum og þá voru Valsararnir Berglind Íris Hansdóttir og Dagný Skúladóttir og Haukakonan Nína Björk Arnfinnsdóttir einnig í tveimur af þremur úrvalsliðum í vetur.

sport
sport@frettabladid.is

**EINAR HÓLMGEIRSSON: LÍKLEGA Á LEIÐ Í SPEGLUNARADGERÐ Á HNÉ Í NÆSTU VIKU****Orðinn langþreyttur á að fá engin svör**

Einar Hólmgeirsson mun líklegast fara í speglun á hné í næstu viku. Hann hefur verið meiddur síðan í janúar síðastliðnum en enn hefur hann ekki fengið svör við því hvað nákvæmlega sé að hrjá hann.

„Vonandi kemur í ljós eftir þessa speglun hvað er að,“ sagði Einar í samtali við Fréttablaðið.

„Það er haldið að þetta gæti tengst brjóskinu eða jafnvel liðþófánunum. En ég er kominn með nóg af því að vera með þessa verki og vil láta athuga þetta áður en ég vinn mér frekara mein.“

Einar hefur verið að spila undanfarna leiki með liði sínu í Þýskalandi, Grosswallstadt, og

var aftur í eldlínunni með sínum mönnum í gærkvöldi.

„Það hefur gengið ágætlega að spila en ég hef lítið sem ekkert getað æft inni á milli. Það er ekki gott fyrirkomulag til lengdar.“

Grosswallstadt á svo annan leik á laugardaginn en Einar vonast til þess að hann geti farið í aðgerðina á miðvikudaginn.

„Það fer eftir því hvaða niðurstöður læknarnir fá úr spegluninni hversu lengi ég verð frá. Það verður þó ekki minna en fjórar vikur.“

Grosswallstadt siglir lygnan sjó í þýsku úrvalsdeildinni og hefur því að litlu að keppa í þeim leikjum sem eftir eru af tímabilinu.

„Ég vonast til að ná leikjum landsliðsins í júní næstkomandi en það gæti orðið ansi tæpt.“

Einar segir að læknarnir í Þýskalandi hafi hingað til ekki viljað skera hnéð upp þar sem myndatökur hafi ekki sýnt neitt athugasvert.

„Læknarnir segja að það myndi enginn framkvæma uppskurð miðað við það sem þeir sjá á myndunum. En það hefur sýnt sig að myndirnar segja ekki allt. Það þarf einfaldlega að athuga þetta betur.“

Einar hefur átt við itrekuð meiðslu að stríða undanfarin ár og hefur því ekki spilað eins mikið, hvorki með félagsliði sínu né landsliðinu, eins og hann hefði sjálfur kosið.

Hann er þó ekki eini leikmaður íslenska landsliðsins sem hefur átt við hnémeiðslu að stríða að undanförmu. Þeir Arnór Atlason, Snorri Steinn Guðjónsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson hafa allir mátt glíma við álíka meiðslu.



MEISTARAR Í FYRRA Aron Kristjánsson með Íslandsbikarinn. FRÉTTAÐLAGIÐ/DANIEL

Spá hinna þjálfaranna í N1:

Haukar og Valur fara í úrslitin

HANDBOLTI Fréttablaðið fékk þjálfara liðanna sem komust ekki í úrslitakeppnina til þess að spá því hvernig einvígin í undanúrslitunum færu. Samkvæmt spá þjálfaranna fjögurra eru mestar líkur á því að Haukar og Valur mætist í lokaúrslitunum.

Gætti Paul Pierce á hverjum degi

Nick Bradford er Íslendingum vel kunnur eftir veru sína með Keflavík og Grindavík. Færri vita að hann lék með einu bestu háskólaliði Bandaríkjanna þar sem hann æfði með mörgum núverandi NBA-stjörnum.

KÖRFUBOLTI Nick Bradford er einn besti körfuboltamaður sem leikið hefur á Íslandi. Það sýndi hann og sannaði með Keflavík á árunum 2003 til 2005 og nú aftur á síðari hluta tímabilsins með Grindavík. Með hann innanborðs var Grindavík hársbreidd frá því að vinna Íslandsmeistaratitilinn af KR í ævispennandi viðureignum liðanna í úrslitakeppninni sem lauk á mánudagskvöldið.

Þeir eru ef til vill færri sem vita að Bradford lék með einu sterkasta háskólaliði Bandaríkjanna á sínum tíma, Kansas University, þar sem hann lék og æfði með mörgum leikmönnum sem síðar létu til sín taka í NBA-deildinni.

„Paul Pierce var herbergisfélagi minn fyrstu tvö árin mín í háskóla og var það mitt hlutverk að gæta hans á æfingum á hverjum degi,“ sagði Bradford í samtali við Fréttablaðið. Pierce er lykilmáður í meistaraliði Boston Celtics og var valinn besti leikmaður úrslitakeppinnar á síðasta tímabili er liðið vann langþráðan meistaratitil.

„Þegar ég byrjaði var það hann sem kenndi mér á háskólalífið. Hann hjálpaði mér einnig að bæta mig sem körfuboltamaður. Ég er enn í góðu sambandi við hann eins og fleiri félaga mína frá háskólaárunum.“

Meðal þeirra sem Bradford lék með á sínum tíma má nefna Kirk Hinrich, Drew Gooden, Jacques Vaughn, Nick Collison og Billy Thomas. Og rétt

eins og Pierce studdi hann Lakers í æsku.

„Við Paul áttum það sameiginlegt að vera miklir stuðningsmenn Magic Johnson. Paul er frá Los Angeles og því var það mjög sætt fyrir hann að verða meistari með Boston í fyrra eftir að hafa unnið Lakers í úrslitunum. Í dag fylgist ég einna helst með þeim liðum sem þessir strákar sem ég var með í háskóla spila með nú.“

Leið Bradford lá þó ekki í NBA-deildina. „Ég spilaði í sumar deildinni með Utah Jazz strax eftir háskólann og svo í tvö ár í ABA-deildinni sem er næst fyrir neðan NBA-deildina. Eftir það fór ég að spila í Evrópu.“

„En ég er mjög ánægður með feril minn. Ég hef notið mín vel og vonandi á ég nokkur góð ár eftir.“

Þætti hann við en Bradford er nú þrítugur.

Hann segist ekki vita hvað taki næst við hjá sér. „Það gæti verið að ég fari aftur til meginlands Evrópu og klári tímabilið með einhverju liði þar. En svo er líka mögulegt að ég komi aftur til Íslands á næsta tímabili – það er aldrei að vita.“

Bradford segir

PAUL PIERCE
Besti leikmaður úrslitakeppinnar í fyrra.
NORDIC PHOTOS/GETTY



NICK BRADFORD Fór oft á kostum með Grindavíkurlíðinu í úrslitakeppninni.

MYND/VILHELM

að körfuboltinn á Íslandi sé vanmetinn af mörgum á meginlandi Evrópu. „Íslenskur körfubolti er góður og styrkleiki deildarinnar vanmetinn. Margir gera sér ekki grein fyrir því að margir sterkir leikmenn eru í deildinni.“

Hann segir að helsta breytingin sem hann tók eftir þegar hann kom

til Íslands aftur í vetur sé stemningin á leikjum. „Úrslitakeppnin var sérstaklega svekkjandi og stuðningsmenn allra liðanna voru afar öflugir. Þetta er alla vega það besta sem ég hef séð hér á landi. Það versta var að vinna ekki titilinn – það var afar sárt.“

eirikur@frettabladid.is

SPÁ ÞJÁLFARA LIÐANNA Í 5. TIL 8. SÆTI Í DEILDINN

Elvar Örn Erlingsson, þjálfari FH

Haukar-Fram 2-0

Valur-HK 2-1

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar

Haukar-Fram 1-2

Valur-HK 2-1

Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörns

Haukar-Fram 2-1

Valur-HK 2-1

Róbert Sighvatsson, þjálfari Víkinga

Haukar-Fram 2-0

Valur-HK 1-2



BESTUR Birkir Ívar Guðmundsson fagnar deildarmeistaratitlinum. FRÉTTAÐLAGIÐ/FRÍDRIK

Bestu leikmenn 3. hlutans:

Hanna og Birkir

HANDBOLTI Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, og Hanna Guðrún Stefánsdóttir, hornamaður Hauka, voru valin bestu leikmenn þriðja hluta N1-deilda karla og kvenna.

Bestu þjálfararnir voru valdir Gunnar Magnússon hjá HK og Díana Guðjónsdóttir hjá Haukum. Besta dómaraárið var valið Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson. Haukar fengu verðlaun fyrir bestu umgjörð hjá konum og Akureyri hjá körlum.

Úrvalslið karla:

Mark: Birkir Ívar Guðmundsson, Hauk.

Lína: Einar Ingi Hrafnsson, HK.

V. horn: Freyr Brynjarsón, Haukum.

V. skyttu: Sigurbergur Sveinsson, Hauk.

H. horn: Arnór Þór Gunnarsson, Val.

H. skyttu: Bjarni Fritzon, FH.

Miðja: Valdimar Fannar Þórssón, HK.

Úrvalslið kvenna:

Mark: Berglind Íris Hansdóttir, Val.

Lína: Hildigunnur Einarsdóttir, Val.

V. horn: Dagný Skúladóttir, Val.

V. skyttu: Ramune Pekarskyte, Hauk.

H. horn: Hanna G. Stefánsd., Hauk.

H. skyttu: Stella Sigurðardóttir, Fram.

Miðja: Alina Petrache, Stjórnumni.

Undanúrslit í úrslitakeppni N1-deildar karla hefjast í kvöld með tveimur leikjum:

Gaman að fá úrslitakeppnina aftur á ný

HANDBOLTI Úrslitakeppnin í N1-deild karla hefst í kvöld með fyrstu viðureignunum í undanúrslitunum. Deildarmeistarar Fram taka á móti Haukum á Ásvöllum og Valur mæti HK í Vodafone-höllinni. Báðir leikirnir hefjast klukkan 19.30.

„Það er gaman að fá úrslitakeppnina aftur í handboltann eftir þriggja ára pásu,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals. „Maður hefur verið að fylgjast spennur með úrslitakeppninni í körfuboltanum og maður kemur því enn spennari í úrslitakeppni handboltans.“

Sem fyrr segir mæta Valsmenn HK-ingum en Valur hefur ekki enn tapað á heimavelli í vetur.

„Við ætlum að halda þessu vígi okkar góðu og vinna okkar heimaleiki. Það mun þá allavega fleyta okkur í úrslitin. En við tökum bara eitt skref í einu og það er ljóst að þetta verður erfiður leikur.“

HK og Valur mættust í lokaumferð deildarkeppinnar og þá



BARÁTTA Það verður tekið á því í fyrstu leikjum úrslitakeppinnar í kvöld. Valur og HK eigast við annars vegar og hins vegar Haukar og Fram. FRÉTTAÐLAGIÐ/STEFÁN OG DANIEL

vann fyrrnefnda liðið sjö marka sigur.

„Við létum berja okkur í klessu í síðasta leik. Við vorum mjög lélegir og hvorki með vörn né markvörslu í lagi. En ég tel engu að síður að þegar við spilum okkar bolta vel séum við með sterkasta liði.“

Gunnar Magnússon, þjálfari HK, sagði sína menn mæta til



leiks í kvöld fulla sjálfstrausts.

„Það skipti mig ekki neinu máli hvort við fengjum Val eða Hauka í undanúrslitunum. Aðalmálið var að við kæmum á góðum spretti inn í úrslitakeppnina og tækjum svo því sem að höndum ber. Við erum með alla okkar leikmenn heila og erum að toppa núna. Ég treysti mínu liði fullkomlega í

þetta verkefni. Við ætlum okkur að verða fyrstir til að vinna Valsara á þeirra heimavelli.“

Haukar og Fram hafa fjórum sinnum mætt við í hinum tveimur,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka. „Ég myndi segja að Fram væri með mjög sterkan hóp og reyndar eru öll liðin í úrslitakeppninni áþekkt.“

Einar Jónsson, aðstoðarþjálfari Fram, segist vonast til þess að misjafnt gengi liðsins eftir áramót verði til þess að menn mæti af fullum krafti í leikinn í kvöld.

„Það er óhætt að segja að við vorum á lítilli siglingu eftir áramót og við vorum síðastir til að tryggja okkur úrslitakeppnina. En mér líður vel á Ásvöllum og hef ekki tapað oft þar. Við ætlum ekki að breyta því nú. Við unnum ekki að breyta þessum hjóla þar síðast og erum taplausir þar í vetur.“

- esá

BONUS BONUS BONUS BONUS



ÁLEGG Í BRÉFI FRÁ KJARNAFÆÐI

HANGIÁLEGG	2.698 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.998 KR./KG.
SKINKA 1. FL.....	1.798 KR./KG.	MERKT VERÐ 1.998 KR./KG.
SPÆGIPYLSA.....	1.998 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.220 KR./KG.
LAMBARÚLLUPYLSA	1.798 KR./KG.	MERKT VERÐ 1.998 KR./KG.
LÉTTREYKT BRAUÐSKINKA	1.198 KR./KG.	MERKT VERÐ 1.331 KR./KG.
PEPPERONI	2.248 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.498 KR./KG.
STERKT PEPPERONI.....	2.248 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.498 KR./KG.
HAMBORGARHRYGGUR.....	2.248 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.498 KR./KG.
KJÚKLINGAÁLEGG	2.248 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.498 KR./KG.
REYKT KJÚKLINGAÁLEGG.....	2.248 KR./KG.	MERKT VERÐ 2.498 KR./KG.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

OPÍÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu

Arsenal - Villarreal	3-0
1-0 Theo Walcott (10.), 2-0 Emmanuel Adebayor (60.), 3-0 Robin van Persie (69.)	
Porto - Manchester United	0-1
0-1 Cristiano Ronaldo (6.)	

Danska bikarkeppnin

Brøndby - Álaborg	3-3
Stéfán Gíslason lék allan leikinn með Brøndby. Þetta var fyrri leikur liðanna í undanúrslitum.	

Sænska úrvalsdeildin

Häcken - IFK Gautaborg	4-1
Ragnar Sigurðsson spilaði allan leikinn en Hjalmar Jónsson sat á bekknum hjá IFK.	
Djurgården - Gefle	0-0
Halmstad - Brommapojkarna	0-1

Þýska úrvalsdeildin

Kiel - Stralsunder	32-20
Alfred Gíslason er þjálfari Kiel sem vantar aðeins eitt stig til að tryggja sér titilinn.	
Nordhorn - Grosswallstadt	32-27
Einar Hólmgeirsson skoraði fjögur mörk.	

Spænska úrvalsdeildin

Portland San Antonio - Ciudad Real	19-26
Ólafur Stefánsson skoraði 5 mörk, 4 úr vítum	

Danska úrvalsdeildin

Álaborg - FC Kaupmannahöfn	35-31
kjern - Nordsjælland	35-28
Gísli Kristjánsson skoraði 3 mörk fyrir Nordsjælland.	
Federicia - GOG Svendborg	19-34
Ásgeir Hallgrímsson skoraði 4 mörk fyrir GOG.	



STYTTIST Í MÓTIÐ Tæpur mánuður er í fyrsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sjónvarpsleikir á Stöð2 Sport: Sjö í beinni á fimmtán dögum

FÓTBOLTI Stöð2 Sport er búin að ákveða hvaða leikir verða í beinni útsendingu í fjórum fyrstu umferðum úrvalsdeildar karla í fótbolta í sumar. Stöðvar2-menn sýna sjö leiki í beinni á fyrstu fimmtán dögum tímabilsins.

Fyrsta beina útsendingin verður frá opunarleik KR og Fjölnis sem fer fram klukkan 17.15 sunnudaginn 10. maí. - 66j

Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

1. umferð:	
10. maí KR-Fjölnir	Klukkan: 17.15
11. maí Keflavík-FH	19.15
2. umferð:	
14. maí Fylkir-Keflavík	20.00
3. umferð:	
17. maí Stjarnan - ÍBV	20.00
18. maí Breiðablik - FH	20.00
4. umferð:	
23. maí Keflavík - Fram	15.00
25. maí Valur - Grindavík	20.00

Stórbrotið sigurmark hjá Ronaldo

Ensku liðin Manchester United og Arsenal mætast í undanúrslitum Meistaradeildarinnar eftir góða sigra í seinni leikjum sínum í 8 liða úrslitunum í gær. Alex Ferguson, stjóri United, setti met í Meistaradeildinni.

FÓTBOLTI Það verður enskt lið í úrslitaleik Meistaradeildarinnar ár eftir að ljóst varð að Arsenal og Manchester United myndu mætast í undanúrslitunum. Bæði liðin gerðu jafntefli í fyrri leikjum sínum en sigur þeirra í gær voru aldrei í mikilli hættu.

Manchester United hélt hreinu í fyrsta sinn í sex leikjum með 1-0 sigri á Porto í Portúgal. Manchester United vann því 3-2 samanlagt.

Það þurfti landa Porto-manna til þess að tryggja ensku liði sinn fyrsta sigur á Porto í Portúgal. Cristiano Ronaldo svaraði gagnrýni stjóra síns með því að skora stórbrotið sigurmark strax í upphafi leiks. Ronaldo lét þá vaða af um 35 metra færi og boltinn þandi út netmóskvanna. Markið kom strax á sjöttu mínútu og létti mikill pressu af United-liðinu.

Kom þeim algjörlega á óvart

„Ronaldo hitti boltann frábærlega og hann kom þeim algjörlega á óvart. Markvörðurinn þeirra átti aldrei möguleika,” sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, eftir leikinn.

Manchester United hélt hreinu í fyrsta sinn síðan 11. mars þegar liðið vann 2-0 sigur á Inter í Meistaradeildinni. Síðan þá hafði liðið fengið á sig 11 mörk í 5 leikjum og það var því skiljanlegt að Ferguson fagnaði því að liðið hélt loksins hreinu.

„Mínir menn spiluðu vel. Góð einbeiting í vörnninni var lykhillinn að þessu og það er mjög mikilvægt að halda aftur hreinu. Það skipti liðið miklu máli að fá aftur stöðugleika í vörnina og því var gott að Ferdinand og Vidic gátu aftur spilað saman,” sagði Ferguson.

Ég sá engin hættuleg færi

Porto-liðið ógnaði ekki mikið í leiknum en þó kom það fyrir að það ætti ágætar sóknir inni, á milli ekki sist vegna mistaka bakvarðarins Patrice Evra í vörninni.

„Ég sá engin hættuleg færi hjá þeim. Við höldum þeim algjörlega í skefjum og ég hafði ekki áhyggjur af neinum sóknum hjá Porto,” sagði Ferguson en þar sem staðan var aðeins 1-0 þurftu Porto-menn aðeins að skora eitt mark.

Það mark kom þó aldrei og United tryggði stjóra sínum nýtt met. Hann er fyrsti maðurinn til að koma liði í sjötta sinn í undanúrslit Meistaradeildarinnar.

Arsenal-liðið vann sannfærandi 3-0 sigur á Villarreal sem átti

litla möguleika á móti frísku Arsenal-liði sem er til alls líklegt á lokaspættunum.

Arsene Wenger þurfti að skipta út fimm mönnum vegna meiðsla og veikinda en það kom ekki að sök.

Theo Walcott átti frábæran leik og skoraði einnig fyrsta mark

SVONA EINFALT Cristiano Ronaldo fagnar markinu sínu.



SIGURDANS Leikmenn Arsenal fagna einu þriggja marka sinna. NORDICPHOTOS/AFP



STÓRKOSTLEGT MARK Cristiano Ronaldo sést hér skora sigurmarkið sitt í gær. NORDICPHOTOS/AFP

bætti við öðru marki á 60. mínútu eftir sendingu frá Robin van Persie.

Nú mínútum síðar var staðan orðin 3-0 eftir að Robin van Persie skoraði úr umdeildri vítaspyrnu sem dæmd var fyrir brot á Walcott. Villarreal-menn voru mjög ósáttir og á endanum var Sebastian Eguren rekinn útaf.

„Það var mjög mikilvægt að skora snemma og halda pressunni á þeim. Það tókst. 3-0 eru sanngjörn úrslit en auðvitað hefðum við getað skorað fleiri mörk,” sagði Cesc Fabregas, fyrirlíði Arsenal eftir

leikinn. Fabregas hefur lagt upp mörg mörk síðan hann snéri aftur eftir meiðsla og Arsenal hefur enn ekki tapað þegar hann ber fyrirliðabandið.

Krefjandi að mæta United

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var sáttur í leikslok. „Það var mikilvægt að verjast vel og þegar við unnum boltann sýndum við hversu fljótir við erum. Þar lá munurinn á liðunum,” sagði Wenger og hann fagnar því að mæta Englandsmesturunum í undanúrslitunum.

„Það verður spennandi að mæta Manchester. Þetta er krefjandi verkefni en við erum hrifnastir af því að takast á við stóru og erfiðu verkefni,” sagði Wenger.

Undanúrslitaleiki Manchester United og Arsenal fara fram 29. apríl og 5. maí. Fyrri leikurinn fer fram á Old Trafford en sá síðari á Emirates-leikvanginum.

ooj@frettabladid.is

Fannar Ólafsson er fyrstur til að vinna tvo Íslandsmeistaratitla með tveimur félögum:

Fyrirliðinn fór í sögubækurnar

KÖRUFOLTI Fannar Ólafsson, fyrirlíði Íslandsmeistarara KR í Iceland Express deild karla, skrifaði sig inn í sögubækurnar á mánudaginn með því að verða fyrsti leikmaðurinn sem vinnur tvo Íslandsmeistaratitla með tveimur félögum í úrslitakeppni. Fannar varð þarna Íslandsmeistarari í annað skiptið á þremur árum með Vesturbæjarliðinu en hann varð einnig tvisvar sinnur Íslandsmeistari með Keflavík – 1999 og 2004.

Fannar átti frábæran leik í Grindavík í fjórða leiknum þegar KR-ingar tryggðu sér oddaleik. Hann þekkir þessa stöðu manna best og hefur margoft komið sterkur upp þegar lið hans þarf á honum að halda. Þetta var líka níunda serían í úrslitakeppni þar sem lið Fannars lendir undir en



KUNNI AÐ FAGNA Fannar Ólafsson fór á kostum þegar KR-ingar fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

kemur til baka og vinnur. Hann hefur sem dæmi lent undir í öllum þessum fjórum úrslita-

einvígum þar sem hann hefur orðið Íslandsmeistari. Í raun má segja að hann hafi komið til baka í tíunda skiptið því Keflavík lenti tvisvar sinnur undir á móti Grindavík í undanúrslitunum árið 2004.

Fannar er einn af sjö leikmönnum sem hafa orðið Íslandsmeistarar með tveimur félögum síðan úrslitakeppni úrvalsdeildar karla var tekin upp árið 1984. Hinir sex hafa allir bara unnið einn titil með öðru eða báðum félögum. Þessir leikmenn eru: Ingimar Jónsson (Njarðvík og Haukar), Axel Nikulás-son (Keflavík og KR), Brynjar og Hjörtur Harðarsynir (Keflavík og Grindavík), Jónatan Bow (Keflavík og KR) og Halldór Rúnar Karlsson (Keflavík og Njarðvík). - 66j

TEPPI Á STIGAGANGINN



GÓLFEFNI, ÞEKKING, ÞJÓNUSTA

Stepp ehf. Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

Vegna mistaka birtist röng auglýsing í blaðinu í gær!

Aðalfundur 2008

Aðalfundur Íþróttafélagsins Fylkis og allra deilda þess verður haldinn í Fylkishöll miðvikudaginn 29. apríl 2009 kl. 20.30.

Dagskrá;
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórn Íþróttafélagsins Fylkis.





Nýtt tákn um gæði

Við erum á tánum í dag – fyrir þig



-13%

Ford Fiesta Trend (R0751)
1,4 bensín beinskiptur 5 dyra.
Skrd. 05/2007. Ek. 50.000 km.
Ásett verð 1.820.000 kr.
Afsáttur 230.000 kr.
Tilboðsverð 1.590.000 kr.

Ný dæmi um verð og gæði

Nýtum það sem við eigum
Endurnýtum gjaldeyrinn
Komdu í Brimborg í dag

Ford Mustang er 45 ára á morgun, föstudag 17. apríl, sýning 18. apríl.
Laugardagurinn 18. apríl: Mustang sýning

Íslenski Mustang klúbburinn sýnir vel valda Mustang í Brimborg, Bíldshöfða 6, á laugardaginn milli kl. 10 og 16, frítt inn. Komdu og skoðuðu Mustang. Skoðuðu mustang.is. Alltaf gaman að skoða fallega bíla. Taktu börnin með.



kaupa nýjan eða notaðan

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.

-12%



Ford Mondeo Ghia (PP129)
2,0 benín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, upph. framsæti, upph. framrúða ofl.
Skrd. 09/2005. Ek. 34.000 km.
Ásett verð 2.250.000 kr.
Afsáttur 260.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

-10%



Ford Focus Trend (Y1484)
1,6 bensín sjálfskiptur station.
16" álfelgur, upphitanleg framrúða ofl.
Skrd. 09/2005. Ek. 27.000 km.
Ásett verð 2.190.000 kr.
Afsáttur 220.000 kr.
Tilboðsverð 1.970.000 kr.

Nýr sýningarbíll -7%



Ford Escape XLS AWD (HMA06)
2,3 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, loftkæling, þverbogar ofl.
Óskræður sýningarbíll
Kostar nýr 5.120.000 kr.
Afsáttur 350.000 kr.
Tilboðsverð 4.770.000 kr.

-10%



Ford C-MAX Trend (DZ726)
2,0 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Upphitanleg framsæti, rafdr. rúður, loftkæling ofl.
Skrd. 11/2006. Ek. 33.000 km.
Ásett verð 2.650.000 kr.
Afsáttur 265.000 kr.
Tilboðsverð 2.385.000 kr.

Nýr sýningarbíll -11%



Ford Fusion Trend (UEM15)
1,4TDCi dísil beinskiptur 5 dyra.
Óskræður sýningarbíll
Kostar nýr 2.920.000 kr.
Afsáttur 322.000 kr.
Tilboðsverð 2.598.000 kr.

-13%



Ford Escape XLS AWD (AL858)
2,3 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
15" álfelgur, loftkæling, dráttarbeisli ofl.
Skrd. 12/2004. Ek. 60.000 km.
Ásett verð 2.290.000 kr.
Afsáttur 300.000 kr.
Tilboðsverð 1.990.000 kr.

-13%



Ford Galaxy Trend (SF309)
1,9TDi dísil beinskiptur 7 manna.
Innbyggðir barnastólar, skyggðar afturrúður ofl.
Skrd. 03/2006. Ek. 39.000 km.
Ásett verð 3.330.000 kr.
Afsáttur 440.000 kr.
Tilboðsverð 2.890.000 kr.

-13%



Ford Escape XLT AWD (BA403)
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, hraðastíllir, dökkklitar rúður ofl.
Skrd. 06/2005. Ek. 59.000 km.
Ásett verð 2.620.000 kr.
Afsáttur 330.000 kr.
Tilboðsverð 2.290.000 kr.

Semdu við okkur um gott verð

Notað
Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með

Við erum á tánum fyrir þig í dag.

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins. Komdu í Brimborg í dag.



Aflaðu þér frekari upplýsinga notadir.brimborg.is

Áfram Ísland



Öruggur staður til að vera á

> Sarah Chalke

„Háir hælur og góður augnblyantur er það eina sem dr. Elliot Reid þarf til lækna þá sjúku.“

Chalke fer með hlutverk dr. Elliot Reid í gamanþættinum Nýgræðingar sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.

**dagskrá****VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HEILLAST AF LITRÍKRI ÆVI JÓRUNNAR VIÐAR**
Töfrandi tónar og hrífandi myndataka

Á páskadag var sýnd í Ríkissjónvarpinu heimildarmynd Ara Alexanders Ergis um tónskáldið og tónlistarkonuna Jórunni Viðar. Þátturinn greip áhorfandann á fyrstu sekúndunum með heillandi myndatöku af íslenskum sveitavegi sveipuðum í þoku og lofaði góðu um framhaldið.

Jórunn Viðar hefur átt viðburðaríka ævi sem hún rekur í stórum dráttum í þættinum. Hún fæddist í Reykjavík árið 1918, dóttir hjónanna Einars og Katrínar Viðar. Faðir hennar var söngvari og móðir hennar pianóleikari og -kennari. Skemmtilegt var að heyra Jórunni lýsa því hvernig hún lærði á pianó en ekki virtist auðsött að fá kennslu hjá móður hennar, sem var mjög upptekin kona. Jórunn lærði því meðal annars með því að hlusta á móður sína kenna öðrum börnum en þó fór svo að Jórunn sjálf fékk kennslu.

Hún útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1937. Sama ár sigldi hún til Þýskalands, þar sem hún nam tónsmíðar við Tónlistarakademíuna í Berlín í tvo vetur. Áhugavert var að heyra



Jórunni lýsa Þýskalandi þess tíma og bráðfyndin sagan af ferð hennar á hárgreiðslustofuna þar sem haldin var sýning á henni því hún var með náttúrulegt platínuljóst hár sem þá var orðið eftirsótt.

Jórunn sneri heim til Íslands í júlímánaði 1939. Hún giftist Lárusi Fjeldsted (1918-1985) sem var þá laganemi en varð síðar forstjóri í Reykjavík. Árin 1943 til 1946 dvöldu Jórunn og Larus í New York með fyrsta barn sitt af þeim þremur sem þau eignuðust yfir ævina. Þar lagði Jórunn stund á frekara nám í tónsmíðum við Juilliard-skólann. Eftir að heim var komið stundaði Jórunn tónsmíðar og starfaði sem einleikari og undirleikari á pianó.

Jórunn var lengi vel eina konan í Tónskáldafélagi Íslands. Hún hefur samið fjölda tónverka yfir ævina. Hún samdi til að mynda tónlist við kvikmyndina Síðasta bæinn í dalnum. Meðal annarra þekkra verka eru jólalöggin Jól og Það á að gefa börnum brauð, Kall sat undir kletti, Unglingurinn í skógnum við texta Halldórs Laxness og ballettinn Eldur.

FIMMUDAGUR

18.40 Man. City – Hamburg. beint
STÖÐ 2 SPORT



20.30 The Office SKJÁREINN



20.50 The Mentalist STÖÐ 2



21.00 Skins STÖÐ 2 EXTRA



21.15 Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 15.50 Kiljan (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Að flauta mál sitt (e)
- 17.45 Sprikla (3:6)
- 18.00 Stundin okkar (e)
- 18.30 Dansað á fákspor! Þáttaröð um Meistararmót Norðurlands í hestáþróttum. Umsjónarmaður er Steinn Ármann Magnússon.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Alþingiskosningar - Borgarafundur Bein útsending frá opnum borgarafundum á Akureyri.
- 21.15 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives V) Ný sýrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þær sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.20 Nýgræðingar (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækinn J.D. Dorian og ótrúlegar upptökur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólk hið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk leika Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
- 22.45 Sommer (Sommer) (19:20) (e)
- 23.45 Alþingiskosningar - Borgarafundur Upptaka frá opnum borgarafundi á Akureyri í kvöld.
- 01.15 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Snow Wonder
- 10.00 Zathura: A Space Adventure
- 12.00 Good Night, and Good Luck
- 14.00 Accepted
- 16.00 Snow Wonder
- 18.00 Zathura: A Space Adventure
- 20.00 Good Night, and Good Luck Sannsgögleg mynd í leikstjórn George Clooney um fréttamanninn Edward Murrow.
- 22.00 Out for a Kill
- 00.00 North Country
- 02.05 U.S. Seals II
- 04.00 Out for a Kill
- 06.00 The Things About My Folks

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Stóra teiknimyndastundin, Lalli, Litla risaeölan og Bratz.
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu forni
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (293:300)
- 10.15 Sisters (28:28)
- 11.05 Burn Notice (9:13)
- 11.50 60 mínútur
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Hollyoaks (169:260)
- 13.25 Wings of Love (44:120)
- 14.10 Wings of Love (45:120)
- 14.55 Ally McBeal (21:24)
- 15.40 Háheimar
- 16.03 A.T.O.M.
- 16.23 Bratz
- 16.43 Stóra teiknimyndastundin
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (11:23)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.05 Veður
- 19.10 Markaðurinn með Birni Inga
- 19.40 The Simpsons (16:20)
- 20.05 Hell's Kitchen
- 20.50 The Mentalist (10:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsiligan feril að baki við að leysa flókin glæpamála með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki sist fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.
- 21.35 Twenty Four (12:24) Ný ögn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfstöðva sá eini sem er fær um að bjarga málanum.
- 22.20 Tomorrow Never Dies James Bond glímir við fjölmiðlarísann Elliot Carver sem hyggur á heimsyfirráð. Þetta er átjándi myndin um njónnara hennar hátignar og Bond hefur aldrei verið betri.
- 00.15 House of the Dead
- 01.45 One Last Ride
- 03.10 H
- 05.00 The Simpsons (16:20)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Meistaradeild Evrópu - Meistararamörk Allir leikimír, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
- 07.20 Meistaradeild Evrópu - Meistararamörk
- 07.40 Meistaradeild Evrópu - Meistararamörk
- 08.00 Meistaradeild Evrópu - Meistararamörk
- 08.20 Meistaradeild Evrópu - Meistararamörk
- 15.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar
- 16.15 Inside the PGA Tour 2009
- 16.40 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur.
- 18.20 Meistaradeild Evrópu - Meistararamörk
- 18.40 Man. City - Hamburg Bein útsending frá leik Manchester City og Hamburger Sport-Verein í Evrópukeppni félagsliða.
- 20.45 F1: Við rásmarkíð Hitað upp fyrir keppni helgarinnar. Sérfræðingar ásamt Gunnlaugi Rögnvaldssyni leiða áhorfendur í gegnum undirbúning liðanna.
- 21.15 NBA tilþríf
- 21.45 HSBC Asian Golf Boom
- 22.15 Man. City - Hamburg Útsending frá leik í Evrópukeppni félagsliða.
- 23.55 F1: Við rásmarkíð

SPORT 2 enski boltinn

- 15.40 Portsmouth - WBA Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni
- 17.20 Chelsea - Bolton Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.00 Markaðurinn Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþríf á einum stað.
- 20.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
- 20.30 Goals of the season Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
- 21.30 4 4 2 Heimur Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
- 22.40 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markapætti.
- 23.10 Tottenham - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 07.10 Nýtt útlit (5:10) (e)
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Óstöðvandi tónlist
- 12.00 Nýtt útlit (5:10) (e)
- 12.50 Óstöðvandi tónlist
- 18.10 Rachael Ray
- 18.55 The Game (14:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærstur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
- 19.20 Game Tívi (11:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jónsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
- 20.00 All of Us (1:22)
- 20.30 The Office (14:19) Bandarísk gamanseria sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael hrífst af fyrirsætu sem hann sér í vörulista og íhugar að hætta með Jen. Á meðan Michael er annars hugar stefnir í stríð vegna bílastæða og uppgjör er óumfýjanlegt.
- 21.00 Boston Legal (7:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Alan Shore og Denny Crane fara í mál við stjórnvöld eftir að kúabóndinn Carol Hober sem vill láta kanna alla hjörðina sína til að útiloka gin og klaufaveiki.
- 21.50 Law & Order: Criminal Intent (4:22) Bandarísk sakamálaseria þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Ritöfundur vaknar eftir ástarleiki með tveimur stúlkum í mótelherbergi og kemst að því að önnur stúlkann er dauð en hin er horfin.
- 22.40 Jay Leno
- 23.30 America's Next Top Model (4:13) (e)
- 00.20 Painkiller Jane (9:22) (e)
- 01.10 Óstöðvandi tónlist



20.00 Hrafnajungur Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Á fimmtudegi eru menn á öndverðum meiði um stjórnmalin.

21.00 Blátt áfram Sigríður Björnsdóttir ræðir um forvarnir.

21.30 Frumkvöðlar Elinóra Inga Sigurðardóttir ræðir við frumkvöðla um hugvit og uppfinningar.

Dagskrá INN er endurtekín um helgar og allan sólarhringinn



Dagskrá allan sólarhringinn.

Sólning býður nú ál- og krómfelgur með miklum afslætti út apríl

Sólning býður að auki eitt landsins mesta úrval af sumardekkjum frá viðurkenndum framleiðendum.



Krómfelgur 25% afsláttur!
Álfelgur 20% afsláttur!

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722

SÓLNING

BARÐINN

Skútuvegur 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.05

Hell's Kitchen

Íslandsvinurinn og sjónvarpskokkurinn ógurlegi, Gordon Ramsey, er nú mættur í fjórða sinn og nú svalari en nokkru sinni fyrr. Hann er snillingur í að etja saman efnilegum áhugamönnum um matreiðslu í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi. Ramsey notar auðvitað hvert tækifæri til að niðurlægja og húðskamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

VIÐ MÆLUM MED

All of Us, NÝTT

Skjáreinn kl. 20.30

Robert og Neesee eru fráskilin en eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd. Í síðustu þáttaröð flutti Neesee aftur inn til Roberts eftir að íbúðin hennar brann. Þá reyndist erfitt fyrir Robert að næla sér í nýja dömu sem gæti sýnt því skilning að hann byggi með fyrrverandi eiginkonu sinni. Nú halda þau áfram að freista þess að finna ástina á ný.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Litla flugan
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútlavarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Vítt og breitt

- 14.03 Andrarímur
- 15.03 Útlavarpssagan: Blátt og rautt
- 15.30 Gullmolar úr hljóðritasafninu
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregnir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 19.00 Úr gullkistunni
- 19.27 Tónlistarkvöld Útlavarpssins
- 22.07 Veðurfregnir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Útlavarpssperlur: Gunnar Óskarsson 12 ára
- 23.10 Tónleikur
- 00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útlavarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útlavarp Latibær / Fjöl skyldu útlavarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útlavarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (168:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (169:260)

17.00 Seinfeld (6:22)

17.30 Lucky Louie (13:13)

18.00 Skins (8:9)

19.00 Hollyoaks (168:260)

19.30 Hollyoaks (169:260)

20.00 Seinfeld (6:22) Jerry Seinfeld er uppistandan sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

20.30 Lucky Louie (13:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumóramanninn Louie og hans skrautlega fjöl skyldulíf.

21.00 Skins (8:9) Átakanleg bresk sería um hóp unglunga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eituryfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglungum í dag.

22.00 Gossip Girl (11:25) Þættir byggðir á samnefndum metsöluþótti sem fjalla um líf ungra, fordekradra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hvernjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.

22.45 The Closer (1:15) Brenda Leigh Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan lögreglunnar í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.

23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.15 The Inspector Lynley Mysteries **11.00** The Inspector Lynley Mysteries **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** The Black Adder **14.35** The Weakest Link **15.20** The Inspector Lynley Mysteries **16.05** The Inspector Lynley Mysteries **16.50** EastEnders **17.20** The Weakest Link **18.05** My Hero **18.35** The Black Adder **19.10** State of Play **20.00** Waking the Dead **20.50** Waking the Dead **21.40** My Hero **22.10** The Black Adder **22.45** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Mission. Baby **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Mille **15.00** Lloyd i Rummet **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Veiret **17.30** Rabatten **18.00** Min italienske drøm **19.00** TV Avisen **19.25** Jersid Live **19.50** SportNyt **20.00** Calcium kid **21.25** Backstage **21.55** Naruto Uncut **22.20** Boogie Mix

NRK1

10.00 NRK nyheter **10.10** Forbrukerinspektøren **10.35** Ut i naturen **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboen løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I særhellina **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjertet **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sørenes ønskestøvler **16.05** Fritt fram **16.35** Suppeopera **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers kalt **17.55** Pakket og klart **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Menneskejegeren **20.20** Folk i farta **20.50** Du skal høre mye... mer **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Louis Theroux **22.45** Spooks **23.35**

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Sá ska det láta **11.05** Andra Avenyn **13.00** Vem tror du att du är? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Málama **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Tre Kronor live. Czech Hockey Games **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Plus **19.30** Þá liv och död **20.00** Debatt **20.45** Kulturyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Packat & klart **22.30** Tónársli **23.00** Sändningar frá SVT24

Iceland Express

skemmtilegri

IDOL STJÖRNULEIT Á MORGUN KL. 20:00

ÞEIR SJÖ KEPPENDUR SEM EFTIR STANDA RÍFA UPP STEMMINGUNA ÞEGAR ÞAU FLYTJA ABBA, QUEEN, BOWIE OG DÚNDRANDI DISKÓ

TVÖFÖLD SÖNGVEISLA Á STÖÐ 2

SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

Í OPINNI DAGSKRÁ Á LAUGARDAG KL. 20:00

ALLAR HELSTU SÖNGSTJÖRNUR ÍSLANDS HAVA STIGIÐ SÍN FYRSTU SPOR Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA. NÝ STJARNA VERÐUR KRÝND Á LAUGARDAGINN.

OUTLET CENTER

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰ LAUGARDAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰ SUNNUDAGA 12⁰⁰ - 17⁰⁰
OUTLET CENTER • FAXAFEN 8 • SÍMI 534 4450



BEE& BEE HLÝRABOLUR
St:xs-xl Verð: **990,-**



MIKIÐ ÚRVAL AF KÓSÝ PEYSUM
Verð frá: **2.990,-**



HETTUPEYSUR DÖMU OG HERRA
St:xxs-l Verð áður: **2.490,-** Verð nú: **990,-**



LEVI'S BUXUR HERRA
Verð áður: **4.990,-** Verð nú: **3.990,-**

ÍPRÓTTABUXUR DÖMU OG HERRA

St:s-xxxxl Verð: **2.990,-**

SPINAIR HERRA BOLIR St:xs-xl

Verð áður: **690** Verð nú: **499**

VALDAR VÖRUR Á 500 KR MJÖG MIKIÐ ÚRVAL



**CHICCO REGNHLÍFARKERRA
MEÐ POKA OG REGNSLÁ.**

Áðeins: **9.999,-**

KLINKIÐ

LÁGVÖRUMARKAÐUR

...ótrúleg verð

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰

LAUGARDAGA 10⁰⁰- 18⁰⁰

SUNNUDAGA 12⁰⁰ - 17⁰⁰



**HUGGIES BLAUTPÚRRKUR
4 STÓRIR PAKKAR SAMAN.**

Áðeins: **1.199,-**

**KLÓSETTRÚLLUR 4 Í PAKKA AÐEINS 99,- HÁTALARI FYRIR IPOD OG MP3 SPILARA. AÐEINS 999,-
GARN ÝMSAR TEGUNDIR 50 GRAMMA DOKKUR 299,- SUPERGLUE 3 Í PAKKA 199,- TRÉLÍM 199,-
9" MÁLNINGARRÚLLA 199,- 2 X 9" ÁFYLLINGAR 199,- MÁLNINGARBAKKI 199,-
50 STK EINNOTA HANSKAR 199,- 18 STK. BÍLAÖRYGGI 199,- MIKIÐ ÚRVAL AF PLASTÍLÁTUM FRÁ 99,-
FULLT AFLITLUM BLÓMAPOTTUM AF ÝMSUM GERÐUM Á 49,- OG 99,- LJÓSMYNDAPAPPÍR 3 STÆRÐIR 199,-
MIKIÐ ÚRVAL AF HÁRBURSTUM Á 199,- MIKIÐ ÚRVAL AF HUNDA OG KATTADÓTI**

ERUM MEÐ GOTT ÚRVAL AF CHICCO VÖRUM Á GÓÐU VERÐI OG FLEIRI VÖRUR VÆNTANLEGAR.

FULLT AF SKEMMTILEGRI OG NYTSAMRI VÖRU Á 199,- KOMDU, SJÁÐU OG SPÁÐU Í VERÐIÐ...

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIADSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands



Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Sigur raunveruleikans

Það er eins og að fara um borg sem er að koma úr löngu stríði að fara um Reykjavík. Miðborgin er full af niðurgrottnandi og auðum húsum sem áttu að víkja fyrir nýjum frábærum húsum og verslunum. Svo er það allt þetta hálfbyggða og risastóra: Turninn í Höfðaborg sem gnæfir yfir nágrenni sitt eins og tannlaus fáviti og tónleikahöllin hans Björgólfs. Það kveikir eflaust vonarneista vegfarenda um Sæbraut að sjá kranana við ferlikið hreyfast. Oftast er þó hrafnapiði á krönumum eina lífsmarkið.

FARI maður lengra og út í úthverfin blasa við flennistór líflaus hverfi. Óseldar íbúðir, grunnar og tómar lóðir svo þúsundum skiptir. Ekki skil ég hver átti eiginlega að búa í öllum þessum húsum. Geimverur? Innflutt vinnuafli til að byggja álverið á Þingvöllum? Hugsaði enginn út í þetta? Óskruðu menn bara upptjúnaðir: Fokk itt, nú skulum við BYGGJA!!! og settu svo allt í gang?

PAD sem íbúar Aumalandsins eru að ganga í gegnum núna er stórsigur raunveruleikans. Við vorum aldrei í alvörunni að verða Dubai norðursins. Þetta er niðurlægjandi ósigur draumanna. Draumóramenn með yfirþyrmandi yfirdráttarlán með veði í framtíð þjóðarinnar ráfa nú um heimili sín með úfið hár á náttfötunum. Fífl með fáránlegar hugmyndir, sem okkur leist náttúrlega rosa vel á þegar við vorum með óráði.

Í rústumum ylja ég mér við drauminn eins og hann birtist í nýlegum en þó ævagömlum kynningarbæklingum frá Höfðatorgi, tónlistar- og ráðstefnuhöllinni og Þekkingarsamfélaginu í Vatnsmýri, eða hvað sem það hét. Það er alltaf gott veður í þessum bæklingum og þar má lesa fagurgala um framtíð þar sem listir, viðskipti, mannlíf og verslun mætast í rjómalagaðri sætsúpu. Fallett ungt fólk drekkur latté úr götumálum og ráfar áhyggjulaust um snrytleg torg sem eru römmuð inn með glæsilegum glerbyggingum og trjágróðri. Ég er auðvitað einn af unga fólkinu, gott ef ekki tággrannur og með hár. „Líf mitt er tær snilld,“ segi ég við gáfaðan útlending, sem er kominn til að leggja draumnum lið. „Ég kíki bara einu sinni á dag á reikninginn minn til að sjá hvað það er búið að hrúgað mikið inn á hann þann daginn.“

EN svo vakna ég á Hlemmi. Það er skítakuldi úti og sandrok. Jæja. Ég er þó allavega ennþá með latté í götumáli.



GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 16. apríl, 106. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.52	13.27	21.05
Akureyri	5.30	13.12	20.57

Heimild: Almanak Háskólans

Fjölskyldan hjólar saman í sumar

dömu/herra

59.900



Giant Experssion BX

Álstell, demparagaffall, sætisdepari, 21 gir, bretti, bögglaberi og ljós.

43.900



Giant Rock

Dömu fjallahjól. Álstell, demparagaffall, 21 gir.

55.900



Giant Boulder

Herra fjallahjól. Álstell, demparagaffall sem hægt er að stilla og læsa, 24 girar.

45.900



Giant Sedona

Dömu comforthjól. Álstell, demparagaffall og dempari í sæti, stillanlegur stýrishalli, 21 gir.

barnahjól

34.900

6-8 ára



Norco Spice

Stelpuhjól. Álstell, 12 girar, standari.

22.900

4-6 ára



Norco Rainbow

Stelpuhjól. Einnig til fyrir 3-4 ára: 19.900.

21.900

4-6 ára



Norco ZX-50

Strákahjól.

37.900

8-10 ára



Norco Detonator

Strákahjól. Álstell, 18 girar, standari.



MARKIÐ

www.markid.is • Sími 553 5320 • Ármúla 40